

# Fönn, fönn, fönn

Um þrjú þúsund manns skemmtu sér konunglega í Royal Albert Hall í í fyrrakvöld þar sem Stuðmenn léku á als oddi eins og þeim er einum lagið.

SÍÐA 28 ▶



Veldu ódýrt bensín + ávinning!

Kvittun fylgir ávinningur!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. mars 2005 – 82. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR




**BYLTING Í KIRGISISTAN** Stjórnarbylting var gerð í Kirgisistan á fimmtudaginn og hafa leiðtogar byltingarinnar þegar skipað nýja ríkisstjórn. Boðað hefur verið til kosninga í júní. **Sjá síðu 4**

**SKILYRTUR STYRKUR** Stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands undirstað að 2,2 milljóna króna styrkur frá ríkinu sé skilyrtur. **Sjá síðu 2**

**ÓTTAST HRYÐJUVERK** Óttast er að hryðjuverkamenn láti til skaras skriða þegar Karl Bretaprins og Camilla Parker-Bowles gifta sig í næsta mánuði. **Sjá síðu 2**

**KEYPTU Í INTRUM** Burðarás hefur eignast 4,5 prósentu eignarhlut í Intrum Justitia, sem er skráð í sænsku kauphöllinni. Burðarás á nú um tveggja milljarða króna hlut í Intrum. **Sjá síðu 4**

### VEDRID Í DAG



**FREMUR HÆG SUNNANÁTT** í dag og rigning um sunnanvert landið. Annars skýjað með köflum og hlýtt í veðri. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**LEIKID GEGN KRÓÓTUM** Íslenska landsliðið í fótbolta mætir Króatíu í undankeppni heimsmeistarakeppninnar. Leikurinn, sem er sýndur beint á Sýn, fer fram í Króatíu og hefst klukkan 17.

Kvikmyndir	44	Myndlist	42
Tónlist	38	Íþróttir	30
Leikhús	42	Sjónvarp	46



**VINIRNIR BOBBY FISCHER OG SÆMUNDUR PÁLSSON** Fischer var harðorður í garð ýmissa manna og málefna á blaðamannafundinum á Hótel Loftleiðum í gær. Sæmundur Pálsson og Ísland fengu þó ekkert nema lof þessa nýja Íslending.

## Fannst ég fyrst frjáls þegar ég sá Sæma

Bobby Fischer sagðist afar sæll með að vera kominn til Íslands. Hann sagðist engar áhyggjur hafa af því að vera eftirlýstur í Bandaríkjunum.

**FISCHER-MÁLID** Bobby Fischer lýsti væntumþykju sinni til Sæmundar Pálssonar á blaðamannafundi sem haldinn var á Hótel Loftleiðum í gær. Fischer sagðist fyrst hafa fundist hann vera frjáls þegar hann sá Sæmund í Kaupmannahöfn.

Fischer kom til landsins með einkabotu á fimmtudagskvöldið. Vel á annað hundrað manns voru á Reykjavíkurlflugvelli þegar botan lenti, þar af fjöldi erlendra sem innlendra fjölmiðlamanna. Fischer gaf þó engum nema Stöð 2 færi á viðtali fyrir en blaðamannafundurinn var haldinn í gær. Á fundinum kvaðst Fischer vera afar sæll með að vera kominn til Íslands.

„Hér er hreint og gott loft, nóg rými og góður matur.“

Bandarísk yfirvöld hafa lýst vonbrigðum yfir ákvörðun íslenskra stjórnvalda að veita Fischer íslenskan ríkisborgarétt. Fischer sagðist ekki hafa áhyggjur af því að vera eftirlýstur í Bandaríkjunum. „Við skulum bara bíða og sjá hvað þeir gera,“ sagði hann.

Hvað framtíðina varðar kvaðst hann helst vilja einbeita sér að því að klára skáklukkuna sem hann væri að hanna og ljúka við bók sem hann hefur lengi unnið að um nýstárlega taflemnsku. Svo ætladi hann að huga að sínum áhuga-

málum eins og ferðalögum og samræðum. Um áform unustu sinnar vildi hann ekki ræða.

Fischer hefur verið gagnrýndur fyrir öfgakenndar skoðanir sínar á ýmsum málefnum. Á fundinum vandaði hann gyðingum ekki kveðjurnar. „Þeir hafa rænt mig eignum mínum,“ sagði hann.

Einar S. Einarsson úr stuðningsnefnd Bobby Fischer hefur gagnrýnt framgöngu Stöðvar 2 við komu skákmeistarans á Reykjavíkurlflugvöll. Hann lýsti því sem svo að engu væri líkara en sjónvarpsstöðin hefði rænt honum svo enginn annar fengi aðgang að honum.

- jse / Sjá síðu 2

Ásökunum vísað á bug:

## Ólafur kom hreint fram

**VIÐSKIPTI** Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, segir Landsbankann snúa hlutum á hvolf þegar bankinn reyni að gera sig að fórnarlambi eftir að hafa reynt fjandamlega yfirtöku á Kerfi. Hann segir hlutafjárukingu stjórnarmanna í Festingu síðlausa.

Samstarfsmenn Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Kers, vísa til föðurhúsanna fullyrðingum Páls Þórs Magnússonar, framkvæmdastjóra Sunds, um óheilbrigða viðskiptahætti Ólafs. Þeir segja samstarfsaðila Ólafs hafa verið upplýsta um stöðu Ólafs í viðskiptum Essó og SÍF. Ólafur hafi víkið af fundi við sölu SÍF á Iceland Seafood og Jóni Kristjánssyni, mági Páls og aðaleiganda Sunds, hafi verið fullkunnugt um alla þætti þeirra viðskipta og um aðkomu Ólafs að hugsanlegum kaupum á Essó.

- hh  
Sjá síðu 6

Rannsókn olíumálsins:

## Niðurstöður í haust

**LÖGREGLUMÁL** „Erfitt er að segja til um hvenær rannsókn lýkur en við erum aðeins byrjaðir að sjá fyrir endann og niðurstöður gætu legið fyrir með haustinu,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, lögfræðingur hjá Ríki slögreglustjóra, um rannsóknina á olíumálinu svokallaða.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

Helgi segir hart unnið að rannsókn málsins en það sé víðamikilið og hafa beri í huga að lögregla hafi orðið að hefja rannsókn sína á málinu alveg frá grunni og ekki getað stuðst að neinu leyti við rannsókn Samkeppnisstofnunar en sú rannsókn var undanfari afskipta lögreglu. Um þrjátíu einstaklingar hafa nú réttarstöðu grunaðra.

- aðe

Hugmyndir fjármálaráðherra um að fasteignagjöld rynnu í jöfnunarsjóð:

## Gjaldfrjáls leikskóli yrði ekki að veruleika

**STJÓRN MÁL** Formanni borgarráðs, Alfreð Þorsteinssyni, líst illa á hugmyndir fjármálaráðherra um að fasteignagjöld af opinberum byggingum renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna.

Geir Haarde fjármálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins á miðvikudaginn að til greina kæmi að fasteignagjöld af opinberum byggingum

rynnu í jöfnunarsjóð. Alfreð Þorsteinsson telur að sú ráðstöfun muni kippa stöðunum undan hugmyndum um gjaldfrjálsan leikskóla.

„Ég er undrandi á viðbrögðum fjármálaráðherra því að samkomulagið sem gert var á milli ríkisins og sveitarfélaganna um tekjustofna var ekki skilyrt að neinu leyti og því ekki á valdi sjálfstæðismanna að segja til um það hvernig einstök

sveitarfélög og þar með talið Reykjavíkurborg ráðstafi sínum tekjum,“ segir Alfreð.

Alfreð bendir á að flokkarnir sem standa að Reykjavíkurlistanum séu sammála um að stefna beri að gjaldfrjálsnum leikskóla. „Ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að hindra efnidir á samkomulaginu sýnist mér vera kominn upp ágreiningur á milli stjórnarflokkanna.“

- shg



Hjálpin fylgir Fréttablaðinu í dag

Rauði kross Íslands



Tími kraftaverka Um páska minnumst við mesta kraftaverks sögunnar. Kraftaverkin má enn finna samkvæmt kirkjunnar mönnum.

◀ SÍÐA 22



Ópera verður til Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson tónskáld hefur verið með óperu í smíðum í félagi við Hallgrím Helga Helgason og Hilmar Oddsson.

◀ SÍÐA 26

**OPIÐ 13-18 Í DAG**

Gleðilega páska!

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA





## SPURNING DAGSINS

Birgir, var föstudagurinn langur hjá þér?

„Nei, ég hittí félagi mína í félagi trúlausra á Hótel Borg þar sem við fengum okkur kaffi. Fór svo á myndina Life of Brian sem Vantrú sýndi um kvöldið.“

Birgir Baldursson er ábyrgðarmaður vefrits sem fjallar um trúmál frá sjónarhóli trúleysinga á slóðinni vantru.net.

Stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands um 2,2 milljóna styrk frá ríkinu:

# Undrast að styrkur sé skilyrtur

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindaskrifstofa Íslands fær skilyrt styrktarfé að upphæð 2,2 milljónir króna frá dómsmálaráðuneytinu. Er það eina féð sem stjórnvöld hafa tryggt skrifstofunni einni, en hún var áður á fjárlögum.

Brynhildur Flóvenz, stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofunnar, segir erfitt að meta af hverju styrkurinn er skilyrtur.

„Auðvitað freistast maður til að halda að stjórnvöldum finnist einfaldlega óþægilegt að svona starfsemi sé í gangi og vilji ekki styðja skrifstofu sem fylgist með þeim,“ segir Brynhildur. Hún bendir á að stjórnvöld hafi ekki kosið að



**BRYNHILDUR FLÓVENZ**  
Stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að með skilyrtum styrk stjórnvalda ráði þau hvað sé tekið fyrir á skrifstofu þeirra.

styrkja umsagnir um lagafrumvörp á Alþingi og skýrslu til Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi hér á landi.

Brynhildur segir að fénu eigi að verja í ritröð sem skrifstofan gefi út, gerð fræðsluefnis og að hluta þýðingu úr Mannréttindasáttmála Evrópu: „Það á ekki að vera á höndum stjórnvalda hvaða verk eru unnin á skrifstofunni og hver ekki.“

Dómsmálaráðuneytið veitti skrifstofunni og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands einnig 650 þúsund króna styrk til að ræða tíu ára afmæli mannréttindaákvæðis stjórnskrárinna. - gag

Dómsmálaráðherra:

# Stjórnvöld í góðri trú

**MANNRÉTTINDI** Stjórnvöld hafa engan ama af starfi Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra.

„Með þessum styrk er ætlunin að auðvelda henni starfið. Þykir mér miður ef styrkveitingin veldur skrifstofunni vandræðum, en ráðuneytið var í góðri trú um að umsóknin tæki mið af þeim verkefnum sem skrifstofan teldi mikilvægt að sinna,“ segir Björn. Valin hafi verið verkefni úr umsókn skrifstofunnar og ákveðið að veita fé til að styrkja þau. - gag

Reykjanes:

## Skothríð á veiðihús

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn um tviugt úr Grindavík brutu tuttugu rúður í veiðiskála og salerni sem stendur í útiþýsi við Djúpavatn sunnan Trölladyngju og Soga á Reykjanesskaga.

Mennirnir skutu með haglabyssum, einni óskráðri, á húsin og fundust þrjátíu tóm haglaskot á vettvangi. Þeir unnu miklar skemmdir á klæðningu skálans með skothríðinni og brutu einnig tvö salerni og tvær hurðir. Lögreglan í Hafnarfirði fer með rannsókn málsins og er henni ekki lokið. - gag

Bobby Fischer:

## Persónulegar svívirðingar

**FISCHER-MÁLID** Á blaðamannafundi Bobby Fischer á Hótel Loftleidum í gær kom til snarprar um ræðu milli Fischers og blaðamanns frá bandarísku íþróttastöðinni ESPN. Átökin voru farin að snúast upp í persónulegar svívirðingar þegar blaðamaðurinn dró sig í hlé vegna geðs-hræringar.

Tildrögin eru þau að blaðamaðurinn, sem er gyðingur og heitir Jeremy Schaap, er sonur Dick Schaap. Fischer sagði að Dick þessi hefði nálgast sig sem föðurlegur vinur en síðan úthúðað sér í ummælum í fjölmiðlum. Fischer gekk svo langt á blaðamannafundinum að kalla hann gyðingandöru. Dögn sló á salinn þegar Jeremy sagði að framkoma Fischers væri ekki til þess fallin að afsanna það sem Dick Schaap hefði sagt um hann. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**TÍU KEYRA OF HRATT** Tíu öku-menn voru teknir á of miklum hraða á Vesturlandsvegi við Borgarnes á fimmtudag. Voru ökumennirnir á 110 til 125 kílómetra hraða.

**KEYRA SNJÓ Í BÆINN** Lögreglan á Ísafirði fylgdist með skíðavíkunni og rokkháttíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin er þar um páskaheggina. Fjölmargir eru í bænum og segir lögreglan allt hafa farið vel fram. Gripa hafi þurft til þess ráðs að keyra snjóinn í bæinn á vörubílum svo hægt sé að leika snjóþetta-kunstir fyrir áhorfendur.

Fréttablaðið:

## Útgáfa á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 29. mars. Afgreiðslan verður opin í dag og á mánudag frá 9 til 17. Hægt verður að fylgjast með fréttum á Vísi. ■



**BOBBY FISCHER Í VIÐTALI HJÁ STÖÐ 2**

Sæmundur Pálsson, Miyoko Watai unnusta Fischers, Bobby Fischer og Ingólfur Bjarni Sigfússon, fréttamaður Stöðvar 2. Stuðningsnefnd segir að fréttamenn Stöðvar 2 hafi nánast rænt Fischer um stundarsakir, rúntað með hann uns allir fjölmiðlar væru farnir og þá setið að honum einir.

# Telja að Stöð 2 hafi rænt Fischer

Stuðningsnefnd gagnrýnir framgöngu Páls Magnússonar, fréttastjóra Stöðvar 2, við komu Bobby Fischer. Nefndarmenn telja Pál hafa reynt að stýra atburðarásinni og nánast rænt Fischer um stundarsakir.

**FISCHER-MÁLID** Framganga Páls Magnússonar, fréttastjóra Stöðvar 2, við komu Bobby Fischer og unnustu hans Miyoko Watai til Reykjavíkurflugvallar í fyrrkvöld er harðlega gagnrýnd í yfirlýsingu frá Einar S. Einarssyni, sem er í stuðningsnefnd Fischers.

Í yfirlýsingu sinni segir að eftir að Fischer hafi verið kominn í mótökubúlinn hafi fréttamenn Stöðvar 2 nánast rænt Fischer um stundarsakir en komið með hann aftur á vettvang þegar allar sjónvarpsstöðvar hafi verið búnar að pakka saman og fara.

„Það hlýtur að vera algjört einsdæmi að fréttamiðill taki atburðarásina í eigin hendur af skipuleggjendum og stýri framvindu atburðar

til að geta setið einn að hitunni,“ segir í yfirlýsingu sinni.

Til stóð af hálfu stuðningsnefndar að heilsa Fischer og veita honum blóm og ríkisfangsbref við þetta tækifæri. Ekkert varð úr því þegar Geir Jón Þórisson yfirlöggluþjónn kom úr einkaþotunni með þau skilaboð að Fischer talaði ekki við neinn vegna mikillar þreytu. Í yfirlýsingu Einarss segir að Geir Jón hafi gert þetta samkvæmt fyrir-mælum Páls.

Spurður segir Geir Jón það hafa verið ósk Fischers sjálf og allra sem í þotunni voru að hann talaði ekki við fjölmiðlamenn við þetta tækifæri. Á blaðamannafundi á Hótel Loftleidum staðfesti Fischer að það hefði verið hans ákvörðun og

allra hlutaðeigandi að hann talaði hvorki við fjölmiðlamenn né stuðningsnefndina við komu sína þar sem hann hefði verið dauðþreyttur.

Heimildarmaður Fréttablaðsins, sem er einn af stuðningsnefndarmönnum, segir að Fischer hafi ekki verið svo þreyttur þegar nefndarmenn loks hittu hann á Hótel Loftleidum. Honum þykir sérkennilegt ef hlífa átti Fischer við amstri vegna þreytu að menn skuli þá hafa rúntað með hann uns fjölmiðlar væru farnir svo hann gæti farið aftur á vettvang í viðtal hjá Stöð 2. Stuðningsnefndin sé þó fyrst og fremst ánægð með að Fischer væri kominn en harmi hve lítil skil sumir fjölmiðlar gátu gert þessum við-burði. - jse

Skálmöldin í Írak:

## Túlkar bíða bana í árás

**BAGDAD, AP** Ekkert lát er á vargöldinni í Írak. Á fimmtudagskvöldið týndu ellefu íraskir lögreglumenn lífi í sjálfsmorðssprengjuárás í borginni Ramadi. Sama kvöld voru fimm konur skotnar til bana í Bagdad en þær höfðu starfað sem túlkar fyrir bandaríska herinn. Þá dó íraskur hermaður í bíl-sprengjuárás í bæ skammt frá Bagdad og í gær fundust lík tveggja hermanna sem á vantaði höfuðið.

Fundum stjórnlagabingsins hefur verið frestað til mánudagsins og eru Írakar orðnir langþreyttir á hversu hægt Kúrdum og sjúm gengur að koma saman ríkisstjórn. ■

Konunglegt brúðkaup:

## Mikill viðbúnaður

**LONDON, AP** Bresk lögregluþyrirvöld vinna nú myrkranna á milli við að skipuleggja öryggis-gæslu við brúðkaup Karls Bretaprins og Camillu Parker-Bowles sem fram fer í næsta mánuði.

Óttast er að hryðjuverkamenn láti þar til skarar skrifa en einnig er gert ráð fyrir fjölmennum mót-mælum. Þar verður að líkindum á ferðinni fólk sem vill að konung-dæmið verði lagt niður svo og óvildarmenn Camillu sem kenna henni um að hafa lagt líf Díónu prinsessu í rúst.

Til að hafa hemil á þessum hóp-um verða mörg hundruð lögreglumenn, leyniskyttur og lífverðir til taks á brúðkaupsdaginn. ■

Furstinn sjúkur:

## Rainier við dauðans dyr

**MÓNAKÓ, AP** Rainier III fursti í Mónakó liggur nú á sóttarsæng á sjúkrahúsi í fursta-dæmi sínu og er vart hugað líf. Í gærkvöldi var hann í öndunarvél og voru lækna-r fámálir um bata-horfur hans.

Rainier hefur verið á sjúkrahúsi síðan í byrjun má-náðarins en á þriðju-daginn elnaði hon-um sóttin og var hann þá fluttur á gjörgæsludeild. Börn furstans og Grace Kelly; þau Albert, Karólína og Stefánía, hafa ekki vikið frá rúmstokki föður síns síðustu daga. Kirkjur í Mónakó voru fullar af fólki í gær sem bað fyrir Rainier, en hann er afar vinsæll á meðal þegna sinna. ■

Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2:

## Segist ekki hafa stýrt atburðarásinni

**FISCHER-MÁLID** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, segir í yfirlýsingu að hann hafi ekki stýrt atburðarásinni á Reykjavíkurflugvelli við komu Bobby Fischer eins og stuðningsmenn Fischers hafa sagt.

„Aðspurður upplýsti ég yfirlöggluþjónn hans vegar um að Bobby Fischer hefði óskað eftir því að fara beint inn á hótél en taka ekki þátt í formlegri mót-tökuathöfn eða veita viðtöl inni á flugvælinum strax eftir lend-ingu,“ segir í yfirlýsingu Páls. „Það liggur aftur á móti í hlutar-ins eðli að Stöð 2 reyndi eftir

fremsta megni að tryggja sér sem bestan aðgang að Bobby Fischer – og helst betri en keppinautanna.“

Fyrirtækið Baugur greiddi fyrir einkaflugvél sem flutti Bobby Fischer og föruneiti hans ásamt fréttastjóra Stöðvar 2 til landsins á fimmtudagskvöld. Páll Magnússon neitaði aðspurður að hafa haft milligöngu um flugvélina. - gag

### FRÉTTASTJÓRINN

Páll segir að hann hafi ekki haft milligöngu um flugvél Baugs. Þeir Sæmundur Pálsson hafi rætt um að fá einkavél. Í ljós hafi komið að forsvarsmenn Baugs voru reiðubúnir að veita afnot af slíkrí vél.







FILEN/SIA F1013481

# Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum ánægjulegra páska!



**Sexfaldur sigurvegari**

ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár

Viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni og hafa verið frá því mælingar hófust.



**SPARISJÓÐURINN**

*– fyrir þig og þína*

[www.spar.is](http://www.spar.is)



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 23.03.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,08	61,38
Sterlingspund GBP	114,92	115,48
Evra EUR	79,69	80,13
Dönsk króna DKK	10,70	10,76
Norsk króna NOK	9,73	9,79
Sænsk króna SEK	8,74	8,79
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR XDR	92,60	93,16

Gengisvísitala krónunnar  
109,53 +2,13%

Heimild: Seðlabanki Íslands

## Bætiefni í matvæli: Umsóknirnar margfaldast

**MATVÆLI** Á annan tug umsókna um leyfi til að setja bætiefni í matvæli hafa borist Umhverfisstofnun eftir að dreifingu Ölgerðarinnar á vítamínþættum Kristal plús var stöðvuð í janúar. Allt árið í fyrra bárust aðeins þrjár umsóknir.

Jóhanna Torfadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að svo virðist sem aðgerðir Umhverfis- og heilbrigðisstofnu að stöðva dreifingu drykkjarins hafi opnað augu fyrirtækja um nauðsyn leyfisins þegar framleiðendur vilja setja vítamín, steinefni og önnur bætiefni í matvæli.



**ÚR MJÓLKUR-  
KÆLI  
VERSLUNAR**  
Flestar umsóknir um bætiefni í matvæli berast vegna drykkja.

Brimborgarlóðin:

## Íbúar furða sig á bænum

**KÓPAVOGUR** Forsvarsmenn íbúa Hjallahverfis í Kópavogi hafa óskað eftir því að bæjaryfirvöld skoði skipulag Dalvegjar í heild sinni.

Íbúarnir lýsa yfir furðu sinni á því að mál Brimborgar, sem keypti græna lóð gróðrarstöðvarinnar Birkihlíð við Dalveg í von um breytt skipulag, sé skoðað af bæjaryfirvöldum en ekki blásið af borðinu, samkvæmt Heiðari Guðnasyni, einum forsvarsmanna.

Íbúarnir hafa sent bæjarfulltrúum bréf í ábyrgðarpósti og óskað eftir skoðun þeirra á málinu og hafa bókað fund með bæjarstjóranum.

Umtalsverð fjárfesting í Svíþjóð:

# Burðarás með hlut í Intrum Justitia

**VÍÐSKIPTI** Burðarás hefur eignast 4,5 prósent eignarhlut í Intrum Justitia, sem er skráð í sænsku kauphöllinni. Burðarás hefur verið að safna bréfum í Intrum frá áramótum en verðmæti hlutarins er meira en tveir milljarðar króna. Intrum er alþjóðlegt innheimtufyrirtæki með útibú í 21 landi, þar á meðal á Íslandi. Forsvarsmenn Burðarás álíta að Intrum sé mjög áhugavert fyrirtæki á uppljóð.

Fjárfesting Burðarás í Intrum bætist við eignarhluti í sænsku félögum Carnegie, Scribona og Skandia. Verðmæti eignar Burðarás í sænsku félögum er um 25 milljarðar króna. Einnig á félagið

stóran eignarhlut í breska bankanum Singer & Friedlander.

Burðarás leggur höfuðáherslu á að fjárfesta í fjármála- og fjarskiptafyrirtækjum og stefnir á að 75 prósent af eignum félagsins verði erlendis. Heildarfjárfestingar félagsins erlendis eru undir 50 prósentum þannig að gera má ráð fyrir að það geri sig líklegt til frekari kaupa á erlendum mörkuðum.

Þar sem Burðarási er ekki skylt að tilkynna um kaup í sænskum félögum ef eignarhluturinn er undir 5 prósentum er afar sennilegt að félagið eigi í fleiri sænskum félögum.



FYRIRFERÐIN EYKST Í SVÍÞJÓÐ

Fríðrik Jóhannsson, forstjóri Burðarás, og Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður leiða félagið í erlendum fjárfestingum. Svíþjóð er í talsverðu upphaldi þessa dagana og Burðarás hefur fjárfest umtalsvert í nokkrum sænskum félögum.

# Rán og gripdeildir í stjórnarbyltingu

Stjórnvöldum í Kirgisistan var steipt af stóli á fimmtudaginn og hafa nýir valdhafar tekið við stjórnartaumunum. Róstur hafa verið í höfuðborginni.

**BISHKEK, AP** Stjórnarbylting var gerð í Kirgisistan á fimmtudaginn og hafa leiðtogar byltingarinnar þegar skipað nýja ríkisstjórn. Rússar segjast reiðubúnir að starfa með nýjum valdhöfum. Boðað hefur verið til kosninga í júní.

Eftir að stuðningsmenn Askar Akajev, forseta Kirgisistan, fengu bróðurpart þingsæta í kosningum í febrúar hafa stjórnarandstæðingar mótmælt kröftuglega. Ólgan náði svo hámarki í fyrradag þegar mótmælendur lögðu undir sig skrifstofur forsetans og stjórnarráðsbyggingar í höfuðborginni. Skömmu síðar lýsti hæstiréttur landsins því yfir að kosningarnar væru ógildar og þingmenn sem sátu á síðasta þingi ættu að taka sæti sín á ný. Þingið skipaði svo Kurmanbek Bakijev, einn byltingarleiðtoganna, sem starfandi forsætisráðherra og forseta. Boðað hefur verið til nýrra kosninga í júní.

Talsverðar róstur voru í Bishkek aðfaranótt föstudagsins langa. Til átaka kom á götum úti og fjöldi verslana var rændur og eyðilagður. Óstaðfestar fregnir herma að þrír hafi látist og yfir hundrað manns slasast í ólátunum. Viðbúnaður er talsverður í landinu og hefur landamærunum til Kína verið lokað. Útgöngubann var sett í Bishkek í gærkvöldi.

Bakijev tilkynnti í gær að hann hefði þegar skipað í helstu embætti ríkisstjórnar sinnar. Í ávarpi sínu til þjóðarinnar hvatti hann fólk til að sýna stillingu og hét því að berjast gegn spillingu og flokkadráttum í landinu.



FORSETINN ÁVARPAR ÞJÓÐINA

Kurmanbek Bakijev hvatti fólk til að sýna stillingu og lofaði að sameina þjóðina og berjast gegn spillingu. Ekki er búist við miklum breytingum á utanríkisstefnu landsins.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, kvaðst í samtali við Interfax-fréttastofuna harma að stjórnarskiptin í Kirgisistan hefðu ekki átt sér stað eftir lögformlegum leiðum en sagði þó að rússnesk stjórnvöld myndu starfa með hinum nýju valdhöfum. Pútín sagði jafnframt að Akajev fyrrverandi forseti gæti fengið hæli í Rússlandi ef hann vildi. Akajev flúði land þegar ljóst varð í hvað stefndi og er

talinn dvelja í Kasakstan. Haft var eftir honum í gær að valdarán hefði verið framið en hann kvaðst enn vera réttkjörinn forseti landsins.

Kirgisistan er þriðja fyrrum Sovétlýðveldið á rúmu ári þar sem stjórnarbylting er gerð. Ólíkt Úkraínu og Georgíu er hins vegar ekki búist við að veigamiklar breytingar verði á stefnu nýrra stjórnvalda í utanríkis-málum. ■

## Íslendingar í gæsluvarð- haldi í Bremerhaven: Ekki beðið um aðstoð

**LÖGREGLUMÁL** Enn hefur engin formleg beiðni um aðstoð borist hingað til lands frá þýskum lögregluvöldum um aðstoð við rannsókn máls þeirra tveggja skipverja á Hauki ÍS sem handteknir voru í Bremerhaven með mikið magn fíkniefna í förum sínum.

Var slík beiðni send til Íslands fyrir tilstuðlan utanríkisráðuneytis Þýskalands í byrjun febrúar en hjá lögreglunni í Reykjavík höfðu menn ekki fengið neitt slíkt í hendurnar.

Íslendingarnir hafa verið í varðhaldi í tæpa þrjú mánuði en við leit tollyfirvalda fundust þrjú og hálf kíló af kókaini og hass í klefum mannanna. Er það mat þýsku lögreglunnar að miðað við magnið sem mennirnir voru teknir með sé ekki ólíklegt að þeir eigi sér vitorðsmenn hér á landi. - aðe

## LÖGREGLUFRETTIR

### ÞRÍR GRUNADIR UM ÖLVUNAR- AKSTUR

Þrír ökumenn voru stöðvaðir í Keflavík aðfaranótt fimmtudags grunaðir um ölvun við akstur. Einn gisti fanga-gæmslur vegna heimilisófriðar og einn var kærður fyrir hraðakstur á Njarðvíkurbraut í Njarðvík.

**GRJÓTI HENT Í BÍL** Maður kastaði grjóti í rúðu bíls af gerðinni Opel Vectra og brotnaði rúðan. Stóð bíllinn fyrir utan skemmtistaðinn Paddýs á Hafnargötu í Keflavík og var lögreglan kölluð þangað klukkan hálf þrjú aðfaranótt föstudags.

**RÓLEGT Í REYKJAVÍK** Fjórir gistu fanga-gæmslur lögreglunnar í fyrrinótt. Lögreglan í Reykjavík segir að rólegt hafi verið í höfuðborginni aðfaranótt föstudags enda skemmtistöðum skylt að loka á miðnætti.


## Veðrið

Sunnanvindur

Það verða suðlægar áttir áfram og einhver væta syðra en skýjað með köflum norðanlands. Í dag ætti hitinn að vera á bilinu 4-12 stig og vindur yfirleitt hægur. Það virðist eitthvað vera að rætast úr páska-veðrinu, ef frá er talin þessi væta sem á eftir að hrella Sunnland-inga. Fyrir norðan ætti veður að vera ljómandi gott, þótt ekki verði neitt sérstaklega létt-skýjað. Það mun kólna eitthvað eftir helgina, óljóst enn hversu mikið. Gleðilega páska!

Kveðja,  
Guðrún,  
Arnardóttir  
náttúrufræðingur.


### Í dag




### Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	6°C skýjað	Glasgow	14°C sk.m.köflum
London	16°C sk.m.köflum	Stokkhólmur	4°C skýjað
Paris	14°C sk.m.köflum	Barcelona	17°C sk.m.köflum
Frankfurt	15°C léttskýjað	Helsinki	1°C skýjað

### Á morgun



### Mánudagur



Osló	6°C skýjað
Prag	12°C rigning
Róm	19°C sk.m.köflum
Amsterdam	12°C skýjað

## Páskatilboð

### Stór Humar

5.900\*

### Medium Humar

3.900\*

### Laxaflök beinlaus

1.290\*

\*verð miðast við kr.kg

**Fiskbúðin Vör**  
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Svæði þar sem búast má við talsverðu vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# Rýmingarsala 25% afsláttur á öllum páskaeggjum



Tilboðið gildir í dag, laugardaginn 26. mars

**HAGKAUP**  
*Skemmitilegast að versla*





## KJÖRKASSINN

Borðarðu páskaegg um páskana?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	78%
Nei	22%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlaðu að fylgjast með leik Íslands og Króatíu í fótbolta?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Íbúi er ósáttur við niðurrif fimleikahúss Ármanns:

## Síðasta græna svæðið

**MÓTMÆLI** „Ég er óhress með að eyðileggja eigi eina græna svæðið sem er eftir hér,“ segir Jóhann Helgason, íbúi við Miðtún sem hefur búið þar í áratug. Hann er ósáttur við að rífa á fimleikahús Ármanns, en þar eiga að rísa fjölbýlishús. „Það er verið að eyðileggja knattspyrnuvöll sem hefur verið hér áratugum saman. Það er orðið yfirtengilegt hvað þessir stóru verktakar ná að sölsa undir sig bestu og fallegustu svæði Reykjavíkurborgar.“

Jóhann segir að þegar þetta græna svæði hverfur undir íbúabyggð, sé ekkert grænt svæði eftir í hverfinu. „Þetta svæði var notað síðasta sumar af íþróttafélögum,

svo gott sem í hverri viku. Landslið kvenna notaði þetta meðal annars til að æfa. Það er með ólíkindum að þeir skuli hirða þetta svæði undir íbúablokk. Maður skilur ekki hvað er að gerast.“

Auk þess sem græna svæðið hverfur hefur Jóhann áhyggjur af því að umferð muni aukast í götunni, auk þess sem útsýnið sé alltaf að minnka. „Við sjáum ekkert orðið út hérna. Útsýnið er farið og við sjáum ekkert í Esjuna lengur. Ég óska bara eftir því að fólk mótmæli þessu.“

### NIÐURRIFI MÓTMÆLT

Jóhann Helgason segir svæðið við fimleikahús Ármanns vera síðasta græna blettinn í hverfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stúlka fékk vatn yfir sig:

## Dæmd fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Harkaleg viðbrögð ungrar stúlku við því að fá vatn yfir sig á veitingastað kostuðu hana rúmar 140 þúsund krónur en mál hennar var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Sakfelldi dómurinn stúlkuna fyrir að hafa gengið í skrokk á annarri stúlku á veitingastaðnum Traffic í Keflavík í október síðastliðnum. Rákust þær tvær saman með þeim afleiðingum að vatn skvettist úr glasi fórnarlambins og svaraði ákærða fyrir sig með hnefahöggi og öðrum barsmiðum. Þótti tilefnið það lítilvægt að ekki yrði sloppið við refsingu henni til handa og var hún dæmd til 60 þúsund króna sektar auk 80 þúsund króna í miskabætur.

- aðe

### ALÞINGI

**FÆKKUN MINKA** Frumvarp sem Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, hafði í smíðum varðandi fækkun minka í íslenskri náttúru er enn í vinnslu undir handleiðslu nýs umhverfisráðherra, Sigríðar Önnu Þórardóttur. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að leggja málið fram á Alþingi.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í fyrradag var ranglega sagt að Samtök atvinnulífsins hefðu ályktað um bann á reykingum á stjórnarfundum fyrir í mánuðinum. Hið rétta er að það var ráðgefandi stjórn Vinnueftirlitsins sem ályktaði um málið gegn atkvæðum fulltrúa Samtaka atvinnulífsins í stjórninni, sem telja það ekki hlutverk stjórnarinnar að samþykkja og senda út ályktanir á borð við þessa.

# Aðkomu Ólafs var hvergi leynt

Samstarfsmenn Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Kers, segja fyrrum samstarfsmenn vega ódrengilega að honum. Aðilar í viðskiptunum hafi verið upplýstir um alla stöðu mála í viðskiptum Ólafs við fyrrum meðeigendur sína í Keri.

**VIÐSKIPTI** Samstarfsmenn Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Kers, vísa á bug ásökunum Páls Þórs Magnússonar, framkvæmdastjóra Sunds, um óheilbrigða viðskiptahætti Ólafs í tengslum við fyrrum meðeigendur sína í Keri.

Páll sagði í samtali við Fréttablaðið að Ólafur hefði ætlað að sölsa undir sig Ólíufélagið Essó. Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Essó, segir þessa staðhæfingu alranga. Hjörleifur lýsti áhuga á að kaupa Essó og segist hafa rætt við Ólaf um fjárhagslega aðkomu að málinu til að brúa bil í skuldsetningunni. „Ólafur sagðist vera tilbúinn að skoða það, en vildi engu svara fyrir en hann hefði rætt við meðeigendur sína í Keri,“ segir Hjörleifur. Hann segir Ólaf hafa komið hreint fram í málinum, en Jóni Kristjánssyni, aðaleiganda Sunds, hafi snúist hugur og frestað öllum viðræðum um sölu. Hjörleifur segir fráleitt að halda því fram að Ólafur hafi verið að reyna að selja sjálfum sér félagið, og samstarfsaðilum hafi verið fullkunnugt um alla þætti málsins. „Mér finnst því ódrengilega vegið að Ólafi.“

Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF, segir aðkomu Ólafs að sölu á Iceland Seafood til Sjóvíkur einnig hafa verið þannig að öllum hafi verið fullkunnugt um stöðu Ólafs af málinu. Hann segir Ólaf hafa beðist undan því að taka þátt í afgreiðslu sölunnar vegna fjárhagslegra tengsla sinna við Sund og Jón



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### DEILUR UM FESTINGU

Jóhann Halldórsson, framkvæmdastjóri Festingar, ásamt Sigurði G. Guðjónssyni lögmanni. Lögbanns hefur verið krafist á meðferð nýs hlutafjár í Festingu. Forstjóri Kers, sem átti meirihluta í Festingu fyrir hlutafjárukningu, segir útgáfu og sölu hlutafjárins siðlausu.

Kristjánsson. Þetta komi skýrt fram í fundargerðarbók SÍF. „Í framhaldi af þessum fundi hófust samningaviðræður við Sjóvík og tókust samningar sem lagðir voru fyrir stjórnarfund SÍF. Ólafur, Jón og Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, viku allir af fundi við afgreiðslu málsins.“ Jakob segir furðu sæta að reynt sé að véfengja sölu þá hún hafi verið einstaklega hagstæð fyrir SÍF.

Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, segir að með því að þyrlla upp moldviðri sé Páll Þór að beina athyglinni frá gjörðum sínum í stjórn Festingar. „Staðreynd-

in er sú að fulltrúar tæplega 20 prósentu hluthafa í stjórn Festingar misnotuðu stöðu sína og seldu framkvæmdastjóra félagsins og vini annars stjórnarmannsins til margra ára óútgefið hlutafé félagsins á undirverði til að ná meirihluta,“ segir Guðmundur. Hann segir að þetta hafi verið gert þrátt fyrir að andstaða eigenda 80 prósentu hlutar hafi legið fyrir. Hann segir framgönguna siðlausu og að Landsbankinn reyni að snúa hlutum á hvolf. „Þeir reyndu fjandsamlega yfirtöku á Keri og telja sig nú vera fórnarlamb.“

hafliði@frettabladid.is

Fiskidagurinn mikli í Nígeríu:

## Stórfiskar sem eitt sinn voru menn

**NÍGERÍA, AP** Það er mikið um dýrðir í Argungu í Nígeríu þessa dagana þar sem árleg fiskveiðikeppni er haldin í fljótinu Matan Fada.

Yfir tíu þúsund veiðimenn

taka þátt í keppninni. Tveir eru saman í liði og heldur annar á flotholti sem búið er til úr graskeri en hinn leitar risafiskjar í leirugu vatninu með net í hönd.



### EINSKIS VAR

Ekki er gott að sjá hvernig veiðimennirnir koma auga á fiskinn í fljótinu brúna. Stærstu fiskarnir eru rúmlega sjötíu kíló.

Verðlaunin eru ekki ekki af verri endanum, fjölskyldubífræið og fimmtíu þúsund krónur í reiðufé.

Veiðikeppnin í Argungu er kærkomin í þessu landi sem kemst oftar í fréttirnar fyrir umfangsmikil spillingarmál. Forsvarsmenn hennar binda vonir við að hún verði aðdráttarfl fyrir ferðamenn þegar fram í sækir. Keppnin á sér samt yfir sjötíu ára langa sögu því árið 1934 innsigliðu leiðtogar Kebbi-konungsdæmisins og Sokoto-kalífadæmisins friðarsamning sinn með því að keppa um hver gæti veitt stærsta fiskinn.

Þótt íbúar héraðsins séu flestir múslimar er andatrú þar einnig áberandi. Margir telja að fiskarnir í Matan Fada hafi eitt sinn verið fólk en vöndir áar þess hafi hins vegar breytt því í fiska og étíð. ■

BÍÓ ALLAN SÓLARHRINGINN

Frábærar myndir um páskana!





# GLEÐILEGA PÁSKA!



10 páskaliljur  
**kr. 595,-**



Páskaskreyting  
**kr. 950,-**

Páskaskreyting  
**kr. 390,-**



Páskakrýsi  
**kr. 450,-**



Tete-a-tete  
í keramik potti  
**kr. 495,-**



Sendum blóm  
heimshorna milli!



GARÐHEIMAR

## Opnunartími yfir páskana

Skírdagur:	10 - 21
Föstudagurinn langi:	lokað
Laugardagur:	10 - 21
Páskadagur:	lokað
Annar í páskum:	10 - 21



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
JÓN KALDAL

Fréttamenn Stöðvar 2 létu kappið leiða sig í gönur þegar þeir sviðsettu einkaviðtal sitt við Bobby Fischer.

## Sjálfsmark fréttastofu

Fréttastofa Stöðvar 2 skoraði í fyrrakvöld eitt ævintýralegasta sjálfsmark sem sést hefur í íslenski fjölmiðlasögu. Fréttastofan sölsaði þá undir sig komu Bobby Fischer til Íslands og ýtti ekki aðeins til hliðar öðrum fjölmiðlum heldur einnig þeim mönnum sem hafa lagt á sig mikla vinnu til þess að fá Fischer lausan úr varðhaldi í Japan og greiða götu hans hingað til lands.

Í yfirlýsingu sem Einar S. Einarsson, einn af aðalmönnum úr stuðningsnefnd Fischers, sendi frá sér í gær kemur fram að ekkert hafi orðið úr lítilli móttökuathöfn sem nefndin hafði skipulagt, vegna afskipta Páls Magnússonar, fréttastjóra Stöðvar 2, af komu Fischers. Þar segir líka: „Það hlýtur að vera algjört einsdæmi að fréttamiðill taki atburðarásina í eigin hendur af skipuleggjendum og stýri framvindu atburðar til að geta setið einn að hitunni.“

Nú er síður en svo nokkuð við það að athuga að fjölmiðlar leggi sig fram um að sitja einir að góðri frétt og skjóta þannig keppinautum sínum ref fyrir rass en ef það er gert á kostnað trúverðuleika og hreinlega sannleikans eins og gerðist í útsendingu Stöðvar 2 í fyrrakvöld er betur heima setið en af stað farið.

Framkoma fréttamannanna Kristján Más Unnarssonar og Ingólfs Bjarna Sigfússonar í beinni útsendingu fréttastofunnar var þeim til minnkunar og hlýtur að vera klárt brot á 1. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem segir: „Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmunum stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.“

Öll umgjörð um komu Fischers var greinilega þaulskipulögð með það fyrir augum að Stöð 2 sæti ein að viðtali við Fischer við þetta tækifæri. Það var því átakanlegt að fylgjast með leikþætti Kristján Más og Ingólfs Bjarna þegar þeir reyndu að láta eins og atburðarásin væri ekki í þeirra höndum. Ingólfur Bjarni náði einn fréttamanna tali af Fischer þegar hann steig frá borði en í stað þess að freista þess að fá við hann viðtal teymdi hann skákmeistarann beint inn í bíl og lét sig hafa það að segja áhorfendum að nú færi örþreyttur Fischer beint í háttinn á Hótel Loftleidir. Það er ómögulegt að ætla annað en að þar hafi Ingólfur Bjarni blákalt hliðrað til sannleikanum vitandi að fréttastofan myndi sjónvarpa viðtali við Fischer nokkrum mínútum síðar.

Þáttur fréttastjórans Páls Magnússonar í þessari uppákomu er kapituli út af fyrir sig. Hann stígur inn í atburði sem þátttakandi og gerandi í stað þess að standa fyrir utan þá og flytja af þeim fréttir. Og sá gjörningur að nýta sér kostun Baugs (aðal-eiganda þess fjölmiðlafyrirtækis sem Páll starfar fyrir) á einkabotu undir Fischer, til þess að skapa sér forskot á frétt, er auðvitað dæmi um svo undarlega dómgreind að maður verður nánast orðlaus. ■

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Harður slagur

Ýmsir velta því fyrir sér hvað verði um Viðskiptablaðið nú þegar slagurinn milli Fréttablaðsins og Morgunblaðsins um viðskiptafréttir og auglýsingar fer harðandi. Nýtt viðskiptablað, sem fylgja mun Fréttablaðinu vikulega, hefur göngu sína í næsta mánuði. Þá hefur Morgunblaðið tilkynnt með áberandi auglýsingum að von sé á „stærri, efnismeira og öflugra“ viðskiptablaði í næstu viku. Morgunblaðið er brautryðandi á þessum markaði því það byrjaði að gefa út vikurit um viðskipti fyrir tuttugu árum. Á þeim tíma var tæpast hægt að tala um hlutabréfamarkað á Íslandi og farið var með flest málefni fyrirtækja landsins sem leyndarmál.



#### Leyndarmál

Það þóttu mikil tíðindi fyrir hálfum öðrum áratug eða svo þegar viðskiptablað Morgunblaðsins gat upplýst lesendur sína hverjir væru fimmtán stærstu eigendur Eimskipafélagsins. Slíkar upplýsingar lágu ekki á lausu á þeim tíma, þóttu „viðkvæmar“. En þegar ritstjórn blaðsins vildi samkvæmninnar vegna birta sams konar upplýsingar um eigendur Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, vandaðist málið. Það var tekið fyrir og rætt í stjórn félagsins og niðurstaðan varð sú að ekki væri heppilegt að flika slíkum upplýsingum!

#### Bleika blaðið

Viðskiptablaðið kemur nú út tvisvar í viku, á miðvikudögum og föstudögum.

Ekki er vitað um upplagið en ólíklegt er að það sé stórt. Hinn sérkennilegi bleiki pappir er helsta einkenni þess. Efnistöð þykja frekar þunglamaleg; blaðið birtir jafnan mun lengri greinar og fréttaskýringar en Fréttablaðið og Morgunblaðið en snörp fréttamenska hefur látið undan síga á síðustu misserum. Snjallur teikningar Halldórs Baldurssonar lífga þó mjög upp á blaðið. Sjaldgæft er nú orðið að Viðskiptablaðið sé fyrst með fréttir eða velti upp nýjum hlíðum á málum. Mörgum í viðskiptalífnum finnast stjórnmaláskrif blaðsins gamaldags, en þau einkennast af því að predika skoðanir forystusveitar Sjálfstæðisflokksins. Starfandi ritstjóri er Jónas Haraldsson en tilkynnt hefur verið að nýr ritstjóri komi til starfa í vor.

gm@frettabladid.is

## Létt og meðfærilegt

Einhverntíma á búskaparárum mínum fyrir vestan sat ég Fjórðungsþing Vestfirðinga norður í Bjarnarfirði á Ströndum. Meginþema þingsins var iðnvæðing á landsbyggðinni. Skuttogaravæðing var þá nýlega um garð gengin á Vestfirðumog hafði þar eins og víða um landið hleypt nýju lífi í þorpin, tekjur íbúanna voru yfir landsmeðaltali, fólksflóttinn hafði stöðvast og sums staðar hafði dæmið snúist við og íbúum heldur fjölgað. Enn var mönnum ekki ljóst að þetta hafði gerst með því að ganga á höfuðstólinn í sjónum. Við höfðum skipt á erlendra rányrkju og innlendri.

En þrátt fyrir velgengnina var atvinnulífið mjög einhæft. Það vantaði störf fyrir konur og karla með framhaldsmenntun, faglarða menn og sérhæfða á ýmsum sviðum. Og nú vildu vestfirskir sveitastjórnarmenn ráðgast við sérfræðinga úr Reykjavík um hvernig skjóta mætti fleiri stöðum undir atvinnulífið.

Þarna voru menn frá Iðntæknistofnun og fleiri stofnunum ríkisins í Reykjavík. Þeir skýrðu frá ýmsum hugmyndum, sem stofnanir þeirra höfðu unnið að um ýmiss konar smáíðnað. Þeir höfðu meira að segja þróað þessar hugmyndir áfram í „pakka“, með fullgerðum viðskiptaáætlunum og hvaðeina, tilbúnum til að hrinda í framkvæmd. Í sumum tilfellum gátu byrjunarlán jafnvel fylgt með. Eini gallinn á þessari ríkisáætlunargerð var sá að engin eftirspurn reyndist eftir þökkunum.

Frumkvöðlar um ýmiss konar verkstæða- og vinnustofurekstrir í smáþorpum skýrðu frá reynslu sinni. Og allt bar að sama brunni. Ef framleitt var fyrir Reykjavíkurmærkað varð flutningskostnaðurinn fljótt óyfistíganlegur þröskuldur. Reyndu menn að yfirstíga þetta með framleiðslu yrrar vöru, sem ekki ætti í samkeppni við sambærilega vöru, reis fljótlega upp sams konar fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu, sem gat sparað sér flutningskostnaðinn og nýtt sér betur nálgðina við markaðinn. Eina leiðin til þess að jafna þessa aðstöðu virt

ist sú að Ríkisskip flytti vöruna ókeypis til Reykjavíkur. Engum datt í hug í alvöru að ganga svo langt til lausnar byggðavandanum. Þá var það spurningin að fram-

#### Í DAG

LANDIÐ EITT  
ATVINNUSVÆÐI



ÓLAFUR  
HANNIBALSSON

leiða fyrir útlendan markað. Þar gátu fyrirtæki úti á landi staðið því sem næst jafnfætis fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Gallinn var sá, að í samkeppni við erlend fyrirtæki þurftum við að flytja vöruna tvisvar yfir haf, hræfnið inn, og fullunnu vöruna út. Jónas Haralz lýsti eftir vöru sem væri sambærileg við helstu útflutningsafurð Svisslendinga, úrin, létt og meðfærileg svo að flutningskostnaður skipti engu verulegu máli.

Lýst var nýlegum vandamálum húsgagnaiðnaðarins. Þar hafði mönnum tekist vel upp með afburðahönnun, sem hafði möguleika á að slá í gegn á erlendum markaði á verði sem mögulega gat vegið upp flutningskostnaðarvandann. En til þess hefðu öll húsgagnaverkstæði landsins þurft að leggja á eitt, sérhæfa sig í framleiðslu ákveðinna hluta og sameinast um eitt útflutningsfyrirtæki. Sölu-tíminn var síðustu þrjú mánuðir ársins og því hefði þurft að framleiða á lager hina níu mánuði ársins. Í ljós kom að okkar fornfálega íslenska, ríkisrekna bankakerfi réð ekki við verkefnið. Það átti fullt í fangi með að fjármagna sjávarútveg og landbúnað með afurðalánnum. Þetta var því ofviða.

Svo að jafnvel þótt líki svissnesku úranna hans Jónasar Haralz hefði fundist, hefði framleiðslan væntanlega strandað á fjármögnuninni og markaðssetningunni.

Þegar á þessum árum var talað

um einkavæðingu bankakerfisins. En það voru engir kaupendur í sjónmáli nema helst lifeyrissjóðir launþega. Og fyrir því var vissulega enginn pólitískur vilji að koma þeim í þeirra eigu. Menn horfðu til þess að erlendir bankar vildu koma hér inn á markaðinn, annaðhvort með stofnun útibús eða kaupum á einhverjum ríkisbankanum, og flytja inn ferska vinda og alþjóðlega fjármálaþekkingu. Áhuginn reyndist lítil og tilraunir í þá átt runnu út í sandinn.

Nú, tuttugu árum eða svo síðar, blasir við önnur mynd. Ríkisskip er lagt af. Samgöngur á landi hafa batnað, svo og fjarskipti öll. Einkavæddir bankar fóru öfuga leið: þeyptu erlenda banka, öðluðust með því þekkingu og vótæk sambönd inn í alþjóðleg fjármálakerfi. Og svissneski úralfíkin er fundinn: Íslenskt hugvit. Það er létt og meðfærilegt og þarf engan flutningskostnað að bera. Ísafjörður, Siglufjörður og Stöðvarfjörður eiga innan skamms að vera jafnann erlendum mörkuðum og Reykjavík. Aðeins þegar persónulegra samskipta er þörf leggst ferðakostnaður á vöruna. Íslenskir bankar eru farnir að nýta sér það, að vera einu íslensku fyrirtækin sem teygja anga sína um allt land, til þess að flytja sérhæfða starfsemi til útibúa sinna. Símaþjónustu fyrir fyrirtækið allt má sinna jafnt á Ísafirði sem í sérstakri deild í höfuðstöðvunum. Bókhaldið getur farið fram hvar sem er. Sérfræðingar geta búið hvar sem er.

Við þurfum að taka okkur tak og kippa okkur upp úr því hugarfari að skipta landinu í landsbyggð og höfuðborgarsvæði og líta í staðinn á landið allt sem eitt atvinnusvæði. Við gætum byrjað með því að gera það að einu kjördæmi og hætta þessu skæklagati um ríkisafskipti hér eða ríkisafskipti þar. Og umfram allt leggja fyrir róða alla ríkisáætlana „pakka“ um uppbyggingu málbræðslna hingað og þangað um landið.

Létt og meðfærilegt, það er löðið. ■

**VORIÐ ER HÉR!!**  
Vornámskeið hefjast 4. apríl  
Ný leikfimi- og yoganámskeið hefjast 18 apríl.

**FRÖÐER HÉR!!**

Afró Dianne, Flamenco Minerva, Salsa Carlos, Afró Alseny, Karabískir dansar Edna, Tangó Bryndís & Hany, Magadans Sigga Nanna, Magadans Rosalind.

**Velkomín í fjörið!**  
www.kramhusid.is • sími 551-5103

**KRAM HÚSIÐ**

Óhóf í heilsu  
þarf að vera eins og nýhreinsaður hundur?  
Straumar og stefnur í heilsumálum ganga út á reglulega hreinsun, yst sem innst

LESTU GREININA Á VISIR.IS  
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

**visir**

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Allt páskaskraut

# 50% afsláttur

**Aðeins dag!**

Páskaservíettur  
og páskakerti

# 30% afsláttur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍJASÍD BÍO 27860 3/2005

Sýpris 100 sm

**999 kr.**

Páskasýpris  
- lime

**499 kr.**



Páskaliljur  
í potti

**299 kr.**



# PÁSKAR



Ís og Mónu-  
páskaegg

**199 kr.**

Á meðan birgðir endast


Gildir í Sigtúni



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri  
Selfoss • Reykjanesbær  
[www.blomaval.is](http://www.blomaval.is)



# Lambakjötið ljúft og gott á páskaum



Það er fátt meira við hæfi á páskaum en einmitt okkar rammíslenska og ómótstæðilega ljúffenga lambakjöt. Prófaðu þessa uppskrift.

## Lambalæri með rósmaríni

1 lambalæri, um 2,2 kg  
2–3 rósmaríngrainar, skipt í um 20 búta  
3–4 hvítlauksgeirar, afhjúddir og skornir í um 20 flísar  
njúmalaður pipar  
salt  
1 laukur, skorinn í þykkar sneiðar  
olífa

Ofninn hitaður í 180 gráður. Beittum hnífisoddi stungid í lærið á um 20 stöðum og hvítlauksflís og rósmaríngrain stungid í hverja (best er að stinga hvítlauknum alveg inn en rósmaríninu aðeins að hálfu). Kryddað vel með pipar og salti.

Lauksneiðunum raðað í olíuborið steikarform og lærið lagt ofan á. Álpappírsörk breidd lauslega yfir lærið og steikt í miðjum ofni í um 1 klst. Þá er álpappírinn tekinn af og steikt í hálf tíma í viðbót. Lærið tekið úr ofninum og látið standa undir álpappír í um 15 mínútur áður en það er borið fram.



*lambakjöt – léttur réttur*

Uppáhald íslensku þjóðarinnar  
Fjöldi uppskrifta á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

MAÐUR VIKUNNAR

# Alltaf málefnalegur

MAÐUR VIKUNNAR

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,25% í vikunni við litla hrifningu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra sem óttast að hækkingin valdi enn frekari gengishækkingu krónunnar og þar með auknum rekstrarerfiðleikum útflutningsgreina. Rök bankans eru þau að hamla verði hækkingun verðbólgu, enda sé það meginhlutverk Seðlabankans, og verðbólgan stefni nú óðfluga fram yfir þau þölmörk sem við er miðað.

Birgir Ísleifur Gunnarsson, aðalbankastjóri Seðlabankans, ræður ekki einn ferðinni þegar teknar eru ákvarðanir um vaxtahækkanir. Við hlið hans eru bankastjórnarnir Eiríkur Guðnason og Jón Sigurðsson, og Arnór Sighvatsson aðal-  
hagfræðingur. En auðvitað vegur sjónarmið hans þungt og væri hann andsnúinn málinu næði það ekki fram að ganga. Það fellur líka í hlut hans að skýra og verja ákvarðanir af þessu tagi. Vaxtahækkingunin nú og fyrri hækkanir sýna að Birgir Ísleifur og samstarfsmenn hans standa vörð um faglegt sjálfstæði bankans. Ekki hvarflar að nokkrum manni að þeir séu í vasa stjórnvalda.


Birgir Ísleifur hefur setið í bankastjórnastólum í næstum hálfan annan áratug. Á næsta ári verður hann sjötugur og lætur þá af störfum. Hann var skipaður í embættið vorið 1991, þá þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Vék hann af framboðslista flokksins það vor og leysti þannig ákveðin innanhússvandamál í framboðsmálum flokksins. Skipan hans í embætti var óumdeilanlega pólitísk, hann er lögfræðingur að mennt og á hvorki að baki skólagöngu í hagfræði né reynslu af bankastörfum. Marg-

ir höfðu áhyggjur af því að þetta mundi skapa Seðlabankanum vandræði, ekki síst vegna þess að þá stýttist í að helsti fagmaður bankans, Jóhannes Nordal, léti af störfum. En þessar áhyggjur hafa reynst ástæðulausar. Jafnt hagfræðingar og bankamenn sem aðrir viðurkenna að Birgir Ísleifur hafi staðið sig mjög vel í bankanum, sett sig vandlega inn í hin flóknu fræði peningamállanna, unnið af fagmennsku og staðið vörð um faglegt sjálfstæði bankans.

Birgir Ísleifur átti að baki langan stjórn málaferil þegar hann varð bankastjóri. Ári eftir að hann lauk lögfræðinámi við Háskóla Íslands, 1961, var hann kosinn í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sat þar í tuttugu ár. Hann var borgarstjóri á árunum 1972 til 1978 er flokkurinn tapaði borginni í fyrra sinn.

Sem borgarstjóri naut hann mikilla vinsælda og er einna þekktastur fyrir forystu um „grænu byltinguna“ svokölluðu sem fól í sér stóraukna áherslu á útivistarsvæði innan borgarmarkanna og hlylegri ásjónu borgarinnar. Birgir sat síðan á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1979 og þar til hann sagði af sér þingmennsku 1991. Margir vildu að hann yrði formaður flokksins þegar Geir Hallgrímsson dró sig í hlé; hann gaf kost á sér en tapaði fyrir Þorsteini Pálssyni. Hann var menntamálaráðherra í ríkisstjórn Þorsteins 1987 til 1988.

Birgi Ísleifi er lýst sem hlédrægnum manni, vinnusömum og strangheiðarlegum. Sem stjórnmalamaður þótti hann alltaf málefnalegur og sama þykir einkenna hann í bankanum. Í honum eru listrænar taugar, hann leikur á píanó heima hjá sér og á góðra vini fundi en flíkar lítt þeim hæfileikum opinberlega. Kona hans er Sonja Backman. ■



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKAS

## Þungaflutningum á hringveginum verði hætt

UMRÆÐAN  
HRINGVEGURINN



KRISTJÁN PÉTURSSON  
FYRRV. DEILDARSTJÓRI

” Við erum að ræða um tugmilljarða tjón, sem enginn virðist bera ábyrgð á og ekki einu sinni stjórnarandstaðan á hæstvirtu alþingi hefur borið gæfu til að fjalla um af einhverri alvöru.

Þegar hafist var handa við gerð hringvegur um landið með bundnu slitlagi var það að hluta til lagt ofan á gamlar undirstöður eldri vega, hálfra aldar gamalla. Segja má að vegurinn hafi þjónað vel umferð síns tíma hvað varðar flutningsgetu þungaflutningsbifreiða sem var þá a.m.k þrefalt

minni en nú tíðkast. Þrjátíu tonna burðargeta auk tuttugu tonna þyngdar bifreiðar og tengivagna eða alls fimmtíu tonn er nú algeng sjón á vegum, sem er ekki í neinu samræmi við styrkleika veganna. Þegar sjóflutningar skipafélaganna hættu til hinna ýmsu hafna umhverfis landið og við tóku landflutningar skipafélaganna jókst margfalt umferð þungaflutninga-bifreiða á hringveginum samfara fiskflutningum landshornanna á milli, sem hin rangláta auðdrotnunarstefna fiskveiðistjórnunarinnar hafði í för með sér.

Allir þeir sem aka um hringvegin sjá árlega aukningu þeirra gífurlegu skemmda sem aðallega þungaflutningar umræddra aðila valda. Vegurinn er í öldum og hryggjum og víða sprunginn, eyðileggingin er svo hröd og augljós að stjórnendur vegamála, ríkisstjórn og alþingismenn hljóta að vera meðvitaðir að hverju stefnir. Hringveginum, sameign og stolt þjóðarinnar, sem menn höfðu áratugum saman beðið eftir er nú fórnað fyrir auðdrotnunarstefnu græðginnar, sem engu eirir.

Við erum að ræða um tugmilljarða tjón, sem enginn virðist bera

ábyrgð á og ekki einu sinni stjórnarandstaðan á hæstvirtu alþingi hefur borið gæfu til að fjalla um af einhverri alvöru. Eru hringa-drottinnar fjármálavaldsins orðnir svo allsráðandi að löggjafar og framkvæmdavaldið er algjört handbendi þeirra? Sjálfsagt munu skipafélagin og kvótakongar sem bera höfuðábyrgð á þessu mikla vegatjóni koma sér undan að bæta tjónið og koma því yfir á þjóðina. Okkur þykir öllum vænt um þjóðvegin okkar og ég er þess fullviss að þjóðin er í hjarta sínu sár og reið að sjá hringvegin sinn þurfa að gjalda svo dýru verði afglapa- og aumingjahætti stjórnvalda gagnvart auðhyggjuöflunum. Við hljótum að gera þá kröfu til viðkomandi stjórnvalda að umrædd- um þungaflutningum á þjóðvegum verði hætt og sjóflutningar skipafélaganna verði aftur komið á eða öxulþungi flutningatekja séu samræmd burðargetu veganna. Þó þessir landflutningar kunni að auka og flýta fyrir ýmissi þjónustu landsbyggðarfólks þá er hún allof dýru verði keypt eins og nú háttar. Hina langþráðu lífæð þjóðarinnar, hringvegin, verðum við öll að standa vörð um. ■



# Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Stílhrein hönnun

Mesta rýmið

Þægindi

Ný Hyundai Sonata  
Frá kr. 2.140.000

» Hyundai Sonata 2.4 DOCH

2400cc, 161 hö, sjálfskiptur.  
Þú eignast hann fyrir kr. 2.290.000.  
Bílasamningur kr. 23.980 á mánuði.\*



**HYUNDAI**  
hefur gæðin



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

[www.bl.is](http://www.bl.is)



NOEL COWARD (1899 – 1973)  
lést á þessum degi.



„Ég hef minni á við fl. Reyndar leita fílar oft til mín eftir ráðum.“

Breska leikritaskáldið Noel Coward var þekktur fyrir skopskyn sitt en sagði sjálfur að hnyttai væri eins og kaviar sem á að vera borinn fram hóflega en ekki smurður út um allt eins og marmelaði.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Himnagættin fremur fjöldasjálfsmorð

Þennan dag árið 1997 fundust lík 37 féлага sértrúarsafnaðarinnar Himnagættarinnar í úthverfi í San Diego í Kaliforníu fylki í bandaríkjunum. Fólkið hafði svipt sig lífi. Af hinum látnum voru 21 kona og 18 karlar. Þegar líkin fundust var þeim hag-anlega komið fyrir og öll voru þau klædd í eins fatnað og nýja Nike-íþróttaskó. Í ljós kom að leiðtogar safnaðarinnar boðuðu að með sjálfsmorði myndi andi fólksins yfirgefa jarðneskan íverustað sinn og fara um borð á geimskipi sem leyndist á bak við Hale-Bopp halastjörnu sem hafði þá nýlega verið uppgötvuð.

Leiðtogi safnaðarinnar hét Marshall Applewhite, en kallaði sig Do, og var prófessor í tónlistarfræðum áður en hann gekk í söfnuðinn árið 1972. Hann fékk fleiri til að ganga í söfnuðinn og lofaði fólki að geimskip myndi nema sálir þeirra á brott og fylgja þeim til „konungdæmis á himnum“. Smám saman fækkaði í söfnuðinum eftir því sem nær dró komu geimskipisins en á tíunda áratugnum óx Applewhite ásmegin og fór að safna nýjum félögum í söfnuðinn. Applewhite boðaði skírflífi og sumir í söfnuðinum fylgdu for-dæmi hans og létu vana sig. Eftir að Hale-Bopp halastjarnan



26. MARS 1997

fannst árið 1995 varð söfnuðurinn viss um að geimskipið sem hann beið eftir væri á leið sinni til jarðar. Í marsmánuði kom halastjarnan næst jörðu og Applewhite og félagar drukku banvæna blöndu af eitri og vodka og lögðust til hinstu hvíldar.

## MERKISATBURÐIR

- 1913 Yfir 14 hundruð láta lífið í flóðum í Ohio, Indiana og Texas í Bandaríkjunum.
- 1938 Bændur nær 160 jarða í Árnessýslu stofna fiskiræktar- og veiðifélag fyrir Ölfusá og Hvítá og ár sem í þær falla.
- 1947 Knattspyrnusamband Íslands stofnað.
- 1953 Dr. Jonas E. Salk kynnir nýtt bóluefni gegn taugaveiki.
- 1971 Austur-Pakistan lýsir yfir sjálfstæði og tekur upp nafnið Bangladesh.
- 1973 Flugvélin Vor ferst í Búrfjöllum í námunda við Hunda-vötn norður af Langjökli og með henni fimm menn.
- 1977 Hús á Bernhöftstorfu í Reykjavík stórskemmast í eldi.
- 1977 582 farast í hörmulegu flugslysi á Kanaríeyjum þegar Boeing 747 þota KLM flugfélagsins rekt í flugtaki á 747 þotu Pan Am.

## ANDLÁT

**Erika Ottósdóttir**, frá Hlíð, Skriðdal, er látin.  
**Ernst Ziebert Pálsson**, Hæðargarði 20, Reykjavík, lést miðvikudaginn 9. mars. Útförin fór fram í kyrrþey.  
**Kristín Þórarinsdóttir** lést mánudaginn 21. febrúar. Jarðaförin hefur farið fram.  
**Stefán Jónsson** bóndi, Grænumýri, Skagafirði, lést mánudaginn 21. mars.  
**Aðalheiður K. Bjargmundardóttir**, Hæðargarði 29, Reykjavík, lést þriðjudaginn 22. mars.  
**Unnur Frimannsdóttir**, fyrrum Húsmóðir á Heiðarbæ II, Þingvallasveit, lést þriðjudaginn 22. mars.  
**Pormóður Haukur Jónsson**, Ugluhólum 12, Reykjavík, lést þriðjudaginn 22. mars.

14.00 **Kristbjörg Guðmundsdóttir**, frá Drangsnesi, Blikahólum 12, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Drangsneskappellu.

## AFMÆLI

**Baldur Hrafnkell Jónsson** kvikmyndagerðarmaður er sextugur í dag.

**Haffliði Arngrímsson** dramaturg er 54 ára í dag.

**Haukur Hólm** fréttamaður er 49 ára gamall í dag.

**Kristján Kristjánsson** (KK) tónlistarmaður er 49 ára gamall í dag.

**Jónína Benediktisdóttir** íþróttafraeðingur er 48 ára gömul í dag.

**Víkingur Kristjánsson** leikari er 32 ára í dag.



## JARÐARFARIR

14.00 **Guðríður Unnur Salómondóttir**, Mýrarbraut 12, Vík í Mýrdal, verður jarðsöngin frá Víkurkirkju.



Elskulegur stjúpfaðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**Ernst Ziebert Pálsson**

Hæðargarði 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 9. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju.

Anna G. Ólafsdóttir Kristinn Guðmundsson  
Helga G. Ólafsdóttir Halldór Pálsson  
Erna Ó. Rothe Michael Rothe  
Kristel Pálsdóttir Guðmundur Kristinsson

## Fróðleikur af gardur.is



Forsætisráðherra:

### Ólafur Thors

Hann var fæddur í Borgarnesi 19. janúar 1892, sonur Thors Jensen kaupmanns og útgerðarmanns og k.h. Margrétar Þorbjargar Kristjánsdóttur. Ungur tók hann ættarnafnið Thors eins og bræður hans. Stúdent í Reykjavík 1912, hóf lögfræðinám í Hafnarháskóla 1913 og í Háskóla Íslands til 1917, en 1914 er hann orðinn framkvæmdastjóri Kveldúlfs hf., einnar stærstu togaraútgerðar landsins, og stjórnaði henni til 1939. Formaður Félags ísl. botnvörpuskipaæigenda 1918-35. Ólafur varð alþingismaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1925 og óslitið til æviloka (frá 1959 fyrir Reykjaneskjördæmi). Formaður Sjálfstæðisflokksins 1934-1961, sat í mörgum ríkisstjórnunum og í forsæti fimm sinnum. Hann var dómismálaráðherra í nóv.-des. 1932, atvinnumálaráðherra 1939-42, forsætis- og utanríkisráðhr. í maí-des. 1942, aftur 1944-47, forsætis- og félagsmálaráðherra 1949-50, atvinnumálaráðherra 1950-53, forsætis- og atvinnumálaráðhr. 1953-56 og forsætisráðherra í Viðreisnarstjórninni 1959-63. Hann lézt á gamlársdag 1964. Hann var glæsímenni, leifrandi andríkur ræðumaður og óskoraður foringi Sjálfstæðismanna. Átti hann stóran þátt í að móta stefnu hins unga lýðveldis. Matthías Johannessen ritaði ævisögu hans (1981). Ólafur kvæntist 1915 Ingibjörgu dóttur Indriða Einarssonar, leikritaskálds og hagfræðings, og k.h. Mörthu Maríu Pétursdóttur Guðjohnsen. Þau áttu fimm börn.

Meira á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn æviðrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

## TÍMAMÓT: LÆTUR AF STARFI FRAMKVÆMDASTJÓRA SÚN

# Heldur á vit nýrra ævintýra

Kristinn V. Jóhannsson lætur af starfi framkvæmdastjóra Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) þann 1. maí næstkomandi eftir 24 ára starf. Segir hann það góðan dag til að enda starfsferilinn en Kristinn var um áratuga skeið í fylkingarbrjósti þeirra sem börðust fyrir bættum kjörum verkafólks á Austurlandi.

Kristinn fæddist 1934 í húsi sem hét Kirkjuhvoll og stóð utan við Þórsmörk í Neskaupstað. Hann var alinn upp af tveimur samheldnum konum, móður sinni og ömmu, en báðar voru þær mjög vinstri-sinnaðar og því fékk hann góða sósíalíska menntun á upp-vaxtarárunum. „Mamma var ákveðinn sósíalísti og amma sagðist vera bolsi. Svo fór að leið mín lá í Alþýðubandalagið en eftir að flokkurinn hvarf af vettvangi stjórnmalanna hef ég ekki fundið mér nýjan stað og mun ekki ganga í annan stjórnmalaflokk,“ segir Kristinn.

Sjálfstæðimenn í Neskaupstað höfðu síðar höfuðstöðvar sínar í húsinu þar sem Kristinn fæddist. Segist hann hafa óskað eftir því að þeir settu skjöld utan á húsið þar sem fram kæmi að þar væri fæddur forseti bæjarstjórnar Neskaupstaðar og talsmaður Alþýðubandalagsins en það hafi ekki fengið góðan hljómgrunn.

Fimmtán ára hleypti Kristinn heimdraganum og lá braut hans til mennta. „Ég tók landspróf á Eiðum og útskrifaðist sem stúdent frá



KRISTINN V. JÓHANNSON Freysteinn Bjarnason tekur við starfi Kristins hjá SÚN og óttast Kristinn ekki að skila lykluinum í hans hendur.

Laugarvatni 1955. Á báðum stöðum bjó ég á heimavist og þar lærði maður að bjarga sér og taka tillit til annarra. Frá Laugarvatni lá leið mín í Háskóla Íslands þar sem ég lauk BA prófi í sögu, dönsku og uppeldisfræðum.“

Kristinn bjó í sjö ár í Reykjavík við nám og störf. Á þeim árum

lagði hann stund á körfuknattleik með góðum árangri og lék fyrstu sex landsleiki Íslands í þeirri íþrótt.

Árið 1962 fluttist Kristinn aftur til Neskaupstaðar og kenndi við Gagnfræðaskóla Neskaupstaðar. Tíu árum síðar varð hann skólastjóri Iðnskóla Austurlands og 1981 hóf hann störf hjá SÚN og þeim fyrirtækjum sem tengdust þeim rekstri s.s. Tryggingamiðstöðinni, Olís og fleiri félögum.

Kristinn hóf afskipti af sveitarstjórnarmálum 1966 en þá var hann kosinn í bæjarstjórn Neskaupstaðar fyrir Alþýðubandalagið. Þar sat hann sleitulaust í 24 ár og sem forseti bæjarstjórnar í 16 ár. „Vinstri-sinnar í Neskaupstað náðu völdum 1946 og algengt var að meirihlutunum væri spáð falli í hverjum kosningum. Stundum stóð það tæpt og t.d. munaði ekki nema nokkrum atkvæðum 1970.“

Árið 1983 var Kristinn kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar í Neskaupstað (SVN) og var stjórnarformaður félagsins frá 1984 til 2004 en þá tók Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sæti Kristins.

Íþróttir hafa alla tíð skipað stóran sess í huga Kristins og hann var um tíma formaður Þróttar í Neskaupstað en synir hans tveir gegndu síðar báðir því embætti.

Kristinn segist alls ekki ætla að setjast í hinn helga stein þegar hann lýkur störfum en ætlar að sinna sínum hugðarefnum og rækta líkama og sál. „Ég hef hug á að ferðast; stunda skíði á veturna og ganga á fjöll og sinna garðrækt með konunni á sumrin. Fleira mun ég taka mér fyrir hendur en þó tæplega fara að leika golf. Þó er aldrei að vita nema vini mínum Stefáni Þorleifssyni takist með tíð og tíma að draga mig á golfvöllinn,“ segir Kristinn.

kk@frettabladid.is



NESSKAUPSTAÐUR Framkvæmdastjóraskipti verða hjá Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað í vor. Fráfarandi framkvæmdastjóri segist ekki ætla að setjast í helgan stein heldur sinna hugðarefnum og rækta bæði líkama og sál.



## 60 ára

á annan í páskum er

### Grétar Pálsson

Flugumferðarstjóri,  
Hrauntungu 45 Kóp.

Hann tekur á móti gestum í Flugröst Nauthólsvík milli kl. 1600 – 1900 á afmælisdaginn, þann 28. mars.



FYRSTA STARFIÐ: ARI EDWALD

# Þrettán ára hjólasendill

„Fyrsta formlega starfið mitt var sjálfsagt sumarið 1977 þegar ég var þrettán ára og vann sem sendill á reiðhjóli,“ segir Ari Edwald, framkvæmdastjóri samtaka atvinnulífsins um fyrsta starfið sitt. Ari fékk þó ungur reynslu af vinnumennsku og var sendur í sveit á sumrin allt frá tíu ára aldri. „Maður fékk stundum smá aur fyrir vinnuna í sveitinni, en það var reyndar ekki gefið upp til skatts svo ég ætti kannski ekki að segja frá því,“ segir hann og hlær.

Ari segir að það hafi haft mótandi áhrif á sig að byrja að vinna ungur og hann hafi snemma skilið þannig frá að hann væri velkom-



**ARI EDWALD**  
Hafði gott af sveitalífinu og telur að flestir ættu að verja tíma utan malbiksins.

inn aftur í næsta skólafríi. „Það var líka ágætt að hafa aukapening á milli handanna. Ég veit ekki hvort foreldrar mínir séu samála en ég man ekki til þess að hafa þurft að biðja þau um peninga fyrir einhverjum óþarfa.“

Fram að háskólaárum sínum kom Ari víða við, meðal annars í byggingarvinnu og fiskvinnslu. „Það var hollt að kynnast þessu sjálfur og dvölin í sveitinni var líka góð að því leyti að maður fékk nasasjón af lífinu utan malbiksins. Ég held að það sé öllum hollt að komast aðeins út fyrir borgarmörkin og kynnast einhverju nýju.“



**LITUR Í LÍFIÐ** Stúdentar við Rabindra Bharati háskólann í Kalkúta á Indlandi mökkuðu litum framan í hver ádra í tilefni litahátíðar sem nú stendur yfir.

## FÆDDUST ÞENNA DAG



1874 **Robert Frost**, ljóðskáld.



1911 **Tennessee Williams**, leikritaskáld.



1931 **Leonard Nimoy**, leikari.



1934 **Alan Arkin**, leikari.



1939 **James Caan**, leikari.



1942 **Erica Jong**, rithöfundur.



1943 **Bob Woodward**, rannsóknarblaðamaður.



1944 **Diana Ross**, söngkona.



1948 **Steven Tyler**, söngvari Aerosmith.



**HUÐNAN DÁSEMD OG GRÁFLEKKÓTTI KIÐLINGURINN** Síðasta þriðjudag fjölgaði í Húsdýragarðinum í Laugardal þegar huðnan Dásemd bar gráflekkóttum kiðlingi.

## Vorboði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Huðnan Dásemd bar gráflekkóttum kiðlingi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum síðasta þriðjudag, en þetta var fyrsti burður Dásemdar, sem fæddist í garðinum vorið 2003. Í tilkynningu garðsins kemur fram að faðir kiðlingsins, sem er hafur, sé hafurinn Kappi. Meðgöngutími huðna er 5 mánuðir og bera þær einum til tveimur kiðlingum í hvert sinn.

„Geitur á Íslandi eru nú í kringum 400 talsins og eru því í útrýmingarhættu. Geitur eru eitt landnámsdýranna og í upphafi byggðar var oft talað um þær sem kýr fátæka mannsins. Þær gáfu bændum mjólk en þurftu ekki eins kjarnmikið fóður og kýrnar. Í dag eru nokkrir bændur með geitur og eru þeir margir hverjir að athuga möguleika sína svo hægt verði að komast hjá útrýmingu,“ segir í tilkynningu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Í garðinum verður opið alla páskahtíðina frá klukkan tíu á morgnana til klukkan fimm síðdegis. ■



Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók eftir fermingardaginn fá 5.000 kr. peningagjöf inn á bókina frá KB banka.

## GEFÐU FREKAR FRAMTÍÐARBÓK KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.



www.kbbanki.is








PÁSKA LAMBALÆRI  
ÚR KJÖTBORÐI

**899** kr.  
kg

*Pú sparar 299 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 1.198 kr./kg.*

**Ljúffengt**  
**um páskana**



SVÍNALUNDIR  
FYLLTAR

**1.398** kr.  
kg

*Pú sparar 900 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 2.298 kr./kg.*

OPNUNARTÍMI  
NÓATÚNS  
UM PÁSKANA

26. mars: opið til kl. 21

27. mars (páskadagur): lokað

28. mars (annar í páskum): opið frá 11 til kl. 21



*Gledilega páska*



NÓATÚNS  
PURRKRYDDAÐAR  
GRÍSAKÓTILETTUR

**998** kr.  
kg

*Pú sparar 491 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 1.489 kr./kg.*



Anthón Berg  
Isl



ANTHÓN BERG  
ÍSTERTA

**999** kr.  
pk.





# BETRI KAUP Í NÓATÚNI!

**ÞÚ**  
sparar  
**803 kr.**



UNGNAUTA  
T-BEINSTEIK

**1.995** kr.  
kg

Þú sparar 803 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 2.798 kr./kg.



MÓA VEISLUFUGL  
MEÐ FYLLINGU

**499** kr.  
kg

Þú sparar 200 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 699 kr./kg.

CAMBERT  
OSTUR

**229** kr.  
stk.

DALAYRJA

**229** kr.  
stk.

GULLOSTUR

**349** kr.  
stk.

GULL, GRÁÐAOSTUR,  
125 G

**198** kr.  
stk.

BANANA  
CAPPUCCINO  
JARÐARBERJA  
SÚKKULADI  
VANILLU



EMMESS SKAFÍS

**299** kr.  
1 L

Þú sparar 200 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 499 kr./1 L.

Góðir  
ostar



# NÓATÚN

OPIÐ  
TIL  
KL. 21  
ALLA  
DAGA



**QUICKSILVER**  
**Gúmmibátar**



[www.velasalan.is](http://www.velasalan.is)  
 Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggjið ykkur bát fyrir sumarið.



**VÉLASALAN**  
 Ánanaust 1 - Sími 580 5300  
[velasalan@velasalan.is](mailto:velasalan@velasalan.is)



REKSTRARVÖRULISTINN  
**GLUGGAFILMUR**




Sími 520 6666 • [www.rv.is](http://www.rv.is) • Réttarháls 2

## Fólkið á bak við Selmu

Selma Björnsdóttir verður fulltrúi Íslands í Eurovisjón-keppninni sem haldin verður í Kænugarði þann 24. maí. Fyrst þarf hún þó að taka þátt í forkeppninni 19. maí. Augu Evrópu munu beinast að Selmu þegar hún stígur á svið og flytur lagið *If I Had Your Love*. Þó Selma verði í aðalhlutverki má ekki gleyma því að stór hópur fólks mun hjálpa henni að skila sínu og tryggja Íslandi áframhaldandi veru meðal þeirra bestu í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.



### Hár:

Tískulögga Svavar Örn mun sjá um hárið á Selmu í keppninni í ár. Svavar er einn frægasti hárgreiðslumaður þjóðarinnar og hefur meðal annars séð um hár Idol-keppenda.



### Bakrödd:

Regína Ósk Óskarsdóttir mun sjá um bakrödd fyrir Selmu í Kænugarði. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Regína farið þrisvar sinnum í Eurovisjón, alltaf sem bakraddarsöngkona. Hún er enda orðin ein helsta bakraddarsöngkona landsins.



### Förðun:

Elín Reynisdóttir er af mörgum talin ein flinkasta sminka landsins en hún hefur unnið mikið fyrir Sjónvarpið sem og dagblöð og tímarit hér á landi.



### Búningar:

Hildur Hafstein textílhönnuður er stílisti Selmu og mun sjá um alla búningana. Hildur er textílhönnuður og hefur meðal annars séð um að stíliseru Idol-stjórnum.

### Dansarar:

Aðalheiður Halldórsdóttir, Lovísa Gunnarsdóttir, Álfrún Örnólfsdóttir og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir verða á sviðinu með Selmu í Kænugarði. Aðalheiður og Lovísa hafa báðar unnið mikið með Íslenska dansflokknum. Álfrún og Arnbjörg Hlíf eru báðar leikkonur en hafa verið í dansi frá unga aldri.

### Tónlist:

Lagið sjálf er eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og Vigni Snæ Vigfússon. Þorvaldur er einn helsti upp-tökustjóri landsins og hefur áður sent lag í Eurovisjón en það var All out of luck sem lenti í 2. sæti. Sömu sögu er að segja af Vigni Snæ en hann hefur gert garðinn frægan með Írafári og fór með Birgittu og laginu Open Your Heart í aðalkeppnina þar sem lagið lenti 9. sæti.



# Opið í dag til kl. 16:00

## Stór og fallegur páska humar

## Smálúða og stórlúða

## Laxaflök 1.290\*

## Risarækjur 2.000\*

\* verð miðast við kr.kg.

**Fiskbúðin Vör**  
 – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



### Framkoma:

Selma mun að miklu leyti sjálf semja danssporin í Kænugarði en auk hennar munu systur hennar Birna og Guðfinna vinna að dansinum sem og Lára Stefánsdóttir. Birna og Guðfinna hafa unnið að vel flestum söng- og dansleikjum sem settir hafa verið upp á Íslandi en Lára er klassískur dansari og samdi meðal annars alla dansa fyrir söngleikinn Hárið sem sýndur var síðasta sumar.



# Nylon

í Bláa Lóninu – heilsulind  
í dag



## Nylon skemmtir gestum Bláa Lónsins – heilsulindar

Tónleikarnir hefjast kl. 14.30.

Alltaf frír aðgangur í heilsulind fyrir börn, 11 ára og yngri  
í fylgd með fullorðnum.

Skoðaðu spennandi matseðil á veitingastað.

Bláa Lónið – heilsulind er opin alla páskana frá 10.00–20.00.

[www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is) • 420 8800







**GLEDILEGA  
PÁSKA**

**35%**  
**AFSLÁTTUR**



**Páska lambalæri**

**898**  
kr./kg  
Verð áður: 1.298



**Krónu hamborgarhryggur**

**794**  
kr./kg  
Verð áður: 1.298

**Meira  
úrval**

**40%**  
**AFSLÁTTUR**



**Goða lambaframpartur grillsagaður**

**479**  
kr./kg.  
Verð áður: 798

**30%**  
**AFSLÁTTUR**



**Fiskiðjan Reykás reyktur og grafinn lax**

**1.399**  
kr./kg.  
Verð áður: 1.998



**Hangilæri úrbeinað**

**1.463**  
kr./kg  
Verð áður: 2.250



**2L KRÓNAN súkkul**



**Rósakál**

**139**  
kr./pk.



**Ananas**

**168**  
kr./stk.



**Náttúra Sveppir box**

**195**  
kr./pk



**Egils páskaöl**

**88**  
0.5 Ltr.



**Opið  
alla  
daga**

**OPNUNARTÍMAR  
YFIR PÁSKA**

**LAUGARDAGUR  
kl.11-19**

**PÁSKADAGUR  
LOKAÐ**





Móa  
frosinn kjúklingur

**299**

kr./kg

Verð áður: 399

**4** stk.



Krónu  
grillborgarar  
og brauð

**299**

kr./pk.

Verð áður: 399

**Virk  
sam-  
keppni**



Krónu ís  
súkkulaði  
og vanillu

**199**

kr./2 l.

Verð áður: 289



Krydduð lambasteik

**1.095**

kr./kg



Fjörfiskur  
rækja smá

**199**

kr./pk..

**500g.**



Náttúra  
maís korn

**29**

kr./stk.



Bassett's  
lakkriskonfekt

**299**

400g



Kutschen meister  
rúllutertur

**99**

kr./stk.

**ANNAR Í PÁSKUM**  
**opið kl.11-19**  
**í Skeifunni og Selfossi**





**ÞORSTEINN BERGSSON VIÐ AÐALSTRÆTI 10** Þorsteinn hefur áratugareynslu af því að gera upp gömul hús, en hann er framkvæmdastjóri Minjaverndar. Hann segir starf félagsins hafa verið farsælt og ánægjulegt hvernig til hafi tekið á suðurhorni Aðalstrætis þar sem nú er risið hótél. Í Aðalstræti 10, einu elsta húsi bæjarins, eru nýhafnar framkvæmdir við endurgerð.

# Bjargar lífi húsanna í bænum

Í Grjótaþorpi í Reykjavík hefur hvert sögufræga húsið á fætur öðru gengið í endurnýjun lífdaga. Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri Minjaverndar lýsir í samtali við Óla Kristján Ármannsson síðustu verkefnum og talar um hvernig endurgera megi hús þannig að þau lifi áfram og standi undir sér.

„Það er svo sem hægt að gera hús að safni en það er ekki okkar upplegg,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar hf. Hann vill gera upp og finna not fyrir gömul hús þannig að í þeim verði áfram líf. Honum nægir ekki að bjarga húsunum, heldur vill hann bjarga lífi þeirra. „Og um leið og lífi þeirra er bjargað er húsunum

sjálfum bjargað,“ sagði hann með nokkru stolti fyrir utan nýjasta björgunarafrækið, Aðalstræti 16, þar sem Centrum Hótél hefur hafið starfsemi. Markmið Minjaverndar er að í húsum sem bjargað er verði starfsemi sem staðið geti undir rekstri og endurgerð húsanna, en félagið fær ekki fjármuni hjá ríki eða borg heldur stendur sjálft að framkvæmdum og ber á þeim ábyrgð.

## Borgin kom inn í Minjavernd

„Aðalstræti 16 er með sama útlit og árið 1905. Við völdum að byggja í kring en leyfa húsinu samt sem áður að njóta sín allan hringinn,“ segir hann. Í gamla húsinu eru 12 gistiherbergi á eftir hæð, en setustofa, fundarherbergi og bar á neðri hæðinni. Í kjallaranum undir hótélinu er svo unnið hörðum höndum að gerð safns í kringum mannvistarleyfarnar sem þar fundust. „Það er búið að pakka rústinu alveg inn,“ segir Þorsteinn, en einna markverðast þykir honum þó að þarna í kjallaranum er að finna elstu mannvistarleyfar sem vitað er um í landinu. „Innst í horninu fundust torfhnausar frá árinu 872, plús eða mínus þrjú ár. Þar með er komið ártalið 874 og búið að færa rök fyrir ártölum í Landnámu.“

Þegar Reykjavíkurborg gerðist aðili að Minjavernd síðla árs 2002 lagði hún með sér sem hlutfé húsinn í Grjótaþorpi, að undanskildu húsinu í Aðalstræti 10 en á því hvíldi leigusamningur sem Minjavernd vildi ekki taka yfir. „Þetta þýddi að ekkert gerðist með það hús, en við aftur búið að klára Aðalstræti 2 sem Geysir hét áður, núna Ingólfsnaust, og svo eru fyrstu gestirnir að fara inn á hótelið hinum megin, þannig að endastólarnir eru báðir komnir en eftir sat elsta heillega húsið í götumyndinni.“ Í byrjun febrúar síðastliðnum samdi svo borgin við Minjavernd um endurgerð Aðalstrætis 10 og þar eru nú nýhafnar framkvæmdir. Í húsinu hafa síðustu 20 til 25 árin verið reknir skemmtistaðir, en það er merkt að utan með skildi sem „elsta hús í Reykjavík.“ Á skjöldinn er letrað ártalið 1752 og ekki óalgengt að sjá ferðamenn mynda húsið.

## Íbúðarhús, verslun og pöbb

„Þetta hús er nú að öllum líkindum frá árinu 1765, en ef skjöldurinn væri réttur þá væri hér um að ræða elsta hús í Reykjavík,“ segir Þorsteinn, en húsið er eitt þeirra sem reist voru fyrir starfsemi Innréttinganna sem hófu starfsemi í Reykjavík árið 1752. Tveimur árum eftir að byggingar hófust brunnu flest húsin og telur Þorsteinn ekki alveg loku fyrir það skotið að húsið hafi brunnið en verið endurbyggt. „Við tókum við þessum kaleik af borginni fyrir nokkrum vikum síðan og heitir sem svo að við höfum tekið við húsinu til vörslu til 30 ára,

því borgin mun eiga það áfram, meðan Minjavernd á allar endurbæturnar, en þær annast Minjavernd, sem og alla endurgerð, fjármögnun og rekstur á húsinu,“ segir hann og telur ekki að aftur verði öldurhús á þessum stað að loknum endurbótum, en þannig rekstur hafði verið í húsinu frá því þar opnaði Fógetinn í kringum árið 1980. „Fram að því, frá um 1881 var þetta verslun. Frá 1926 voru hér höfuðstöðvar Silla og Valda, en þeir sátu hér uppi við gaflglugga á efri hæðinni hvor á móti öðrum og stýrðu öllum sínum verslunarrekstri.“ Fyrir þennan tíma var hins vegar búið í húsinu og segir Þorsteinn þá nafntogudustu í þeim hópi hafa verið Geir Víðalín biskup og Jens Sigurðsson, þröðir Jóns Sigurðssonar forseta.

Þorsteinn segir ekki alveg búið að ákveða til hvaða hofs Aðalstræti 10 verður fært, en segir heildstæðustu lýsinguna á því vera frá árinu 1823. Þá segir hann ekki búið að ákveða not fyrir húsið en telur líklegt það verði nokkurs konar mót-taka fyrir annað hús sem á eftir að byggja á bak við og tengja með nettum glergangi. „Við látum húsið ráða svolitíð starfseminni. Húsið markar línuna og starfsemin lagar sig að því. Þetta verða að miklu leyti lítil rými og húsið því mögulega aðkoma að annarri starfsemi.“

Þorsteinn er búinn að vera viðloðandi endurgerð og björgun gamla húsa áratugum saman, en hann tók við formennsku í Torfusamtökunum árið 1979. Frá stofnun í apríl árið 1985 hefur hann verið í forsvari fyrir Minjavernd sem þá var sjálfseignarstofnun, en að henni stóðu Fjármálaráðuneytið, Þjóðminjasafnið og Torfusamtökin. Árið 2000 var svo breytt um rekstrarform og Minjavernd gerð að hlutfélagi.

Minjavernd hefur verið með verkefni víða um land og meðal annars stutt við endurbyggingu kirkjunnar í Flatey og endurgert sæluhús bæði á Hveravöllum og svo það elsta sem vitað er um í Landmannalaugum. Núna segir Þorsteinn horft til ýmissa skemmtilegra verkefna og nefnir þar húsbyggingar sem reistar voru þegar síminn var lagður yfir hálendið og sögufræg hús á Seyðisfirði sem stutt gætu atvinnulíf þar í bæ. Þorsteinn er vongóður um að vel gangi við frekari uppbyggingu gamla húsa, hvort heldur sem er í Reykjavík eða úti um land. „Við höfum verið svo heppin að okkar bakhugsun hefur alla jafna notið hljómgrunnns hjá stjórnvöldum, kannski að sumu leyti vegna þess að við höfum ekki alltaf verið að biðja um aur, heldur haft aðrar hugmyndir og vilja standa á eigin fótum svo framast sem við höfum getað og fundið þá aðra fjármögnun með okkur,“ segir hann og vísar til hugmyndafræðis um að reisa hótél í Aðalstræti 16. ■



## HÓTEL LOFTLEIÐIR

ÞEGAR HALDA Á GÓÐAN FUND

- GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
- GÓÐ STADSETNING
- FYRIRTAKS FUNDARADSTAÐA
- FYRSTA FLOKKS VEITINGAR
- VEISLUR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

Hótél Loftleiðir er mjög spennandi og hagkvæmur kostur hvort sem halda á fund, standa fyrir gleðskap eða eiga notalega daga í Reykjavík. Verið velkomin!

Sími: 444 4500  
www.icehotels.is

**IH**  
ICELANDAIRHOTELS  
LOFTLEIÐIR

Nordica • Loftleiðir • Flughótél • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað



# Páskalambið í ár



**að hætti landsliðs matreiðslumeistara**  
Sérvalið lambalæri marínerað í  
ólífuolíu, sítrónu, fersku  
rósmaríni og  
hvítlauk



Barbarie andabringur



Ferskt Kalkúnaskip smjörspautað  
- frábært í ofninn

Kjötið er sérvalið og látið liggja í olífuolíu með fersku kryddi með það að leiðarljósi að ná fullri meyrnun á sama tíma og fersk krydd kryddleggja kjötið án salts. Meyrnun í olífuolíu gefur frábæran grunn til að kjötið verði sem best við náttúrulegar aðstæður án salts.

Fyrir steikingu er stráð sjávarsalti eða öðru hollu salti yfir kjötið til að samræma meyrnan bragðgóðan vöðvann við hóflegt saltbragð og kryddkeim.

## Landsins mesta úrval af ferskum berjum



Bláber



Trönuber



Rifsber



Kíwíber



Blæjuber



Hindber



Brómber

Gildir til 28. mars eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



# Tími kraftaverka

Um páska minnumst við mesta kraftaverks sögunnar þegar Jesús Kristur var pindur og krossfestur til dauða, en reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum. Jesús var kraftaverkamaður númer eitt. Hann lofaði okkur eilífu lífi og er enn bráðlifandi í kærleika og hjörtum nútímans. Og hann slær heldur ekki slöku við í kraftaverkum, ef marka má kirkjunnar menn. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir heyrði af kraftaverkum samtímans hjá þjónum fimm kirkna.

## Stærsta kraftaverk sögunnar

Gunnar Þorsteinsson í Krossinum

Gunnar Þorsteinsson í Krossinum segir kraftaverkamanninn Jesús Krist hvergi af baki dottinn. Hann sjái kraftaverk gerast daglega í nútímanum.

„Stærsta kraftaverkið eru þeir fjölmörgu sem tekið hafa sinnaskiptum, verið rekðil í lífinu árum saman en mæta Drottni sínum og endurfæðast sem sterkir einstaklingar. Síðan koma lækningaundrin, en við eigum tugi vitnisburða um fólk sem hefur læknað af hvers kyns kvillum, bæði vefrænum og sálrænum á samkomum okkar. Ég man eftir ungum, mjög rangeygðum pilti á Hellissandi sem kom á samkomu. Eftir bænir réttust augu hans á staðnum, og á samkomu minni í Póllandi var kolrangeygð stúlka sem fékk lækningu frammi fyrir augum allra. Konan mín átti ekki að geta eignast börn, en við eigum nú fjögur. Kraftaverkin eru því alls staðar í kringum okkur, en kannski tökum við ekki alltaf eftir þeim.“

Gunnar segir ekki hægt að útskýra kraftaverk. Þau séu óútskýranleg.

„Kraftaverk eru daglegt brauð í öllum lífandi kirkjum og söfnuðum. Ef fólk verður þeirra ekki vart ætti það að leggja á flóttu úr þeirri kirkju og finna sér aðra. Maður skyldi alltaf reikna með kraftaverkum því þessi táknu munu fylgja þeim sem trúá. Trúaðir munu

leggja hendur yfir sjúka, lækna, reka út illa anda og svo framvegis, og ef kraftaverkin eru ekki til staðar er trúin það ekki heldur.“

Gunnar hefur margsinnis séð fólk rísa upp úr hjólastólum á samkomum hérlandis og minnst stórsamkomu prédikarans Bennys Hinn á Íslandi þegar færri komust að en vildu. Þá segir hann upprisur enn tíðkast og ekki langt síðan maður reis upp frá dauðum í Afríku.



„Sá maður hafði látist í bílslysi en eiginkonan neitaði að horfast í augu við dauða hans. Hún fór með líkið á samkomu, en var ekki hleypt inn og fór með það í kjallara kirkjunnar þar sem maðurinn reis upp frá dauðum. Til er myndband af þessum atburði sem Eiríkur á Omega hefur í fórum sínum. Þá er víðfrægur mexíkóskur kraftaverkamaður sem aðgang hefur að Hvíta húsinu, en hann hefur reist 200 manns upp frá dauðum.“

## Líklæðin innsiglið

Vörður Levi Traustason, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar í Reykjavík

„Jesús er enn að vinna kraftaverk, hann lifir og framkvæmir undir hvern einasta dag. Það upplifum við fyrir augum okkar á samkomum og í daglega lífinu, bæði þegar kemur að lækningaundrum og lausnum í lífi fólks,“ segir Vörður Levi Traustason, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar í Reykjavík og dregur til vitnis nærtækasta kraftaverkið úr eigin lífi.

„Ég var fimm ára og pabbi 42ja þegar hann slasaðist mjög illa og var ekki hugað líf. Pabbi var húsasmiður og datt ofan af húspaki aftur á bak á ryðgadan og óhreinan tein sem steyptur var í gólfíð. Þegar læknað skáru hann upp lokuðu þeir honum aftur án þess að gera nokkuð meira, því líkami föður míns reyndist undirlagður af krabbameini. Læknað sögðu hann eiga í mesta lagi eina til tvær vikur eftir og voru svo öruggir um að hann myndi deyja að þeir báðu mömmu um leyfi til að kryfja hann eftir andlátíð. Mamma þvertók fyrir það. Hún



sagðist trúá Guð almáttugan, og þar sem pabbi væri ekki enn dáinn gæfi hún ekkert leyfið. Margir báðu til Guðs fyrir heilsu pabba á þessum tíma og þegar heim kemur dreymir mömmu draum. Í honum sá hún líkfyld fara frá heimili okkar í Vestmannaeyjum og niður eftir Vestmannabrautinni, en þegar komið er að æskuheimili föður míns birtist engill sem snýr líkfyldinni við. Í lok draumsins sér hún engilinn koma inn í svefnherbergi þeirra pabba, taka líklæðin og hengja inn í fataskápin. Hún spyr engilinn hvers vegna hann geri þetta. Hann svarar: „Vegna bæna Guðs barna innsigli ég þessi líklæði.“

Þessi líklæði er stórkostlegt kraftaverk. Þegar hann lifði umfram þann tíma sem læknað höfðu gefið honum opnuðu þeir hann aftur en þá fannst ekkert krabbamein lengur í líkama hans. Hann var alheill og hefur verið síðan. Verður reyndar níræður á þessu ári.“

„Sá maður hafði látist í bílslysi en eiginkonan neitaði að horfast í augu við dauða hans. Hún fór með líkið á samkomu, en var ekki hleypt inn og fór með það í kjallara kirkjunnar þar sem maðurinn reis upp frá dauðum. Til er myndband af þessum atburði sem Eiríkur á Omega hefur í fórum sínum. Þá er víðfrægur mexíkóskur kraftaverkamaður sem aðgang hefur að Hvíta húsinu, en hann hefur reist 200 manns upp frá dauðum.“

## Blekingin skyggir á hið ekta

Björgvin Snorrason, prestur Sjöunda Dags Aðventista

„Maður heyrir af kraftaverkum en persónulega reyni ég að fara ekki hátt með slíkt, enda veit maður ekki alltaf upp á millimetra hvar mörkin liggja á milli læknavísinda og yfirnáttúrulegra hluta,“ segir séra Björgvin Snorrason, prestur hjá Sjöunda Dags Aðventistum.

Björgvin segist heyra sögur frá Afríku og Austurlöndum fjær sem stundum nálgist óviðeigandi skrum sögur.

„Kristur sagði oftast einu sinni við lærisveina sína að hafa ekki hátt um kraftaverkin sem hann sjálfur framdi. Í ljós hefur komið að blekkingar hafa verið notaðar og afar leiðinlegt er ef blekking varpar skugga á það sem er ekta. Því vill maður heldur fara hljótt um leið og maður þvertækur ekki fyrir að kraftaverk hafi átt sér stað. Ég veit um einstaklinga sem eru áberandi spastískir og sótt hafa kraftaverkasamkomur en verið reknir á dyr því þeir voru

of veikir til að geta gengið út hækju-laust. Ég hef mínar efasemdir þegar talað er um kraftaverk á færibandi og finnst við eiga að nýta okkur sem best læknavísindin sem eru Guðs gjöf. Þau eru vísindaleg kraftaverk, en með því er ég alls ekki að afskrifa guðleg kraftaverk.“

Að mati séra Björgvins er stærsta kraftaverkið hinn aldráði maður sem veit að ævin er brátt á enda en á samt innri frið, öryggi og fullvissu um að ástvinir biði hinum megin.

„Hinn kristni maður sem er sáttur við Guð og menn er betur í stakk búinn að mæta dauðanum en margur annar. Það finnst mér vera kraftaverk kraftaverkanna; þegar einstaklingur býr yfir innri frið



sáttargjörðar, fyrirgefningar og fullvissu um að Guð er með honum. En ég voga mér líka að segja að ég hef upplifað lækningakraftaverk og þekki persónulega einstaklinga með ólæknað sjúkdóma sem læknað hafa gefið stuttan tíma fram að dauða, en hafa orðið alheilir á óútskýranlegan hátt og lifað heilbrigðir ævina út. Þessir sömu einstaklingar bera ekki kraftaverkin á torg en gefa Guði heiður og þökk fyrir.“

## Auglýsum ekki kraftaverkin

Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur í Hallgrímskirkju

„Kraftaverkið er að gerast á hverjum degi. Kraftaverk lífsins er að gerast allt um kring og ég trúi að Guð sé á bak við allt líf,“ segir séra Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur í Hallgrímskirkju og bætir við að prestar þjóðkirkjunnar biði um kraftaverk Guðs í mörgu tilliti og í hverri einustu messu.

„Við biðjum fyrir því að kraftaverk verði í lífi fólks og höfum til þess helgistundir sem við köllum bænaguðþjónustur og fyrirbæna-messur, þar sem við bjóðum fólki að koma með sín vandamál og bænir. Þar felum við fólk Guði á vald og heyrum oft þakki fyrir að fólk hafi hlotið blessun fyrir, en við höfum enga lista yfir kraftaverkin eða blásu þau út með auglýsingum. Trúin á að Guð geri kraftaverk í lífi fólks er aðeins liður í starfi kirkjunnar.“

Séra Jón Dalbú segir róttæk kraftaverk Jesú Krists í guðspjöllunum hafa verið tengd boðskap hans.

„Ef maður les textana í kringum kraftaverkin tengjast þau alltaf því að Jesús er að kenna fólk um blessun og nálægð Guðs í veröldinni og að kenna því að elska Guð og náungann. Þannig er hægt að sjá kraftaverkin í stóru samhengi hins kristna boðskapar. Ég efast ekki um kraftaverk í stórum sniðum og heyrir oft vitnisburði þar sem læknað sjá ólæknaði mein á myndum sínum sem svo hverfur, og þá þakkar fólk góðum Guði fyrir að hafa gert á því kraftaverk, sem mér finnst yndislegt. Kraftaverk eru því örugglega til og ég geri ekki lítið úr því, en kraftaverk eru fyrst og fremst blessun Guðs í lífi og starfi.“

Auglýstar kraftaverkasamkomur falla ekki að smekk séra Jóns Dalbús.

„Mér finnst það ekki rétt aðferð, enda heimtar maður ekki né pantar kraftaverk eins og úr sjálf-sala. Það er Guðs að ákveða. Ég bendi á Postulasögu þegar Pétur



og Jóhannes voru við fögrudyr musterisins á leið til helgihalds. Þá kemur að þurfandi einstaklingur sem þeir biðja fyrir og hann læknað. Það þýddi ekki að þeir stæðu fyrir utan með auglýsingaskilti, heldur var kraftaverkið í eðlilegu samhengi trúar og bænar. Líf í trú og bænin eru lykillinn að kraftaverkum, sem eru virk í samfélagi þjóðkirkjunnar, svo sannarlega.“

## Tími kraftaverka liðinn

Svanberg Jakobsson hjá Vottum Jehóva

„Nei, hér eru ekki stunduð kraftaverk, enda tími kraftaverkanna liðinn,“ segir Svanberg Jakobsson, fjölmiðlafulltrúi Votta Jehóva, aðspurður um kraftaverk í nútíma meðal safnaðarmeðlima Votta Jehóva.

„Að okkar mati var Jesús að gefa sýnishorn af því sem hann ætlaði að gera þegar Guðs ríki kæmi, með þeim kraftaverkum sem hann vann sjálfur á sínum tíma. Reyndar fengu fylgjendur hans á fyrstu öld bæði hæfileika og kraft til að vinna kraftaverk, en þau liðu alveg undir lok þá þegar á fyrstu öldinni.“







Hótel Reykjavík Centrum er fyrsta flokks miðborgarhótel með 89 herbergi, veitingastað, bar og tvo fundarsali. Nýja hótelið er þriðja hótel Reykjavík Hotels en systurhótelin eru Hótel Reykjavík á Rauðarárstíg og Grand Hótel Reykjavík við Sigtún

*Við óskum Hótel Reykjavík Centrum til hamingju með glæsilegt hótel, veitingastaðinn Fjalaköttinn og barinn Uppsali*



Hótel Reykjavík Centrum • Aðalstræti 16 • 101 Reykjavík  
Sími 514 6000 • Fax 514 6030  
bokun@hotelcentrum.is  
www.hotelcentrum.is



# Fullnuma senuþjófar

Í fjóra vetur hafa þau grenjað, hlegið, gargað, dansað, sungið, elskast og hatast á alla þá lund sem mannskepnunni er eiginleg, en bara dýpra. Eftir veturna fjóra eru þau vis með að stela senunni á komandi árum enda uppfull af sköpunarþrá og hæfileikum. *Borghildur Gunnarsdóttir* og *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* tóku hús á leiklistarnemum lokaárs Listaháskóla Íslands, sem nú sýna hvað þeir kunna í Draumleik Augusts Strindberg í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur.

Oddný Helgadóttir, 23 ára.

## Ævintýragirni

**Af hverju viltu verða leikari?** Bara einhver ævintýragirni í mér.

**Áttu þér draumahlutverk?** Nei, í rauninni ekki.

**Myndirðu koma nakin fram?** Nei, það myndi ég ekki gera.

**Ef ekki leiklist, hvað þá?** Það er svo margt til í heiminum. Ég gæti hugsað mér að gera þúsund hluti.

**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Það er nú örugglega mjög margt. Ég myndi til dæmis aldrei meiða mig eða aðra. Ætli það sé ekki aðallega það.



**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Halldóra Geirharðs er uppáhaldsleikkonan mín.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Já, það fer eftir því hvað þú átt við. Mér finnst það stundum gott en ég er ekki „exhibitionist“.

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta?** Mér finnst mun auðveldara að hlæja.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Nei, ég held ég geri það mjög lítið.

Orri Huginn Ágústsson, 24 ára.

## Veikur fyrir leiklist

**Af hverju viltu verða leikari?** Þetta er æskudraumur. Mér var ýtt nauðugum viljugum út í leiklistina þegar ég var níu ára og þegar ég var búinn að berjast á hæl og hnakka ákvað ég að prófa og hef verið veikur síðan.

**Áttu þér draumahlutverk?** Draumahlutverkið er alltaf það sem maður er að vinna að hverju sinni. Draumavinnan væri þó að vinna við kvikmyndir því þær þykja mér óendanlega spennandi.

**Myndirðu koma nakin fram?** Já ef hlutverkið krefðist þess.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Ég á enga sérstaka en mér finnst frábært að sjá Íslendinga ná árangri hér sem erlendis. Það er ótrúlega hvetjandi og velgengni landa minna er mesti drífkrafturinn.

**Ef ekki leiklist, hvað þá?** Ég veit það ekki. Ég reyndi í tvö, þrjú ár að gera eitthvað annað en kom alltaf aftur í leiklistina.


**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Það er náttúrulega hægt að leggja ýmislegt á sjálfan sig en þegar það fer að hafa áhrif á annað fólk þá þyrfti ég að hugsa minn gang. Sú staða hefur þó ekki enn komið upp að ég vilji ekki gera eitthvað fyrir hlutverk. Ég trúi því að ég geti allt. (hlær)

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Já, ég held að allir sem ákveða að standa á sviði njóti þess. Ég er þó ekki með brjáláða sýniþörf en mér finnst ótrúlegt að geta haft það fyrir atvinnu að standa uppi á sviði og hafa áhrif á fólk. Það er magnað.

**Hvort finnst þér auðveldara að**

**hlæja eða gráta?** Það er ekkert auðvelt að gráta í alvörunni. Þá er nauðsynlegt að vera búinn að koma því þannig fyrir ásamt samleikurunum að það gerist akkúrat þarna í senunni og það er erfitt.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Nei, ég held að ég sé frekar jarðbundinn. Mér er alltaf að takast það betur og betur að vera ég. Þess vegna hefur maður líka sviðið til þess að leika hlutverkið. Ég held ég sé laus við að leika einhvern karakter í daglegu lífi.



Guðjón Davíð Karlsson, 24 ára.

## Vildi geta verið allt

**Af hverju viltu verða leikari?** Þegar ég var fimm ára langaði mig að verða löggætt, slökkviliðsmaður, læknir, kokkur eða dýralæknir. Mér fannst svo kjörrið að gerast leikari og geta þá verið þetta allt. Svo sýktist ég af leikarabakteríunni.

**Áttu þér draumahlutverk?** Mér finnst hvert hlutverk vera draumahlutverk. Í hvert skipti sem ég fer með hlutverk þá sökkti ég mér svo mikið í það að það verður að draumahlutverki. Það væri þó gaman að leika Kasper í Kardimommubænum. Eða Hamlet.

**Myndirðu koma nakin fram?** Það fer allt eftir aðstæðum. Ég myndi ekki gera það nema það þjónaði einhverjum tilgangi og væri gert á smekklegan hátt. Ég hef reyndar gert það. Það fer samt ekkert jafn mikið í taugarnar á mér og tilgangslaus nekt.

**Ef ekki leiklist, hvað þá?** Ég taldi þetta bestu aðferðina til að vinna með þessum sjúkdómi sem leiklistarabakterían er. Það komst ekkert annað að. Ég hefði svo sem alveg fílað að vera kokkur eða geðveikt ríkur. En ég valdi það sem ég hef áhuga á og gerir mig hamingjusaman.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Ég vil ekki nefna nein nöfn en maður sér nú oft leikara erlenda sem inn-



lenda og heillast af þeim. Ég hef verið heppinn að vinna með frábærum innlendum listamönnum. Það er frábært að fylgjast með leikurum vinna vinnuna sína af natni og ást.

**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Ég myndi aldrei skaða sjálfan mig eða aðra fyrir hlutverk. Ég hef mjög skýr siðferðisleg mörk.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Ég er svolítið feiminn að eðlisfari og finnst þess vegna gott að vera í hlutverki. Já, mér finnst það fínt held ég bara, annars væri ég ekki í þessum bransa.

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta?** Það er náttúrulega ekkert mál að hlæja bara. En kúnstinn er að gera það frá hjartanu og þannig að hluturinn verði sannur. Maður er stöðugt að læra að opna nýjar hurðir inn í sálartriði.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Ég held að maður sé alltaf í einhverju hlutverki og allir gera það þó að þeir fangi það ekki. Til dæmis heimahlutverkið, vinahlutverkið, vinnuhlutverkið. Það er bara mannlegt fyrirbæri að vera í hlutverki. En mér finnst þó ekkert eins gott og að vera bara í Góahlutverkinu.

Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, 24 ára.

## Geimveran B2

**Af hverju viltu verða leikari?** Vegna þess að mér finnst leiklistin vera svo hressandi.

**Áttu þér draumahlutverk?** Já það er geimveran B2.

**Ef ekki leiklist, hvað þá?** Þá hefði ég gerst bóndi. Mig langaði alltaf að verða bóndi.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Já margar. Bara allar frábærar leikkonur á Íslandi.

**Myndirðu koma nakin fram?** Já, ég myndi gera það.

**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Ég myndi gera allt fyrir hlutverk.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Já. Á ég ekki annars að vera hreinskilin? (hlær)

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta í hlutverki?** Mér finnst það bara bæði mjög létt.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Já, ætli ég geri það ekki ómeðvitað. Ég reyni samt alltaf að vera heiðarleg en maður setur sig sennilega meira í hlutverk en maður heldur. Ég hef það markmið að vera heiðarleg í lífinu.



Jóhannes Haukur Jóhannesson, 25 ára:

## Skemmtilegra að gráta

**Af hverju viltu verða leikari?** Af því ég nenni ekki að vinna venjulega vinnu. Og finn þörf hjá mér fyrir að gera eitthvað skapandi.

**Áttu þér draumahlutverk?** Já, Jónatan í Kardimommubænum. Ég sá hann í leikhúsinu lítill og þetta er eina hlutverkið sem mig dremir um að leika. Jónatan var heimskastur ræningjanna og maður finnur til samúðar með slíkum. Svo langar mig að leika Lilla klífurmús af því að Örn Arnason lék hann. Ég er sjálfur stór maður og fannst frábært að sjá svo stóran mann geta leikið Lilla klífurmús.

**Myndirðu koma nakin fram?** Já, ég hef gert það, og mundi gera það aftur ef það hefði listrænt gildi. Ég kom fram allsnakinn í *Með fullri reisni* í Tjarnarbíói og fannst það alltaf jafn óþægilegt þótt aðeins í sekúndubrot sæst í það allra heilaga. Slíkt venst ekki beint.

**Ef ekki leiklist hvað þá?** Þá væri ég í tónlistinni. Ég er alltaf að spila hér og þar. Ég leik á gítar og píanó og er sjálfmenntaður í þeim efnum. Er í dúettinum *Acoustic* en við þeysumst um pöbba bæjarins um helgar.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Hilmir Snær Guðnason er goðið mitt. Hann er sætur og svo er hann ótrúlega fær og kann sitt fag, sem er að dæunavert. Ég á líka fyrirmynd í kvikmyndinni *The English Patient*, sem er listaverk. Alltaf þegar ég nálgast listræna vinnu hugsa ég til þeirra myndar sem heilstæðs, góðs listaverk.


**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Ég mundi aldrei gera neitt við líkama minn sem mundi skilja eftir varanleg ummerki, eins og til dæmis ör eða húðflúr.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Já, ég hef þörf fyrir að láta horfa

á mig þegar ég er að gera eitthvað sem krefst þess að fólk horfi á það. Mér þætti eflaust líka gaman ef fólk horfði á mig út af engu, en hef ekki kynnst því.

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta?** Það er auðveldara að hlæja, en það er skemmtilegra að gráta. Það er strembnara og ef maður nær því er uppskeran fyrir erfið stæri.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Já, ég held að allir hagi sér þannig. Við eigum öll okkar mörgu andlit. En stundum er ég bölvaf fífl og læt eins og fáviti. Svo sé ég alltaf eftir því. Ég á mér það til málsbóta.



Ólafur Steinn Ingunnarson, 27 ára:

## Leik hlutverkið Óli Steinn

**Af hverju viltu verða leikari?** Mér finnst þetta rosalega skemmtilegt og eitt-hvað sem ég er til í að gera allt mitt líf. Ég vil fá útrás fyrir sköpunarþörfina.

**Áttu þér draumahlutverk?** Nei, engin. Draumurinn er bara að fá að leika.

**Myndirðu koma nakin fram?** Það mætti alveg skoða það ef hlutverkið krefðist þess.

**Ef ekki leiklist hvað þá?** Þá hefði ég haldið áfram á myndlistarbrautinni, en ég stundaði myndlist við FB, þótt ég sé langt í frá góður teiknari.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Ég á enga eina fyrirmynd, þótt mér finnist undantekningarlaust gaman að



horfa á Ingvar E. Sigurðsson og læri mikið af því. Ég lit upp til allra sem stunda leiklist. Það má læra eitthvað af þeim öllum.

**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Ég mundi aldrei láta tattu vera mig. Ég hef engin sjúklegan hátt. Annars langar ekki í.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Já, örugglega á einhvern sjúklegan hátt. Annars væri maður ekki í þessu.

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta?** Það er jafn erfitt.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Já, eru ekki allir að leika? Ég leik allavega hlutverkið Óli Steinn. Leik til dæmis aldrei lögguna.

Sara Dögg Ásgeirsdóttir, 29 ára:

## Hrífandi mannlegt eðli

**Af hverju viltu verða leikari?** Ég var búin að fara í sálfræði í Háskólanum og fann að það var miklu meiri sálfræði í því að leika en nokkurn tímann því sem ég var að læra uppi í Háskóla. Mannlegt eðli hefur alltaf hrífið mig, að stúdera það hvernig við virkum. Fyrir utan það hvað mér finnst leikhúsið skemmtilegt.

**Áttu þér draumahlutverk?** Ég gæti alveg séð fyrir mér þegar ég er orðin svolítið eldri og reyndari að leika lafði Makbeð. Ég held það krefjist þess að maður kafi djúpt ofan í sjálfan sig og sækir eitthvað sem maður gerir ekki á hverjum degi.

**Myndirðu koma nakin fram?** Ég hef komið nakin fram í mynd en ég yrði að setja hlutina í samhengi til að gera upp við mig hvort ég mundi gera það aftur.

**Ef ekki leiklist, hvað þá?** Þar kæmi margt til greina. Ég hef fundið löngun til að læra lækisfræði, arkitektúr, óhefðbundnar lækningar og ýmislegt fleira höfðar til mín; ferðalög, hreyfing, hestamennska og allt sem snýr að sköpun.

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?** Mér finnst Edda Heiðrún Backman standa upp úr og hef verið aðdáandi hennar lengi.

**Hvað myndirðu aldrei gera fyrir hlutverk?** Alveg örugglega eitthvað en ég yrði að taka á því þegar þar að kæmi.

**Hefurðu þörf fyrir að láta horfa á þig?** Er það ekki frekar ljóst? Ég hef örugglega þörf fyrir að sýna fólki og

miðla með leiklistinni. Utan þess glápi ég bara í spegil. Þannig er sennilega hégómleiki leikara.

**Hvort finnst þér auðveldara að hlæja eða gráta?** Það fer mikið eftir dagsformi hvað manni finnst auðvelt hverju sinni, en kanski tregastrengurinn liggir ofar en hinn hjá mér. Maður er dálítið meyr.

**Seturðu þig mikið í hlutverk í daglegu lífi?** Nei, ekki út hófi fram, en manneskjan er alltaf í þeim aðstæðum að þurfa að setja sig í stellingar.



EKKI NÁÐIST Í ATLA ÞÓR ALBERTSSON



ÓMISSANDI

# Penni og minnisbók

Rithöfundarnir Vilborg Davíðsdóttir og Þórarinn Eldjárn völdu þrjá ómissandi hluti. Bæði völdu þau minnisbók sem er augljóslega nauðsynlegt hverjum rithöfund.



**Vilborg Davíðsdóttir** rithöfundur er þessa dagana að vinna á fullu í næstu bók sinni sem hún stefnir á að koma út fyrir jól. Auk þess útskrifaðist hún nýlega úr háskólanámi í þjóðfræði. Ekki nóg með það heldur er hún einnig heimavinnandi húsmóðir og á níu mánaða dóttur, líka tíu ára og sautján ára börn.

**Kaffibollinn** eftir kvöldmatinn. Sambýlismaður minn malar kaffi á kvöldin og býr til dýrindis kaffi handa okkur eftir kvöldmat. Þetta er algjörlega heilög stund og ómissandi í deginum. Það er svo gott að hafa smá rúttínu í deginum og mér brygði við ef ég fengi ekki kvöldkaffið mitt.



**Litla minnisbókin** mín sem ég hef á náttborðinu. Þetta er eins konar nútubók sem ég skrifa í þegar hugmyndirnar koma sem gerist yfirleitt svona milli svefns og vöku. Það er nauðsynlegt fyrir mig að hafa minnisbók á náttborðinu því þó að ég haldi á mig muni þetta um morguninn þá geri ég það bara ekki. Dóttir mín gaf mér þessa bók í jólagjöf. Hún er voðalega fin.

**Fartölvan** er algjörlega nauðsynleg. Ég skrifa á hana og ég fer með hana út á bókasafn þar sem ég skrifa. Ég nota hana svo rosalega mikið í sambandi við vinnuna og hún gerir mér kleift að vinna hvar sem er. Ég á mjög erfitt með að skrifa öðruvísi en með fingur á lykilorði og handskrifa varla neitt.



**Þórarinn Eldjárn** rithöfundur er nýbúinn að ljúka við Völuspá handa börnum sem er myndskreytt af Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur og á að koma út í vor. Hann situr nú við að þýða ævintýri H.C. Andersens auk þess sem hann er á fullri ferð í ljóðagerð. Hann valdi þrjá ómissandi hluti.

**Minnisbók.** Hún er ómissandi vegna þess að án hennar finnst mér ég nakinn. Þá er ég svo gríðarlega hræddur um að fá hugmyndir sem ég gleymi. Ég er alltaf með bókina á mér svo ég geti skrifað sniðugar hugmyndir niður um leið og þær koma í höfuðið.



**Penni.** Hann er ómissandi fyrir mig til þess að skrifa í minnisbókina. Ég þarf að skrifa niður allar hugmyndir sem ég færi. Ég skrifa niður allt sem mér dettur í hug, allt sem ég heyri og allt sem ég sé. Penninn er nauðsynlegur fylgihlutur minnisbókarinnar.



**Blýantur.** Ég nota hann aðallega til að merkja við og krotta inn í blöð og bækur sem ég er að lesa. Ég get ekki notað pennann í það því þá eyðilegg ég bækurnar. Ég merki við alla athyglisverða staði, þegar ég sé eitthvað sem ég get stolið. Svo er ég líka alltaf að leiðrétta prófarkir og villur hvar sem ég sé þær. Þetta er einhver áráttu hjá mér.



ÁHRIFAVALDURINN PÁLMI SIGURHJARTARSON TÓNLISTARMAÐUR

# Ob-La-Di Ob-La-Da setti í gírinn

Mesti áhrifavaldurinn tengist fyrstu æskuminningunni þegar ég var þrjú ára, fjögurra ára gamall. Þá brast á *Ob-La-Di Ob-La-Da* með Bítlanum í útvarpstækjunu heima og kveikti þannig í mér að ekkert annað kom til greina en að leika á hljóðfæri og spila tónlist. Tveimur árum síðar keypti ég mína fyrstu plötu, *Sergeant Pepper's Lonely Hearts Club Band*, og um sömu mundir var keypt pianó á heimilið. Eldri bróðir minn var sendur í pianónám, en ég byrjaði strax að spila eftir eyranu. Bítlanlöggin urðu strax fyrir valinu, sem og bandaríski þjóðsöngurinn, einhverja hluta vegna. Ári seinna byrjaði ég svo sjálfur að læra en var alltaf fljótari að pikka lagið upp eftir eyranu en að spila

þau eftir nótum. Þótt margt hafi komið og farið síðan Bítlanir voru og hétu, hafa þeir alltaf verið númer eitt í mínu hjarta og endalaus hvatning á tónlistarsviðinu. Víð konan mín fór um Evrópurúnt árið 1998 og þegar til Lundúna kom varð ég vitaskuld að komast á Abbey Road, þar sem ég heimsótti hljóðverið þar sem Bítlanir tóku upp flestar plötur sínar. Gangbrautin fyrir utan stúdíóið,



**BÍTLARNIR Á ABBEY ROAD 1969** Pálmi fór í píligrímsferð á Abbey Road árið 1998, þar sem hann eyddi deginum í að þramma yfir gangbrautina frægu.

þar sem fræg mynd af þeim var tekin, varð mér efni í marga góða göngutúra, en ég hef trúlega labbað þar daglangt yfir gangbrautina í þessari píligrímsferð. Svo bið ég þess að Paul fari aftur í tónleikaferð. Verð að berja hann augum og upplifa á tónleikum, því að Paul var vissulega sá sem hreif mig fyrst með *Ob-La-Di Ob-La-Da*, enda hálfgerður barnasöngur, en eins og Paul og John voru ólíkir er erfitt að gera upp á milli þeirra. Þegar maður eltist og fór að hlusta betur eftir orðunum hafði John vinninginn. Báðir, og í raun allir fjórir, voru mér miklir áhrifavaldar.



**PÁLMI SIGURHJARTARSON TÓNLISTARMAÐUR** Heyrði Bítlana syngja *Ob-La-Di Ob-La-Da* í útvarpinu sem litill hnokki og byrjaði sex ára að glamra Bítlalög á pianóið heima.

# TÖLVULISTINN

**OPID Í DAG 11-16**

**VL15**  
Vaxtalaus í 15 mánuði  
**13.327**

**RISAEGG 1.7KG**  
RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA SÍRÍUS  
FYLGRIR ÖLLUM TÖLVUTILBODUM  
Á MEDAN BIRGÐIR ENDAST

## 2.0GHz

### ACER 1694WLMi Á VAXTALAUSU TILBOÐI

<b>Örgjörvi</b>	2.0GHz Pentium M Dothan760 Intel 915PM Express 533FSB-2MB
<b>Vinnsluminni</b>	512MB 333MHz DDR
<b>Harðdiskur</b>	Einfalt að stækka minnið 80GB Ultra ATA100 4200 RPM hraður og hljóðlátur
<b>DVD Skrifari</b>	8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
<b>Skjár</b>	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite
<b>Skjálkort</b>	128MB ATI Radeon X600 Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
<b>Hátalarar</b>	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
<b>Netkort</b>	Gigabit 10/100/1000 Einnig 56K módem innbyggt
<b>Þráðlaus</b>	54Mbps þráðlaus netkort Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g
<b>Stýrikerfi</b>	Windows XP Home Á íslensku eða ensku
<b>Kortalesari</b>	4 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

# 199.900

VAXTALAUST KRÓNUR 13.327 Í 15 MÁNUÐI

VL15 vaxtalaus tilboð eru miðuð við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða MasterCard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bæist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

# TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730  
Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400  
Hafnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400

ÖLL VÆRU ERU STAÐREKISLUVBÆR MEÐ VINDSÁMAMSKAFTI OG BRIT MEÐ FRIRVARA UM BRETTINGAR OG PRENTVILLUR



# Ópera verður til

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson tónskáld hefur undanfarin ár verið með óperu í smíðum sem hann hefur unnið í félagi við Hallgrím Helga Helgason rithöfund og Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóra. Guðsteinn Bjarnason ræddi við þá um óperugerðina, húsnæðismál Íslensku óperunnar og nýsköpun í tónlist hér á landi.

Þetta er búið að blunda í mér mjög lengi, að semja óperu," segir Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson sem nú er langt kominn með að láta þann draum sinn rætast. Hann hefur undanfarin ár verið að semja tónlist við nýja óperu sem hlotið hefur nafnið Söngvar hjartans, og fékk í lið með sér tvo góða vini sína, þá Hallgrím Helga Helgason rithöfund til þess að semja handritið og Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóra til þess að leggja drög að sviðsetningu og sjónrænni útfærslu verksins.

„Hróðmar kom til mín einn daginn og spurði hvort ég ætti ekki efni í óperu," segir Hallgrímur sem strax hreifst af verkefninu. „Hróðmar hefur samið mikið fyrir sjónvarp, bíómyndir og leikhús svo mér fannst þetta mjög eðlilegt og spennandi skref hjá honum."

## Áhugi á fótbolta skilyrði

Vinnan hefur til þessa að mestu legið á herðum þeirra Hróðmars Inga og Hallgríms, tónskáldsins og textahöfundarins. Hilmar hefur setið með þeim vinnufundi og skotið að þeim hugmyndum en að öðru leyti beðið síns tíma, sem væntanlega kemur þegar nær dregur því að nýja óperan verði sett á svið.

Enn er reyndar óvíst hvort af því verði og ekki er heldur vitað hvort Hilmar muni sjá um leikstjórnina þegar þar að kemur.

„Íslenska óperan hefur sýnt okkur velvilja. Við höfum fengið frá henni styrki án skuldbindinga um að sýna verkið. Það verður bara ákveðið þegar okkar verk liggur fyrir," segir Hróðmar.

Fjórdi maðurinn bættist síðan í hópinn á síðasta ári. Hann er Finnur Arnar Arnarson, leikmyndahöfundur og myndlistarmaður.

„Hann hefur brennandi áhuga á fótbolta sem er algert skilyrði fyrir því að komast í þennan hóp," segir Hilmar kíminn. „Við þurfum nefnilega líka að geta verið svoltið ógáfaðir saman."

## Uppgjör á hálandinu

Óperan gerist öll uppi á hálandi Íslands undir haust. Þangað er komin lítil fjölskylda að sunnan, hjónin Ólafur og Ingunn, bæði um fimmtugt, ásamt uppkominni dóttur þeirra sem heitir Björg. Margvísleg tilfinningaátök brjóstast upp

á milli þeirra, enda á Ingunn skammt eftir ólifað en hjónaband þeirra Ólafs hefur ekki verið gæfuríkt síðustu árin.

Hópur kostulegra áhugaleikara er á ferð um sömu slóðir og blandast inn í uppgjör fjölskyldunnar, auk þess sem kór virkjunarmanna hefur upp raust sína þegar færi gefst og setur þá gjarnan hlutina í stærra samhengi mannlegrar tilveru. Á köflum er reyndar ekki alveg ljóst á hvaða tilverustigi þessir leikarar eru staddir.

„Mig langaði að tefla í verkinu saman trega og gamni á kannski svoltið djarfan hátt, þar sem mér fannst það henta tónlist Hróðmars vel," segir Hallgrímur. „En um leið langaði mig að semja verk sem vísaði í okkar veruleika í dag. Ég hef t.d. gaman af óperum eins og Nixon in China eftir John Adams sem fjallar kannski um svoltið ó-óperulegt efni, – ef það er þá til." Peir leggja jafnframt áherslu á



Hróðmar, Hallgrímur og Hilmar Óperan Söngvar hjartans gerist á hálandi Íslands. Enn er óráðið hvort eða hvar af flutningi verður, en óperugerðarmennirnir vonast til þess að sjá hana á sviði næsta vetur.

að sýningin verði spennandi og áhorfendum sé sifell komið á óvart.

„Svona verk verður líka að vera spennulekrit í bland," segir Hallgrímur.

## Setja markið hátt

Hróðmar er nútímatónskáld en segir tónlist sína hafa mildast töluvert undanfarin ár. Hann þurfi því ekkert að setja sig í neinar stellingar til þess að gera tónlistina aðgengilega fyrir almenning.

„Þetta er mikil leikhústónlist hjá Hróðmar," segir Hallgrímur.

„Útgangspunkturinn hjá okkur er samt fyrst og fremst leikhús," segir Hróðmar. „Til þess að ópera virki þarf hún að vera leiksýning og þess vegna viljum við búa til flott leikhús. Það er lykllinn að þessu öllu saman."

„Ég held að við séum líka allir svoltið veikir fyrir því að skilja alltaf eitthvað eftir handa áhorfendum, að loka ekki hverjum einasta glugga," segir Hilmar. „Það má ekki móða áhorfendur sem vitsmunaverur."

Ferðalag á vit hálandisins má vafalaust túlka sem ferðalag inn á öræfi hugans, enda sækja þeir félagar sér fyrirmyndir að nokkru leyti í verk á borð við Töfraflautuna eftir Mozart og Draum á Jónsmessunótt eftir Shakespeare þar sem ýmis undarleg öfl eru á reiki. Sömuleiðis hafa þeir sótt innblástur í áströlsku bíómyndina Picnic at Hanging Rock sem Peter Weir gerði árið 1975.

Til þess að ná fram þeim ævintýrablae og víðáttum sem sögu svið óperunnar býður upp á, þá er

ljóst að þrengslin í Gamla bíói duga skammt fyrir þá viðamiklu sýningu, sem þeir félagar hafa í huga.

„Við setjum markið mjög hátt," segir Hróðmar. „Við ætlum að búa til það verk sem okkur langar að búa til. Við erum komnir með ein átta hlutverk og kór og ætlum að hafa stóra hljómsveit, svo verður það bara að ráðast hvort einhver vill flytja þetta."

## Deilurnar um óperuhúsið

Miklar umræður hafa verið um húsnæðismál Íslensku óperunnar í fjölmiðlum síðustu vikurnar, í kjölfar þess að Jónas Sen birti grein í Lesbók Morgunblaðsins þar sem hann gagnrýnir Íslensku óperuna fyrir að sníða sér ekki stakk eftir vexti í verkefnavali. Stórar klassískar óperur verði til dæmis ekki svipur hjá sjón þegar þær eru komnar á svið í þessu litla húsi við Ingólfsstrætið.

Margir eiga einnig erfitt með að skilja af hverju úthýsa eigi Íslensku óperunni úr nýja tónlistarhúsinu, samkvæmt þeim hugmyndum sem til þessa hafa verið uppi á borðinu.

„Ópera á samt að mörgu leyti miklu meira skylt við leikhús heldur en tónleikastarfsemi," segir Hilmar. „Við getum orðað það þannig að ef allt færi á besta veg og hlutirnir gerðir eins og á að gera þá, en ekki tekið tillit til stærðar samfélagsins og aðstæðna að öðru leyti, þá eiga þessar tvær listgreinar fátt sameiginlegt vegna þess að þarfirnar eru svo ólíkar. En umræðan er réttlæt看leg vegna þess að íslenskt samfélag ræður illa við þetta

einfaldlega út af smæð."

Upp á síðkastið hefur æ oftar komið til tals að hafa minni sal í húsinu fyrir óperustarfsemi, og þeir félagar gera sér vonir um að sú niðurstaða verði ofan á.

## Tosca átti samt erindi

Þeir félagar eru þó sammála um að stórar óperur eigi fullt erindi til flutnings hér á landi, jafnvel þótt húsnæðið sé ekki eins og best verður á kosið.

„Til dæmis er ómetanlegt fyrir íslenskt tónlistarlíf að fá verk eins og Toscu flutt hér á landi. Þetta er frábær ópera og frábær músík og það er nauðsynlegt að íslenskir tónlistarmenn geti tekist á við þetta."

Hróðmar segist vissulega sakna þess að sjá ekki fleiri nútímaóperur settar upp hér á landi, ekki síst nýjar íslenskar óperur.

„En þótt ég sé nútímatónskáld þá skil ég það samt vel að þeim sem ráða þessu er vandi á höndum."

Hróðmar bendir þó á að á Norðurlöndunum sé löng hefð fyrir því að nýjar innlendar óperur séu frumsýndar á hverju ári. Hilmar nefnir einnig til sögunnar Íslenska dansflokkin, þar sem mikil og frumleg nýsköpun hefur átt sér stað á síðustu árum.

„Hjá Íslenska dansflokkinum er núna kominn grundvöllur að því að vera með sex til átta sýningar á ári. Það fer náttúrulega ekki öll þjóðin á þetta, en fólk veit að þarna getur það gengið að einhverju mjög skapandi, frumlegu og áhugaverðu, og ég held að þetta gæti alveg átt við um óperur líka." ■

## BREYTTUR HEIMUR AÐ DÆMA HINA LÁTNU

### Réttlátur dómur Guðs

Hugmyndir manna um dauðann og það, hvað gerist að honum loknum eru tengdar von þeirra um eilíft líf. Margir kannast við hin guðdómlega gleðileik Dantes, þar sem skáldið fór frá helju til himna og kynntist þar „réttlátur" dómi guðs. Slíkt er þó ekkert bundið við kristnina eina, heldur er hugmyndina um dóm guðs hægt að finna langt aftur í aldir. Ekki eru þó allir jafn sannfærðir um þennan dóm guðs. Efnishyggjumenn halda því fram að guðlegt réttlæti, dómur guðanna yfir hinum látnu, sé ekkert annað en tæki valdhafanna til þess að kúga þegna sína. Ótti og von eykur, að þeirra áliti, félagslega ábyrgð fólksins, sem annars kynni að láta til skarar skríða gegn veikum valdhöfum. Til forna var í flestum tilvikum lítið svo á að framhaldslífið, sem tæki við eftir dauðann, væri framlenging á jarð-

nesku lífi. Því voru líkin grafin með hlutum sem voru hinum látna hjartfölgirnir. En svo virðist verða breyting á, því ekki var lengur um framhaldslíf að ræða heldur annan heim þar sem ójafnvægi hins þekktu heims var fært til betri vegar. Í grófum frá fornegyptskum tíma má glögg sjá þessa breytingu, því milli gamla ríkisins og miðríkisins breytist hugmynd fyrirlíks um dauðann. Á tímum gamla ríkisins voru grafirnar biðstofur að öðru ríki, en á tímum miðríkisins voru þær yfirheyrsluherbergi fyrir næsta líf. En hvernig átti að dæma hvort menn væru hæfir til næsta lífs, hvort þeir hefðu verðskuldað það? Á veggmyndum á grófum í Egyptalandi til forna var ekki óalengt að sjá guði véta sálir hinna dauðu. Hjartað var þá ásetningur hins látna en fjöður, sem var tákn fyrir réttlæti, var látni á hina

vogarskálina. Hinn látni afneitaði löngum syndalista sem var látninn vegna upp á móti góðverkunum. Ef hinn látni stóðst prófið fékk hann nýtt líf með Ósiris, stjórnumanda heimsins, en ef hann féll var honum útrýmt.



GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR DANTES Kirkjan á 15. öld hafði þróað mjög flóknar kenningar um framhaldslífið sem Dante notaði í bók sinni.

BYGGT Á BÓKINNI HUGMYNDIR SEM BREYTTU HEIMINUM SEM KOM ÚT HJÁ EDDU FYRIR SKÖMMU.

**35\* kr. pr. mynd**

## Marstilboð

\* Miðað við 50 myndir eða fleiri


**Upplifðu minningarnar**

**NETFRAMKÖLLUN**

www.netframkollun.is

**HANS PETERSEN**



		
Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 7.07	13.33	20.02
AKUREYRI 6.50	13.18	19.48
Heimild: Almanak Háskólans		

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**

Í dag er laugardagur 26. mars, 85. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Ég missti handklæðið í baðkerið og nú er ég búinn að þurrka mig miklu blautari en ég var þegar ég kom upp úr!



**Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4**

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**

**Þú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)**



# allt

**bílar o.fl.**

Ford Mondeo reynsluekinn

BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



## Skemmtilegt farartæki

Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður, betur þekktur sem Óli Palli á Rás 2, lumar á mótorkjólum í bílskúrnum sem hann er ekki alveg nógu duglegur að nota.

„Ég átti fullt af skellinöðrum þegar ég var yngri, eða á aldrinum fjórtán til sextán ára. Þetta er hins vegar fyrsta alvöru mótorkjól mitt. Það heitir Suzuki Intruder og er orðið gamalt, 1986 módelið. Þetta er rosalega flott hjól og mjög svipað nýjustu hjólunum af sömu gerð. Þannig að þetta er mjög vel heppnað módel.“

Óli Palli hefur í nógu að snúast þessa dagana þar sem hann stendur í húsbýggingum. „Ég hef eiginlega ekkert hjólað síðan síðasta sumar og er með smá samviskubit.

Á meðan margir hjólamenn kíkja út í rútú þá er ég inni í smíðaskapi. Ég er ekki í neinum félagsskap eins og Sniglunum en ég á nokkra vini og kunningja sem eiga hjól. Ég næ lítið að hjóla með þeim en það stendur allt til bóta.“

„Mér þykir vænt um hjólið mitt en ég er ekki alltaf að þússa það,“ segir Óli Palli aðspurður um hvort hjólið sé honum eitt og allt. „Ég lít fyrst og fremst á þetta sem skemmtilegt farartæki.“

Nú er bara spurning hvort Óli Palli þurfi ekki að safna hári til að vindurinn leiki almennilega um það á hjólinu. „Já, það er frekar stutt núna en ég náði að láta það flaksa vel fyrir nokkrum árum. Það er aldrei að vita nema ég safni aftur hári einhvern tímann í framtíðinni.“

[lilla@frettabladid.is](mailto:lilla@frettabladid.is)

## Toyota mest innflutti nýi bíllinn

Í janúar og febrúar á þessu ári voru fluttir inn 2.405 nýir bílar.

Á fyrstu tveimur mánuðum ársins voru 2.405 nýir fólksbílar fluttir inn til landsins, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Mest var flutt inn af Toyota bifreiðum, eða 660, en næstmest af Ford bifreiðum, voru þær 226 talsins, þriðja sætið tekur Hyundai með 159 bifreiðar. Á sama tíma í fyrra voru fluttir inn 1.472 nýir fólksbílar og er því aukningin frá þeim tíma 63,4%. Þar

átti Toyota einnig langflestu bílana, eða 386, sem var 26,2% af innfluttum bílum á þeim tíma.

Af notuðum fólksbílum voru 644 fluttir inn til landsins í janúar og febrúar á þessu ári og var mest flutt inn af Chrysler bifreiðum, eða 119 bifreiðar, og Ford bifreiðum, eða 91 bifreið. En saman eru Chrysler og Ford með tæp 40% af innfluttum notuðum fólksbílum í janúar og febrúar en þriðji mest innflutti notaði bíllinn var Mercedes Benz með 55 bifreiðar. ■

## LIGGUR Í LOFTINU í bílum

**Sendlabílar endurnýjaðir** Atvinnubíladeild B&L mun sjá um endurnýjun og sölu á öllum sölu- og sendlabílum Ölgerðar Egils Skallagrímssonar og Danól næstu fjögur árin samkvæmt nýjum samningi sem fyrirtækin undirrituðu nýlega. Þetta er umfangsmesti langtímasamningurinn sem undirritaður hefur verið á þessu sviði bílaviðskipta.



**Bylting í vörudreifingu** Stórir flutningavagnar með nýja gerð af öxli eru að valda byltingu í vörudreifingu, þar sem þeir henta þrátt fyrir stærðina afar vel til vörudreifingar í þéttbýli.

Öxullinn gerir að verkum að beygjuradiusinn á stærstu gerð af aftanivagni verður svipaður og hjá stórum fólksbíl. B&L atvinnubílar afhentu nýlega Ölgerð Egils Skallagrímssonar einn af fyrstu vögnunum af þessari nýju gerð sem fluttir hafa verið til landsins.

**Mini-skutbíl** Það muna sjálf-sagt margir eldri borgarar eftir langbaksútgáfu gamla Minibilsins sem nefndist Mini Clubman Estate. Nú er á teiknborðinu ný skutbilsútgáfa hins nýja Mini, samkvæmt frétt á vef FIB, en ekki er vitað hvort hann muni fá hið gamla og virðulega nafn, Clubman Estate. Það á eftir að koma í ljós. Bíllinn mun koma á markað innan tveggja ára.



**Bang&Olufsen í Audi** Danska rafeindafyrirtækið Bang & Olufsen, eða B&O hefur hannað og þróað hljómkarfi fyrir hinn nýja Audi A8 og verður fánlegt snemma næsta árs.

Hljómkerfið er sérstaklega hannað fyrir A8 bílinn og það lagar sig að ökuhraða, vindgnaði og dekkjahvini. Hjarta kerfisins er rúmlega 1000 watta magnari sem sendir hljómlist eða talað mál út í 14 hátalara sem hver um sig er knúinn sérstökum magnara.

[bilar@frettabladid.is](mailto:bilar@frettabladid.is)

# Hagstæð sumarhúsalán

**60%** veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is).

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*	Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800	
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610	
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990	

\* Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta



[www.frjalsi.is](http://www.frjalsi.is)



**Aðgát í umferðinni**

Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Sýnum aðgát í umferðinni og verndum með því líf okkar og annarra. Keyrum eftir umferðarreglum og verum vel vakandi undir stýri.



**BRA**  
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS**  
TOYOTA-þjónusta  
CABAS Verkstæði  
Tjónaskoðun fyrir tryggingafélagin  
Réttum og málum allar tegundir bíla  
GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU  
Nýbýlavegi 10 • Kópavogi • Sími 554 2510 • 554 2590 • www.bilasprautun.is

**Bílar & SPORT**  
Áskriftarsími:  
**588 7888**  
www.bilarogsport.is  
Porsche Carrera GT  
Hayabusa  
Lamborghini

**NÝJASTA ÆÐIÐ!**  
**HVELLUR.com**  
G. Tómasson ehf • Smiðjuvegi 8, Kópavogi  
Sími: 577 6400 • www.hvellur.com  
hvellur@hvellur.com

**BH RÉTTINGAR ehf.**  
Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar  
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík  
Sími: 587-2330 - Faxi: 587-9444 - bhgrettingar@is.is  
Tjónaskoðun  
Við réttum og málum fyrir þig  
CABAS verkstæði

**VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU**  
www.muli.is  
CABAS verkstæði  
**MÚLI**  
Bílaþrífing og sprautun  
Hermannshöfða 3 • 111 Reykjavík  
Sími: 587 2323 • Faxi: 587 2340

**VÉLASTILLING S.F.**  
AUBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI  
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460  
Vélastillingar - Hjólastillingar  
Tímareimar - Almennar viðgerðir  
Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bílreiðaréttingar og sprautun  
CABAS  
BÍLREIÐAVERKSTÆÐI  
**JONASAR**  
Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur  
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0087  
Netfang: jonasar@jonasar.is



**REYNSLUAKSTUR**

Ford Mondeo station er bæði stór og gerðarlegur og hreint ekki ólaglegur.

## Stór og þægilegur fjölskyldubíll

Ford Mondeo er stór og mikill bíll. Þar er því rúmt um fjölskylduna, jafnvel þótt hún losi vísitölustærð. Stórt skott í stationbíl er líka ómetanlegt þegar kemur að því að flytja milli staða allt sem slíkri fjölskyldu fylgir, hvort heldur í dagsins önn eða á ferðalagi.

Ford Mondeo fæst í mörgum útfærslum, fjögurra dyra, fimm dyra og fimm dyra station, sem fást í grunnútfærslunni, Ambiente og svo Trend sem er með viðbótarbúnað miðað við Ambiente og Ghia sem er með enn meiri viðbótarbúnað. Loks ber svo að nefna Ghia X sem er kominn með lúxusbúnað eins og leðurklædd sæti, viðarferð í miðjustokk og krómuð handföng á hurðaropnun að innan.

Ford Mondeo Ghia var reynslu-ekinn, sjálfskiptur stationbíl. Þetta er stór og mikill bíll sem gefur tilfinningu fyrir öryggi og stöðugleika. Hann er þægilegur og aðgengilegur á alla lund, fyrir utan auðvitað að vera nokkuð langur þegar kemur að því að leggja í



**FORD MONDEO**  
Verð frá 1.950.000 (Ambiente: fjögurra dyra, 1,8 l, 110 hestaflla vél, beinskíptur)

stæði, en það er víst ekki hægt bæði að eiga kókuna og éta hana, langur bíll er alltaf langur bíll. Bíllinn er með tveggja lítra vél og ágætt afl.

Bíllinn er búinn öllum helstu þægindum, svo sem hita í framsætum (sem undirritaðri finnst að ætti að vera staðalbúnaður í öllum bílum), hita í framrúðum, leðurstýri og rafstýrdum sætum. Í bílnum eru skemmtilegar útfærslur á ýmsum búnaði, svo sem glasahaldari sem sprettur fram úr mælaborðinu, ljós sem kviknar þegar dregið er frá varalitaspeglinum í



sólskygginu og klukkan góða sem er að finna í Ghia bílnum og setur óneitanlega á hann sterkan svip.

Sætisbökinn í aftursæti stationbilsins leggjast alveg að gólfu sem eykur nýtingarmöguleika skottisins í fullri stærð.

Ford Mondeo er bíll sem hentar fjölskyldum sem hafa mikið umleikis. Ekki síst hentar skottið í stationbílnum vel til að henda inn ípróttatöskum, hljóðfærum (ekki henda þeim þó) og öðru slíku dóti sem oft fylgir barnafjölskyldum. Bíllinn er þægilegur í allri umgengni og nægilega stór til að gott pláss sé fyrir alla, jafnvel þótt börnin í aftursætinu séu farin að stálpast.

steinunn@frettabladd.is

## Bílakóngurinn DeLorean allur

Skapari hins fræga DeLorean bíls með nútímalegu hurðirnar er dáinn. Enn er mikil eftirspurn eftir DeLorean bílum.

John Z. DeLorean, eigandi bílaframleiðandans DeLorean, lést sunnudaginn 20. mars. DeLorean fæddist árið 1925 og þótt hans þekktu fyrirtæki hafi aðeins framleitt 8.900 bíla og tapað milljónum þá lifði hann eins og konungur. De Lorean átti í fjölmörgum ástarsamböndum við fyrirsætur og kvikmyndastjörnur og um hann hafa verið skrifaðar að minnsta kosti fimm bækur.

Bandarískir fræðimenn telja að hefði hann fæðst fimmtíu árum fyrr þá hefði hann getað byggt upp eitt öflugasta bílafyrirtæki Bandaríkjanna. En hvað um það. DeLorean nafnið er frægt enn þann dag í dag, án vefa vegna þess að DeLorean DMC-12 bíll var notaður í myndunum Back to the Future sem skartaði meðal annarra stjörnu Michael J. Fox.

Þó að fáir bílar hafi verið framleiddir og um sex þúsund séu enn í lagi í dag, þá er enn mikil eftirspurn eftir DeLorean bílnum og voru meðal annars tólf slíkir boðnir upp á eBay daginn sem hann dó.

DeLorean stofnaði verksmiðju sína árið 1975 en stórt fíkniefnahneyksli varð veldi hans að falli. ■



DeLorean hjá mynd af samnefndum bíl sem hann gerði frægan – en ekki ríkan.





## Hyundai styrkir fótbolta

Hyundai heldur áfram að styrkja íþróttaiðkun.

Hyundai Motor Co. hefur gert nýjan samstarfssamning við FIFA, Alþjóða knattspyrnusambandið eins og kemur fram á heimasíðu B&L, bl.is. Samningurinn gildir frá árinu 2007 til ársloka 2014 og verður Hyundai því áfram einn af sex meginstyrktaraðilum sambandsins. Það felur í sér að Hyundai mun áfram sjá mótstjórnnum heimsmeistaramótins í knattspyrnu fyrir bílum sem flytja meðal annars keppnisliðin og dómara á milli staða. Hyundai hefur einnig styrkt Evrópu-keppnina í knattspyrnu.



Porsche 911 Carrera.

## Nýr lúxusbíll frá Porsche

Porsche heldur áfram að framleiða stærri bíla.

Bílaframleiðandinn Porsche hyggst kynna nýjan bíl í lok ársins. Um er að ræða fimm dyra útfærslu á Porsche 911 sem verður í flokki stærri lúxusbíla. Þessi nýja útfærsla verður líklega kynnt í september á þessu ári en fer þó ekki í sölu fyrr en árið 2009. Nýi bíllinn verður byggður á nýjum undirvagni og hugsanlegt að Porsche leiti aftur í samstarf við Volkswagen. Bíllinn verður líklega um 4,9 metra langur og verður boðinn með fjölbreytilegu safni véla.



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Hvað getur þinn bíll skammstafað mikið?

Mál bílamálanna í líðandi viku er án efa leitinn sem gerð var að þremur ungmennum sem lentu í hremmingum á leið sinni suður Kjöl. Margir hafa orðið til að benda á mistök ferðahópsins eins og auðvelt er þegar aðrir eiga í hlut. Benda menn þá helst á hversu illa fólkið var búið fjarskiptatækjum. Ein CB, GSM, enginn NMT og ekki VHF heldur, hvað þá SSB. En þau voru samt með GPS.

Þetta er alveg slatti af skammstöfunum! Til að snúa þessu yfir á mannámál skulum við kíkja á hvað þessar skammstafanir þýða: CB-(Citizen Band)talstöðvar eru mjög skammdrægar, 3-10 km í sjónlínu, og gagnast nær eingöngu til samskipta innan ferða- eða vinnuhópa.

VHF (Very High Frequency) talstöðvar eru hins vegar langdrægari, allt að 100-150 km í sjónlínu. Auk þess eru endurvarpar um allt land á vegum til dæmis Ferðaklúbbsins 4x4 sem auka enn á drægnina. Mjög margir jeppmenn eru með svona stöðvar í bílum sínum og því ekki ólíklegt að beiðni um hjálp heyrst.

NMT (Nordisk Mobile Telephone) er gamla góða farsímakerfið sem því miður á ekki mörg ár eftir ólifað. Drægni þess er um 100-150 km í sjónlínu og sendar eru staðsettir hér og þar um hálendið. Til samanburðar dregur GSM (Global System for Mobile communications) sími yfirleitt minna en 30 km og enga slíka senda er að finna á hálendinu.

Nokkrir eru svo enn að nota gömlu Gufunesstöðvarnar, eða SSB (Single Side Band modulation). Drægni þeirra fer aðallega eftir loftnetslengd en þær hafa verið notaðar til að tala milli landshluta og jafnvel út fyrir landið. Eigendur bíla með allra stærstu loftnetin eru því ekki nauðsynlega geðveikir, heldur kannski bara forsjálar.

GPS (Global Positioning System) er svo staðsetningartæki sem margir halda að sé nægur búnaður til að fara á fjöll. Það þarf þó að kunna á tækið til að það gagnist. Eins er algjör skylda að hafa áttavita og kort meðferðis, og kunna að nota hvort tveggja, því sá búnaður verður aldrei rafhlöðulaus.

Jeppafólk grínast sín á milli um það hver sé með hæsta „dóta-stuðulinn“. Enda minnir bíll með öllum tækjunum sem talin eru upp hér að ofan orðið töluvert á geimskutlu að innan. En er það ekki betra en að vera... utan þjónustuvæðis?



Jeep Grand Cherokee 2005



**SÉRÞANTANIR ÓSKAST STAÐFESTAR!**

Sérþantanir fyrir Mercedes Benz 3.0 V6 CRD / 4,7 og 5,7 Hemi byrja fyrstu vikuna í apríl


## Amerísk gæði í Garðabæ

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM  
BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

- Eigum á lager nokkra Chrysler 300C
- Bíll ársins 2005 í USA.
- Hæsta einkun í árekstrarprófum 5 stjörnur, samkvæmt EURONCAP



Chrysler 300 Verð frá kr. 3.990.000.-  
Syningarbíll á staðnum



Glæsilegur syningaralur

smiðsbúð 2 - Garðabæ

Fullkomnið þjónustuverkstaði



Studiobilar ehf. Sími: 540 6700 / 5400 800 Fax: 5400 801 - Smiðsbúð 2 - 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opíð mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16  
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstaði með bílanaleitátölu sem tryggir vönduðvinnubrögð

www.studiobilar.is



## Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400



## Réttingaverkstæði

Jóa ehf



Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255  
Fax 564 5254 • rettjoo@rettjoo.is • www.rettjoo.is

BÍLAMÁLUN  
RÉTTINGAR



## AB-VARAHLUTIR ehf.

Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla

Bíldshöfða 18 • 110 Rvk  
Sími 567 6020 • Fax 567 6012  
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00  
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is

Betrí vana - Betri verð

## Vinnuvélanámskeið

Verð kr. 39.900.-

Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd

Sími: 894-2737

www.ovs.is



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.  
Eco Driving

Flest verkalyðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið



miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | www.lodur.is

## ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Bæjarlind 2. Kópavogi

Í Kópavogi kostar þvottur á bíl 1300 kr. en aðeins 990 kr. fyrir hádegis virka daga. Einnig eru í boði kort fyrir 10 þvotta þar sem aðeins er borgað fyrir 8.

25-30 bílar á klst. - lágmarks bið-  
hörkupvottur - gott verð  
Opíð frá kl. 8-19 virka daga  
og 10-18 um helgar.



## ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN**  
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

## ÓDÝR, NOTUÐ OG NÝ SUMARDEKK



Sími 567-6860

FRÉTTIÐ/VAU



Grétar H. Guðmundsson kennir svokallaðan vistakstur sem mengar minna og sparar eldsneyti.

# Vistakstur verndar umhverfið og budduna

Með vistakstri er eldsneyti sparað, minna mengað og umferðaröryggi aukið. Grétar H. Guðmundsson er einn fárra ökukennara hér á landi sem kennir vistakstur.

„Vistakstur snýst fyrst og fremst um breytt hugarfar og aksturslag,“ segir Grétar H. Guðmundsson kennari í vistakstri. Hann segir þessa hugmyndafræði komna frá Fínum sem hafa mikið spád í þessi mál og komu hingað til lands að kenna ökukennurum.

„Ég hef helst tekið hóp frá fyrirtækjum og kennt þeim að aka vistvænt og eru þau flest fyrirtækin að spara um 10% til 15% í eldsneyti eftir námskeiðið, sem getur skipt gríðarlegu miklu máli í útgjöldum,“ segir Grétar.

„Auk þess kallar aksturslagið á aukið umferðaröryggi,“ segir Grétar og neitar því að vistakstur sé á kostnað tíma því oft sparast jafnvel tími við vistakstur. „Flestir komast leiðar sinnar aðeins hraðar með vistakstri án þess þó að það sé verið að fara yfir hámarkshraða,“ segir Grétar og bætir við að þetta snúist ekki bara um að keyra hægar og kitla pinnann minna. „En eins og nafnið bendir til snýst þetta fyrst og

fremst um umhverfið þar sem reynt er að takmarka mengun með meðvituðu aksturslagi,“ segir Grétar.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg, og tók Grétar blaðamann í smá kennsluakstur. Fyrst var ekinn einn hringur án nokkurra leiðbeininga frá kennara, svo aftur með leiðbeiningum frá kennara. Kennari les í tölur í sérstakri kennslutölvu sem mælir aksturslag bílstjóra og í þetta sinn minnkaði bensíneyðslan um heil 22% í seinni hringnum, þegar bílur var ekið vistvænt, en jafnlangan tíma tók að aka hringinn í bæði skiptin.

kristineva@frettbladid.is

### NOKKRAR STAÐREYNDIR UM VISTAKSTUR

Komið hefur í ljós að meðalhraði hækkar með hagkvæmari akstri eins og vistakstri.

Aftanákeyslur eru 30% allra umferðaróhappa í þéttbýli. Ef ekinn er vistakstur eru litlar líkur á aftanákeyslum.

Skaðlegu efnin í útblæstri eru eittraðar lofttegundir sem valda heilsufarsvandamálum. Með vistakstri dregur úr útblæstri.

Hagkvæmasta leiðin til að hægja ferðina er að gira niður og láta hreyfilinn draga úr ferð bílsins, ef vélin er með beina innspýtingu fellur eyðslan þegar í stað niður í núll.

**Peir sem hafa í huga að eignast góðan golfbíl vinsamlegast hafið samband.**



Bílunum fylgir toppur, framrúða og segl.

Einnig bjóðum við mikið úrval aukahluta.

**LEXA**

Akralind 2  
201 Kópavogur  
Sími 565 2000

## Hjólið þykir of hljóðlát

Mótorhjól sem drifið er af vetni mengar ekki og gefur ekki frá sér neitt hljóð.

Fyrsta vetnisdrifna mótorhjólíð verði smíðað og var það frumsýnt í London á dögunum. Eina vandamálið við hjólið sem mengar ekkert, er að það er of hljóðlát og líklegt er að komið verði fyrir tæki sem gefur frá sér hefðbundin mótörjólahljóð.

En þeir sem berjast gegn hávaða fagna því að á markaðinn komi mótorhjól sem gefur ekki frá sér hin hefðbundnu hávaðasömu vélar-

hljóð, en framleiðendurnir segja að hljóð frá hjólinu sé til þess að aðrir vegfarendur verði varir við það. En auðvelt er að slökkva að tækinu sem býr til „mótorhljóðið“.

Hjólið mun ná 80 km hraða á klukkustund og getur gengið stanslaust í fjóra tíma áður en endurhlaða þarf rafhlöðuna. Hjólið mun kosta um 500 þúsund krónur og vatnskenndi útblásturinn er svo hreinn að hægt er að drekka hann.



Fyrsta vetnisdrifna mótorhjólíð hefur verið kynnt í Bretlandi.

## Hágæða Polyurethane húðun í öllum litum

**Rhino Linings**

Mjög sterk, endingagóð og 100% vatnsheld  
Sprautað á flötinn í öllum mögulegum litum



Mjög hagstæð og góð lausn sem hentar vel fyrir pallbíla, báta, íðnaðargólf, hestakerrur, hesthús og margt fleira

Plastver - Drangahrauni 6a - s: 565 0506 - www.plastver.com

## Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



**VIKURVAGNAR EHF.**

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

**ÖKU  
SKÓLINN  
Í MJÖDD**

## Aukin ökuréttindi

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!

Kennt er á leigu-, vöru- og hóperðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.

Skólinn býður uppá nútíma kennsluástöðu og reynda kennara. Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.

Einnig eru í boði námskeið í vistakstri fyrir einstaklinga og hópa.

Sími 567-0300

Parabakka 3 109 Reykjavík  
Netfang mjodd@bilprof.is  
www.bilprof.is



# Toyota kynnir tvo nýja umhverfisvæna bíla

Bílarnir ganga báðir fyrir bensíni og rafmagni. Þeir eru sagðir nýta bensínið best allra bíla.

Bílaframleiðandinn Toyota kynnti í vikunni tvo nýja bíla sem ganga fyrir bensíni og rafmagni. Bílarnir hafa fengið skemmtileg nöfn og kallast Harrier Hybrid og Kluger Hybrid.

Í báðum bílum er að finna kröftugt Toyota Hybrid-kerfi og E-four en það er fjórhjóladrif sem gengur fyrir rafmagni. Forráðamenn Toyota eru afskaplega ánægðir með nýju bílana og segja þessa kynslóð bíla nýta bensínið til hins ítrasta og sennilega sé nýtingin sú besta í heiminum. Bílarnir eru umhverfisvænir enda er í þeim hreinsikerfi sem hreinsar útblásturinn áður en hann fer út í andrúmsloftið. ■



Hér sést forstjóri Toyota Motor fyrirtækisins, Fujio Cho, með nýju bílunum. Harrier Hybrid er á hans vinstri hönd og Kluger Hybrid til hægri.

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

**TOYOTA**  
ÞJÓNUSTA

Viðurkennt  
**CABAS**  
verkstæði



Smíðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi  
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is


### VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



JCB 3cx-4  
árg.1998 Vst.7200



JCB 3cx  
árg.1995 Vst.10200



Komatsu PC45  
árg.1999 Vst.4200



F-H 150W  
árg.1999 Vst.4400



VW LT 46  
árg.1999 ekin 120.000  
Verð 1.847.389 án vsk.  
2.300.000 með vsk.



**VÉLAVERÐ**

Símar 588 2600  
og 893 1722  
www.velaverd.is

Viðurkennt  
**CABAS**-verkstæði

**NY**

**S.P.R.A.U.T.U.N**

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Grófin 7 • Keflavík • Sími: 421 2999 • Fax: 421 2090  
Netfang: nysprautun@simnet.is

[www.nysprautun.is](http://www.nysprautun.is)

**Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla**

Eigum olíusúr í flestar gerðir bíla

Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta

Alltaf heitt á könnunni!

**SMURSTOÐIN**  
STÓRAHJALLA  
K. 594 3438

**TRIO**  
GOLFHJÓL

Partur-Spyrnan-Lyftarar

Eldshöfða 10  
s. 585 2500 og 567 8757

**HÚSBÍLAR**  
-ALVEG MAGNAÐ ÚRVAL!

**56.617** eiðhag SLIM 2

pr. mán. í 84 mánuði\*

\*MIÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 950.000  
STAÐGREIÐSLUVERÐ 4.748.000,-

KOMDU TIL OKKAR OG KYNNTU  
ÞÉR EITT FJÖLBREYTTASTA  
ÚRVAL LANDSINS AF HÚSBÍLUM  
M.A. FORD, FIAT, BENS, FRAM-  
OG AFTURDRIFNIR.  
HÖFUM LÆKKAÐ VERÐIÐ  
Á ÖLLUM HÚSBÍLUNUM FRÁ  
ÞVÍ Í FYRRA.

**VÍKUR**  
V · E · R · K

[www.vikurverk.is](http://www.vikurverk.is) TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

**PIRELLI** **NOKIAN DEKK**

**25% afsláttur**  
af öllum vetrar-  
dekkjum í mars hjá MAX1

Ekki nóg með það, MAX1 býður enn betur.  
Kaupir þú bæði vetrar- og sumardekk í einum  
pakka færðu **15% afslátt**  
af sumardekkjunum.

Hvers vegna átt þú að kaupa  
vetrardekk í mars:

- Góður afsláttur, hagstætt gengi og betri kaup.
- Þú átt dekkinn tilbúin í haust, styttr biðtíma á þjónustu við dekkjaskipti í köldu og leiðinlegu veðri.
- Engin hættu á að ekki fáist réttu dekkinn á bílinn þegar mest á reynir.

Tími þinn er dýrmætur  
Forðastu óþægindi.  
Komdu með bílinn til okkar.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN  
Bíldshöfða. Símar 515 7095 og 515 7096

AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN  
Tryggvabraut. Sími 462 2700

**MAX1**



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

**SMÁUGLÝSINGA-  
SÍMINN ER OPINN  
ALLA DAGA KL. 8-22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA  
DAG ÞARF AÐ PANTA  
FYRIR KL. 15**

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER  
OPIN ALLA VIRKA  
DAGA KL. 8-19**

**AFGREIÐSLAN ER  
OPIN UM HELGAR  
KL. 9-17**

## BÍLAR & FARARTÆKI



## Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



Dodge Caravan 1997, e:140 þ.km. 7manna, "Einn eigandi" Topp-smurbók Skoðun '06. V.790 þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11 S.562-1717 Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf  
Klettháls 11, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
www.bilalif.is**

## automax



Til Sölu. Jeep Grand Cherokee limited 2005 Nýr bíll, Hemi 5.7. 25k aukapakki. Verð 4.890 þ. Uppl. í s. 899 4681 automax.is



Til Sölu Toyota Corolla sedan 2004, 1.8L VVTi sjálfsk. Fallegur bíll verð 1,540 þ. Uppl. S: 899 4681, automax.is



Til Sölu Ford Mustang GT Premium. 2005. Nýr bíll. Með öllum aukabúnaði á alla flottasti. Verð 3.940 þ. Uppl.í s. 899 4681, automax.is

**Automax  
Sími: 899 4681**

## HÖFDABÍLAR ...þar sem bílar setjast



Toyota Avensis 1,8 árg. 2002, ek. 62 þ. km. Sjsk. Fallegur bíll. Verð 1640 þús.

**Höfðabílar  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
www.hofdabilar.is**



Nýr '05 Chrysler Town & Country Ltd. 3,8L Leður, 4 armstólar,fellanleg sæti í gólf, 7 manna, álfelgur, rafknúnar hurðir ofl. Til sýnis á staðnum. Rétt verð um 5.500 þús. Tilboðsverð: 3.990 þús.



Landrover Discovery TD5 diesel, Síðustu tveir sýningarbílarnir frá Þýskalandi, eknir 2 þús.km. og 10 þús km. Leðurinnrétting. Sjálfskipting, rafm.sæti, loftkæling, Sound System, loftpúðafjöðrun ofl. Til sýnis á staðnum. Verð: 3.740 þús. og 3.840 þús.

**Sparibill ehf  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is**

## Bílar til sölu

### Boddyvarahlutir á netinu



**Bíla  
varahlutir.is  
www.bilavarahlutir.is**



M-Benz E 290 TDI, árg. 1999, ek. aðeins 179 þús. km (ekki leigubíll) sjálfskiptur, tvívirk glerþoppluga, spólvörn, abs, ESP stöðuleikakerfi, cruise control, armpúði milli sæta með kælikistu, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, 5 diska geisla-spilaramagasin, kastarar í svuntu, 4x líknarbelgir, xenon aðalljósabúnaður m/hreinsibúnaði og m. fleira Verð: 2390.000.- Uppl. í sínum 825 2205.



Opel Vectra 1.6 GL, 3/2001, ek. 88 þús. km, beinsk., sk. '06, sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum m/koppum, abs, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, líknabelgir, lítað gler, rafmagn í rúðum, reyklaus bíll. Gullfallegur og vel með farinn bíll. Verð aðeins 990.000.- Möguleiki á 100% láni. Uppl. í s. 825 2205/663 9621.



Ford F350 Lariat-Luxury. 2005 módel, Diesel, 6.0L powerstroke, sálfskiptur, með öllu. Flúnkunnýr bíll með pallhúsi. Uppl. í síma 892 8490.



Jaguar XJ6 4.0 árg. '94, ek. 28 þ. mílur, mjög vel búinn og vel með farinn eðalvagn, ekki á skrá, þarfnast lokafrágang eftir sprautun, TILBOÐ ÓSKAST. Skipti athugandi. Sími 587 228 & 820 8816.



Subaru Legacy nýskr 07/03 með álfelgur og dráttarkrók. Bílal. Glitnis getur fylgt uppl s 893 7871

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólkubílum. Uppl. í s. 899 3004.

MMC Lancer Station '93 til sölu. Þarfnast lagf. Tilboð. Uppl. í síma 697 6912.

Til sölu Daihatsu Charade '91. Önytt heddþakking. Nýlegt púst og rafgeymir. Glæný kúpling. Vetrar-og sumar dekk í góðu ástandi. Selst ódyrt. Uppl. í s. 868 9378 e. kl. 18, Ulfur.

Til sölu Subaru Legacy '92. Sæmilegur bíll. V: 150-200þ. Uppl. í síma 861 4267.

### 0-250 þús.



Nissan Sunny árg. 1994 Sjálfskiptur. Ekinn. 136 þús. Staðgr. 230 þús. Uppl. í s. 896 2794.



Nissan Sunny station 4x4, árg '94. Ekinn 137 þ.km. sk.'05. Álfelgur, rafmagn í rúðum og speglum, hiti í sætum. Verð:tilboð 220 þús stögr. Sími 864 9296.



M.Benz E230 '85. Góður bíll, skoðaður '06. Verð 250 þ. Tilboð. Uppl. í s. 895 9844.



VW Golf, árg. '95, ek. 140. þús., álfelgur sumar/vetrardekk fylgja. Þarfnast lagfæringar. Verð 230 þús. Uppl. í s. 691 5137 & 695 2602.



Gullmóli. Nýskoðaður '06. Renault Clio '92. Ekinn 97 þús. Verðhugmynd 160 þús. S. 659 4572.



Pontiac Grand AM 1991, Dekurbíll, einn eigandi, keyrður 130 þ. Verð 290 þ. Sími 864 9101.

Opel Astra St. 1400. Sjálfskiptur, árg' 95, ekinn 157 þús. Uppl. í s. 660 2406.

Tjónabíll Daewoo Matiz, árg. '02. Verð 150 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 694 3117.

VW Polo '96. Þarfnast lagf. v. umferðaróh. Allir varahlutir fylgja. S. 861 7600.

Nissan Sunny '93 1,6 SLX ssk., sk. '06, góður bíll, á mikió eftir. Verð 170 þús. Uppl. í síma 862 1147.

VW Golf 1800 árg. '94, í mjög góðu standi, sk. '06. Verð 150 þús. stgr. S. 822 2455.

Toyota Corolla station 4x4 árg. '91, sk. '06. Verð 120 þ. stgr. Uppl. í síma 855 1700.

Daihatsu Feroza árgerð '91, þarfnast endurskoðunnar. Uppl. í síma 894 6678.

### 250-499 þús.



**100% lán-yfirtaka**  
Subaru Legacy árg. '99, ek. 365 þús., fyrrverandi lögreglubíll. Töluvert yfirfarinn t.d. ný tímareim. Áhv.lán 350 þús. 11 þús. á mán. Uppl. í s. 891 9077 & 848 9215 Torfi.



Renault Laguna '00, ssk, stw, 2000 vél, ek. 76 þús. Ný tímareim, smurbók frá upphafi, rúmögður og vel með farinn fjölskyldubíll. V. 950 þús stgr. S. 660 1908.

Suzuki Swift '95, ekinn 120 þús. Vel með farinn, sk. '05. Uppl. í síma 616 2730 & 821 2279 e. kl. 18.



M Benz 230 E '87. Skoðaður '06. Ásett verð 325.000. Upplýsingar í síma 869 6226, Hlynur.




Opel Astra 1.6 '02, ek. 103 þ. Beinsk. 2 dekkjagangar á álfelgum. Sími 867 5077.



Nissan Primera '97. Ekinn 125.000. Góður bíll, bein sala. V. 420.000. Góður stgr.afsl. S. 694 9515 & 554 0329.



Dodge Neon 1997 ek. 105000 km, 2000cc, ssk, 15" álfelgur. verð 400þ kr uppl í síma 8655804 og 8204483 skoða öll skipti.



Tilboðsverð. Jeep Cherokee Jamboree 2.5. Bsk., árg.'94. Verð 360 þús stgr. Uppl. í s. 616 8827 e. háð.

Opel Astra Station '95, ek. 160 þús., bíll í góðu standi. Uppl. í s. 896 2190.

Til sölu Toyota Carina E 1800cc '96. Ek. 230 þús. Sjálfsk., sumar- og vetrardekk. Rafm. í speglum og rúðum. Sk. '06. Uppl í síma 866 8220 e.kl 15:00.

Landssamband íslenskra útvegsmanna auglýsir styrk til framhaldsnáms í fiskifræði, sjávarvistfræði eða sjávarlíffræði.

Styrkurinn er ætlaður náttúrufræðingum sem hafa lokið eða eru að ljúka grunnnámi í háskóla (B.S. prófi) og hyggjast hefja framhaldsnám erlendis á næsta skólaári.

Styrkupp hæð er kr. 500.000,-.

Umsóknir skal merkja „námsstyrkur“ og senda til Landssambands íslenskra útvegsmanna, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Umsóknum fylgi upplýsingar um námsferil og námsárangur og stutt greinargerð um fyrirhugað nám.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2005.

Nánari upplýsingar veitir dr. Kristján Þórarinnson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna í síma 591 0300.





**KONUNGLEGT STUÐ** Elísabet Englandsdrottning á fast sæti í Royal Albert Hall en lét þó ekki sjá sig á Stuðmannatónleikunum. Stuðmenn létu það þó ekkert á sig fá og mættu með staðgengil hennar hátignar.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN OG JÓHANNES JÓNSSON Í BÓNUS** Skemmtu sér konunglega í Royal Albert Hall.



**ERU EKKI ALLIR Í STUÐI?** Það breytir engu hvort Stuðmenn drepa niður fæti á Kópaskeri, í Reykjavík eða London. Stuðið er alltaf það sama og það var enginn svikinn í Royal Albert Hall á skírdag.

## Ekta íslensk fönn

Um þrjú þúsund manns voru saman komnir í Royal Albert Hall í Lundúnum á fimmtudag til að hlýða á tónleika Stuðmanna. *Kristján Hjálmarsson* komst að því að Stuðmenn kunna sitt fag bæði heima og að heiman.

Á horfendur vissu varla hverju þeir áttu von á þegar þeir mættu í Royal Albert Hall á fimmtudaginn var. Tónlistarhúsið er eitt það virtasta í heimi og rúmar um fimm þúsund manns. Húsið er vissulega stórt og glæsilegt en spurning var hvort Stuðmannafjórið sem einkennt hefur sveitina næði að skila sér til þeirra sem mættir voru, eða eins og Egill Ólafsson orðaði það: „Þetta er eins og á góðu balli í Miðgarði nema það sitja allir stilltir og þrúðir.“

### Stuðsýning

Tónleikar Stuðmanna eru oft á tíðum líkari sýningum en hefðbundnum tónleikum. Það sannadist heldur betur í höll Alberts á fimmtudag. Þorsteinn Stephensen tónleikahaldari byrjaði á því að bjóða áhorfendur velkomna og kynnti því næst sjálfa drottningu Englands til leiks við mikið lófaklapp og hlátrasköll tónleikagesta. Drottningin veifaði til fjöldans í fullum skrúða áður en hún settist niður í hinni konunglegu stúku. Hún hafði hægt um sig vel framan af en hún átti eftir að setja mark sitt á tónleikana svo um munaði áður en yfir lauk.

Eftir kynningu hennar hátignar lék Jakob Frímann hljómsveitarstjóri á staðarorgelið og undirbjó þannig innkomu fjallkonunnar sem Brynja X. Vífilsdóttir túlkaði með ágætum.

Um þrjú þúsund manns voru

saman komnir í salnum og taldist kynningun til að helmingurinn væri heimamenn en hinn helmingurinn Íslendingar. Til að sannreyna það byrjaði hann á sigildum partíleik þar sem hann lét heimamenn og gesti kalla nafn lands síns eins hátt og þeir mögulega gátu. Það var ekki sökum að spyrja, gestirnir höfðu betur og nafn Íslands gall mun hærra við. Að partíleiknum loknum var komið að stóru stundinni – Stuðmenn stigu á svið.

### Hægt af stað

Þótt Stuðmenn beri nafn með rentu fóru þeir frekar rólega af stað. Ný lög voru í forgangi svona rétt til að hita mannskapinn upp en þeim óx ásmegin eftir því sem á leið. Þegar eldri og kannski þekktari lög fóru að hljóma voru áhorfendur ekki lengi að taka við sér – stóðu á fætur og dilluðu sér í takt við tónana. Stuðmenn léku af krafti og fóru gestir vel heitir í hlé.

Eitt aðaleinkenni Stuðmanna hefur um árabil verið nýir og oft á tíðum ansi skrautlegir búningar sem setja skemmtilegan svip á sveitina. Stuðmenn skörðuðu tvenns konar búningum í Royal Albert Hall. Fyrst voru þeir klæddir í kóngabláa hermanna-búninga en í stað buxna voru þeir í samlitum pilsnum og á bakinu blöstu við auglýsingar frá hinu konunglega lyftidufti. Eftir hlé var Ísland í aðalhlutverki og Stuðmenn komnir í Henson-galla í fánalitunum.

### Drottningardans


Stuðmenn byrjuðu eins eftir hlé og fyrir. Þeir fóru hægt af stað en gáfu svo í og það var ekki sökum að spyrja. Ungir sem aldneir hrístuð úr sætum sínum og dönsuðu og sungu með.

Ragnhildur Gísladóttir og Egill Ólafsson fóru á kostum í söng og sama var að segja af sjálfri sveitinni sem fékk stuðning blástursveitar og tveggja gógó-pía sem skutu upp kollinum af og til. Þegar fór að líða að lokum tónleikanna bættist Stuðmönnum óvæntur liðsauki. Drottningin sjálf og Ringo Starr, sem hafði að vísu skotið upp kollinum á miðjum tónleikum, mættu á sviðið til að þakka fyrir sig. Hljómsveitin tók þeim með virtum en hélt fjörinu áfram. Drottningin og Ringo brugðust vel við og dönsuðu með þeim eitt lag. Það þarf þó vart að taka fram að um tvífaru hennar hátignar og Bítílsins var að ræða en þau settu svo sannarlega skemmtilegan svip á sýninguna.

Með síðustu lögum kvöldsins var Sísí fríkar út og fleiri stuðlög. Áhorfendur voru löngu staðnir upp úr sætum sínum og dönsuðu og sungu hástöfum með. Eftir hvert upplappið af fætur var komið að Sigurjóni digra sem kvaddi kvöldið með stæl.

Stuðmenn sýndu það og sönnuðu að það skiptir ekki máli hvar partíið er, Miðgarður eða Royal Albert Hall, alls staðar er hægt að slá upp ekta íslensku sveita-balli. ■





**HVARFLJÓMUN** Sjálflýsandi armbönd og náskyldir hlutir, svo sem glóstaugar (e. glow sticks) eða lýsandi hálsmen, byggja á hvarfljómun.

## Sjálflýsandi armbönd

AF HVERJU LÝSA SJÁLFLÝSANDI ARMBÖND OG ANNAN ÞESS HÁTTAR?

**Svar:** Sjálflýsandi armbönd og „annað þess háttar“ byggja á efnahvörfum sem leiða til útgeislunar frá orkuríkum sameindum eða frumeindum. Slíkt nefnist hvarfljómun (e. chemiluminescence).

### Útvermin efnahvörf

Svonefnd útvermin (e. exothermic) efnahvörf valda orku myndun jafnt sem nýmyndun efna. Dæmi um slík efnahvörf er til dæmis bruni þar sem orkan losnar öðru fremur á formi varmaorku sem við skynjum sem hita. Til er fjöldi útvermina efnahvarfa, þar sem orkan losnar hins vegar á formi ljósorku. Undanfari ljósorkulosunar í efnahvörfum er myndun efniseinda (sameinda eða frumeinda) á orkuríku formi. Slíkar eindir eru skammlífir og tapa orku sinni skjótt á formi ljósorku. Þetta nefnist hvarfljómun. Ýmis efnahvörf sem eiga sér stað við bruna eru einmitt dæmi um slíkt. Ljósorkan sem þá losnar birtist okkur sem logi.


### Hvarfljómun

Sjálflýsandi armbönd og náskyldir hlutir, svo sem glóstaugar (e. glow sticks) eða lýsandi hálsmen, byggja á hvarfljómun. Ljómunin er gjarnan mynduð með þeim hætti að vökvalausnum með hvarfefnum er blandað saman

inni í plasthulsum. Til dæmis samanstandur glóstaugar af vökvafylltum glersívalningi innan í vökvafylltri plasthulsa (sjá mynd). Þegar plasthulan er beygð brotnar glersívalningurinn og lausnirnar tvær blandast. Efnin í lausnunum tveimur hvarfast þvínæst og hvarfljómunin verður sýnileg. Litur hvarfljómunarinnar er háður efnasamsetningu lausnanna.

### Umframorka í formi ljósorku

Þegar efni í lausnunum tveimur (til dæmis A og B) hvarfast, myndast orkuríkar eindir (sameindir eða frumeindir, til dæmis C\*). Þessar orkuríku eindir lifa einungis í örskamma stund og tapa umframorku sinni í formi ljósorku sem mannsaugað skynjar sem lit. Þetta má tákna almennt með eftirfarandi hætti:



### Peroxið og lífræn litarefni

Meðal efna sem algengt er að nota í slíkri hvarfljómun eru peroxíð (efnatákn:  $H_2O_2$ ) og ýmis lífræn litarefni. Viðkomandi efnahvörf losa úr læðingi orku úr efnatengjum peroxíðs og valda orkuvörpun litarefnasameindanna sem ljóma eftir það. Litur ljómunarinnar ræðst þá af samsetningu litarefnasameindanna.

Ágúst Kvaran, prófessor í efnahvörfum við HÍ.

## Í gríð og erg

HVAÐAN ER ORÐATILTÆKIÐ „Í GRÍÐ OG ERG“ KOMIÐ?

**Svar:** Kvenkynsorðið gríð merkir „ákafi, áfergja“ og er skylt orðinu gríður sem var í fornu skáldamáli notað sem tröllkonuheit, meðal annars í kenningum. Með gríðar stóði, gríðar grástóði og gríðar fákum er til dæmis átt við úlfa í kveðskap.

### Tröllkonan Gríður

Gríður hét einnig tröllkona sú sem Þór átti soninn Viðar með samkvæmt Snorra-Eddu. Gríðar er algengur herðandi forliður um eitthvað mikið, til dæmis í gríðarstór, gríðarmikill, gríðarlegur.

### Orðið gríð er notað eitt og sér

Gríð eitt sér þekkt vel. Til dæmis er talað um að vinna í gríð, yrkja í gríð, drekka í gríð og svo framvegis og er merkingin „af kappi, í ákafa“. Orðasambandið í gríð og erg virðist ekki gamalt í málinu. Elstu dæmi Orðabókar

Háskólans eru frá því snemma á 20. öld. Heldur eldri eru í gríð og ergju, í gríð og ergi, í gríð og kergju og í erg og gríð. Kvenkynsorðið ergi merkir „geðvonska; ákafi“ og ergja „gremja; ákafi, ágirnd“ í nútímamáli en í fornu máli merkti ergi einnig „losti, bleyði, samkynhneigð (karla).“

### Orðið erg kemur ekki fyrir sjálfstætt

Gríð og ergi eða ergja merkja nánast hið sama en slíkt er ekki óalgengt í orðasamböndum og er notað til áherslu. Orðið erg kemur ekki fyrir sjálfstætt og er aðeins þekkt úr orðasambandinu. Í gríð og kergju er sennilega þannig til orðið að ergi eða ergja hefur ekki verið mönnum tamt og er þá gripið til orðs sem talið er geta skýrt sambandið. Kergja merkir þrjú, tregða.

Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar Háskólans

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hverjir voru helstu guðir Súmera, hvað er eiginlega vitlaus beinið, er löglegt að framleiða djarfur fullorðinsmyndir á Íslandi, hvernig er best að byggja upp gott sjálfstraust, hvað var spánska veikin, hvað er Genfarsáttmálinn og er bannað að borða sitt eigið hold? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð inn í leitarvél vefsins á slóðinni [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).

ÞEGAR MIKIÐ LIGGUR VIÐ

## Afgreiðslutímar um páskana

### NEYÐARÁSTOD

**Slysa-og bráðamóttaka** á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi er opin allan sólarhringinn alla páskahelgina og sinnir neyðartilfellum. Síminn þar er 543 2000.



### HEILSUGÆSLA

**Læknavakt heilsugæslunnar** á höfuðborgarsvæðinu er með móttöku á Smáratorgi kl. 9-23.30 yfir páskahelgina og vitjanþjónustan er opin allan sólarhringinn. Síminn er 1770.

**Neyðarlínan** svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabíreiðir og lögreglu um allt land í síma 112.

**1717 er sími Vínalínunnar og Rauða krossins.** Þar er svarað allan sólarhringinn um páskana sem aðra daga í síma 1717.

**Stígamót:** Lokað yfir páskana.

**SÁÁ, Afgreiðslan á Vogu og göngu-deildir:** Lokað yfir páskahelgina.

**Kvennaathvarf:** Opnið allan sólarhringinn á páskahátíð. Síminn er 561 1205

### TANNLÆKNAPJÓNUSTA

Tannlæknar eru með neyðarvakt í dag og yfir páskana á milli kl. 11-13 eins og hér segir:

**Laugardagur** Bjarni Sigurðsson Faxafeni 11, Reykjavík sími 588-8866

**Páskadagur** Birgir Ólafsson Melhaga 20-22, Reykjavík sími 557-7791

**Annar í páskum** Hlynur Þór Auðunsson Hamraborg 5, Kópavogi sími 564-2660

### APÓTEKIN

**Lyfja í Lágmúla og á Smáratorgi.** Opnið milli 8 og 24 alla páskahelgina.

### STÓRMARKAÐIR

**10-11:** Laugardagur: Opnið kl. 9-24  
**Páskadagur:** Lokað en opnað um miðnætti í Lágmúla, Staðarbergi, Hafnarfirði og Akureyri.  
**Annar í páskum:** Opnið kl. 9-24 nema í ofantöldum verslunum þar sem opið er allan sólarhringinn.

**11-11:** Laugardagur: Opnið milli kl. 9 og 11 nema hvað verslanir í Gilsbúð í Garðabæ og Brekkuhúsum í Grafarvogi opna kl. 8.  
**Páskadagur:** Lokað en opnað á Skúlagötu um miðnætti.  
**Annar í páskum:** Opnið milli kl. 9 og 11 nema hvað verslanir í Gilsbúð í Garðabæ og Brekkuhúsum í Grafarvogi opna kl. 8 og á Skúlagötu er opið allan sólarhringinn.

**BÓNUS:** Laugardagur: Opnið kl. 10 til 18.  
**Páskadagur:** Lokað.  
**Annar í páskum:** Opnið í sunnudagsbúðum frá kl.12 til 18, þ.e. í Reykjanesbæ, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði, Borgarnesi, Mosfellsbæ, Grafarvogi, Holtagörðum, Krínglunni, Smáratorgi, Hraunbæ, Hafnarfirði, Hveragerði, Selþjarnarnesi, Stykkishólmi og Smiðjuvegi.

**EUROPRIS:** Laugardagur: Opnið milli 11 og 18  
**Páskadagur:** Lokað.  
**Annar í páskum:** Opnið milli 11 og 18.

**FJARÐARKAUP:** Laugardagur: Opnið milli kl. 10 og 17.  
**Páskadagur og annar í páskum** Lokað.

**HAGKAUP:** Laugardagur: Opnið milli kl. 10 og 18.  
**Páskadagur:** Lokað  
**Annar í páskum:** Opnið milli kl. 12 og 18 nema lokað í Krínglunni.

**KRÓNAN:** Laugardagur: Opnið milli kl. 11 og 19.  
**Páskadagur og annar í páskum:** Lokað.

**NETTÓ:** Laugardagur: Opnið milli kl. 10 og 18 nema í Kópavogi er opið til kl. 20.  
**Páskadagur:** Lokað  
**Annar í páskum:** Opnið milli kl. 10 og 18 nema í Kópavogi er opið til kl. 20.

### SAMGÖNGUR

**Strætó bs.** Laugardagur: Ekið samkvæmt laugardagsáætlun.  
**Páskadagur:** Akstur hefst um kl. 13.00 og ekið samkvæmt sunnudagsáætlun.  
**Annar páskadagur:** Akstur eins og á sunnudögum.

**Flugfélag Íslands:** Laugardagur: Flugíð samkvæmt áætlun vítt og breitt um land.  
**Páskadagur:** Ekkert flug.  
**Annar í páskum:** Flugíð samkvæmt áætlun.



**Herjólfur:** Laugardagur: Ein ferð hvora leið milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja.  
**Páskadagur:** Engar ferðir.  
**Annar í páskum:** Tvær ferðir hvora leið milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja.

**Sérleyfishafar á BSÍ:** Laugardagur: Ekið samkvæmt tímatöflu og aukaferð til Akureyrar  
**Páskadagur:** Ein ferð milli Akraness/Borgarness og Reykjavíkur og ein ferð milli Reykjavíkur og Selfoss.  
**Annar í páskum:** Ekið samkvæmt helgaráætlun.

# vor í lofti

– sérstakur glaðningur fyrir árrisula

## tilboðsdagar í Leifsstöð

Páskagjöfin er afhent í innritunarsal og í afgreiðslu Securitas á bílastæðum.

Athugið að innritun hefst kl. 5.00.

Það er vor í lofti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Dagana frá **15. til 28. mars** verða verslanir á svæðinu með spennandi tilboð á ýmsum vörum.

Allir farþegar, sem mæta í innritun fyrir kl. 6 að morgni, fá páskagjöf og njóta sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.



Peir sem taka rútu Kynnisferða kl. 5.00 fá **15% afslátt**.



Þeim sem mæta á einkabílum fyrir kl. 6 býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á bílastæði Securitas.



ferð til fjár!  
Friværslun Leifsstöð





## Aðal leikur dagsins

### Handbolta- og körfuboltaveislur

Það er nóg um að vera á innlendum vettvangi á morgun. Úrslitakeppni Intersportdeildarinnar heldur áfram með leikjum í Keflavík og í Stykkishólmi og þá verða ungmenna- og A-landslið karla í handbolta í eldlinunni í Laugardalshöll.

**sport**  
sport@frettabladid.is



# 60 MEÐ SKÚLA TYSON

SEKÚNDUR

Af hverju box? Af hverju ekki?

**Mike Tyson eða Lennox Lewis?** Tyson.

**Ómar eða Bubbi?** Bubbi, hann er meiri töffari.

**Bjór eða rauðvín?** Bjór.

**Impreza eða Golf?** Golf. Impreza er algjört drasl. Ég myndi ekki láta sjá mig dauðan í Impreza.

**Er glasið hálfullt eða háltómt?** Það er háltómt.

**Ice T eða Ice Cube?** DMX, hann er svalastur.

**Ljósabekkur eða brúnkukrem?** Sitt lítið af hvoru.

**Hvað myndirðu endast lengi gegn Tyson?** Veit það ekki en það yrði samt væntanlega undir mínútu.

**Hvern viltu helst berjast við?** Erfitt að segja því þeir myndu allir berja mig. En það væri heiður að standa í hringnum með Roy Jones Jr.

**Rocky Balboa er...** nagli.

**Njarðvík er...** íslenska útgáfan af Harlem.

**Keflavík er...** töffarastaður.

## > Við fordæmum ...

... stuðningsmenn körfuboltaliðs Keflavíkur sem hafa nú, annað árið í röð, hafist handa við að koma andstæðingum Keflavíkur í úrslitakeppninni úr jafnvægi með lúalegri framkomu. Nokkrir vel valdir leikmenn íR hafa vaknað við símhringingar og SMS-skilaboð undanfarnar nætur frá stuðningsmönnum Keflavíkur þar sem þeim er hreinlega hótáð öllu illu.

## > Við hvetjum ...

... landsmenn til þess að fjölmenna á landsleikina í Höllinni enda ekki oft sem slík handboltaveisla er í boði hér á landi. Mætingin í gær var ágæt en stemningin afleit. Til að mynda heyrðist hin fróma setning „Áfram Ísland“ mjög sjaldan og af fáum einstaklingum.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Undankeppni HM í handbolta U-21

ÍSLAND–HOLLAND 33–27  
**Mörk Íslands:** Ásgeir Örn Hallgrímsson 10 (13 skot), Arnór Atlason 8/4 (14/6), Andri Stefan 4 (4), Ragnar Hjaltsted 4 (7), Emir Hrafn Arnarson 3 (4), Einar Ingi Hrafnsson 1 (3), Kári Kristjánsson 1 (2), Árni Þór Sigtryggsson 1 (5/1), Árni Björn Þórarinnsson 1 (2), Daniel Berg Grétarsson 0 (2/1).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13/2 (af 28/2, 46%), Pálmar Pétursson 9 (af 21, 43%).  
**Hraðaupphlaupsmörk (3):** Ásgeir Örn 1, Andri 1, Ragnar 1.

**Fiskuð víti (8):** Andri 3, Arnór 2, Kári, Daniel Berg, Árni Björn.

**Stoðsendingar (20):** Arnór 7, Andri 5, Ásgeir Örn 3, Emir, Ívar Grétarsson, Árni Þór. Magnús Stefánsson, Ragnar.

**Úkraína vann Austurríki** í hinum leik undanræðilsins 30–27 eftir að hafa verið 13–16 undir í hálfleik.

### Vináttuleikur í handbolta

ÍSLAND–PÓLLAND 38–33  
**Mörk Íslands:** Einar Hólmgeirsson 12 (16 skot), Alexander Peterson 5 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 5/3 (8/4), Jalesky Garcia 5 (10), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (5), Vignir Svavarsson 2 (2), Róbert Gunnarsson 2/1 (4/2), Dagur Sigurðsson 1 (1), Þórir Ólafsson 1 (1), Baldvín Þorsteinsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 0 (1), Markús Máni Michaelsson 0 (1).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 28/2 (af 60/6, 47%), Hreiðar Guðmundsson 1/1 (af 2/2, 50%).

**Hraðaupphlaupsmörk (9):** Peterson 2, Dagur, Þórir, Guðjón Valur, Garcia, Baldvín, Vignir, Einar.  
**Fiskuð víti (6):** Guðjón Valur 2, Snorri Steinn 2, Garcia, Róbert.

**Stoðsendingar (23):** Guðjón Valur 5, Peterson 5, Dagur 4, Snorri Steinn 3, Þórir 2, Garcia 2, Ingimundur, Einar.

**Mörk Póllands:** Piotr Obrusiewicz 12/5, Karol Bielecki 6, Daniel Urbanowicz 5, Bartosz Jurecki 4, Wojciech Zydron 4, Piotr Grabarczyk 1, Patryk Kuchczynski 1.

**Varin skot Póllands:** Sławomir Szymal 8/1, Artur Banisz 4.

### Undankeppni HM í fótbolta U-21

KRÓATÍA–ÍSLAND 2–1  
0–1 Ingi Hrafn Guðmundsson (43.), 1–1 Neven Vukman (45.), 2–1 Mladen Bartulovic (80.).

# Einar og Birkir Ívar sáu um að afgreiða Pólverja

Einar Hólmgeirsson og Birkir Ívar Guðmundsson fóru á kostum þegar Ísland vann sannfærandi sigur á Póllandi, 38-33, í Laugardalshöll í gær. Þetta var fyrsta viðureign þjóðanna af þremur.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik lék á alls oddi í sínum fyrsta heimaleik undir stjórn Viggós Sigurðssonar þegar það mætti Pólverjum í vináttulandsleik í gær. Fyrstu mínútur leiksins lofuðu ekkert sérstaklega góðu en svo datt íslenska liðið í girinn svo um munaði. Það skildi Pólverja fljótlega eftir í rykinu og leit aldrei til baka.

Íslenska liðið leiddi í hálfleik með sex mörkum, 20-14, og pólska liðið komst aldrei nálægt því íslenska í síðari hálfleik. Sigurinn var mun öruggari en búast mátti við í fyrstu en Pólverjar munu eflaust bita betur frá sér í dag.

Líðsheild íslenska liðsins var frábær en tveir menn stóðu engu að síður upp úr. Þeir heita Einar Hólmgeirsson og Birkir Ívar Guðmundsson. Einar skoraði 12 stórkostleg mörk úr 16 skottíraunum og Birkir Ívar varði hátt í 30 skot, mörg hver úr dauðafærum. Margir biðu spenntir eftir að sjá Jalesky Garcia Padron en hann sneri aftur eftir hasarinn fyrir HM og hann sýndi að liðið getur vel notað hann í vörninni þótt skotnýtingin sé sjaldnast góð en hann klúðraði fjórum fyrstu skotum sínum að þessu sinni.

Hinn umdeildi framliggjandi varnarleikur liðsins lofaði ekki góðu framan af en hann small saman fljótlega í fyrri hálfleik og varnarleikurinn sem liðið spilaði í þessum leik var sá besti undir stjórn Viggós Sigurðssonar. Mótherjinn skoraði engu að síður yfir 30 mörk en það breytti engu að þessu sinni.



**ÖSTÖÐVANDI** Pólverjar réðu ekkert við stórskyttuna Einar Hólmgeirsson, sem fór á kostum í Laugardalshöllinni í gær. Hann skorar hér eitt af tólf mörkum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það var boðið upp á flugeldasýningu í sókninni þar sem Einar Hólmgeirsson skaut upp tívólbombunum en hann sá til þess að enginn saknaði Ólafs Stefánssonar í gær.

„Ég vil nú ekki meina að ég sé í neitt sérstöku formi enda er ég alveg búinn á því,“ sagði Einar hógværi í leiklok. „Ég hef lítið æft síðustu vikur vegna meiðsla

og það er flott að koma heim og spila sig í form. Ég sætti mig alveg við þessi tólf mörk í dag,“ sagði Einar og hló.

Það var einnig gaman að fylgjast með Snorra Steini Guðjónsyni í leiknum en hann minnti rækilega á sig eftir að hafa komið inn úr kuldanum og Alexander Peterson var einnig drjúgur.

henry@frettabladid.is

## ÚR SPORTINU

**Felix Magath**, þjálfari Bayern München, segir sitt lið vera betra en Chelsea. Bayern og Chelsea mæstast í 8 liða úrslitum Meistaradeildarinnar í byrjun apríl og segist **Magath** fullviss um að sitt lið fari áfram. „Ég held að Chelsea sé í lakara formi nú en fyrir þremur mánuðum og leikjaálagið er farið að segja til sín. Þetta er góður tími til að mæta þeim,“ segir **Magath**.



**Ralf Schumacher** segist alls ekki sjá eftir því að hafa skipt úr **Williams** yfir í **Toyota** fyrir nýhafið keppnistímabil í Formúlu 1. Hann

telur að Toyota-liðið muni berjast um titilbilasmíða í ár. „Ég held að enginn hafi búist við þeim árangri sem við höfum náð á fyrstu tveimur mótum ársins. Við höfum góðan grunn sem við byggjum á og ég held að við munum hafna ofarlega í mörgum mótum í ár.“

**Xavi**, miðjumaður hjá Barcelona, vill ólmur að **Shaun Wright-Phillips** verði keyptur til félagsins fyrir næstu leiktíð. **Xavi** kveðst mjög hrifinn af **Wright-Phillips** og vill að Barcelona yfirbjóði Arsenal, Chelsea og Liverpool, sem öll eru talinn hafa mikinn áhuga á vængmanninum. „Hann er stórkostlegur leikmaður og myndi njóta mikillar velgengni hjá Barca,“ segir **Xavi**.

**LA Lakers** tapaði í fyrrinótt sjö- Lunda leik sínum í röð í NBA-deildinni í körfubolta. Í þetta sinn steinla liðið fyrir **Denver**, 117-96, og er nú orðið tvísýnt hvort liðið nái inn í úrslitakeppnina. Yrði það í fyrsta sinn í 11 ár sem það gerist. „Við erum að reyna að snúa blaðinu við. Liðin sem við höfum verið að mæta hafa einfaldlega spilað betur en við,“ sagði einstaklega spakur **Kobe Bryant** eftir leikinn.



# GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARAÐU  
PENINGA

## DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

**MICHELIN**

**BFGoodrich**

755 3355

DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN DEKKJA LAGERINN

Skeifunni 3c  
108 Reykjavík

Víðarhöfða 6  
110 Reykjavík

Smíðjuvegur 6  
200 Kópavogi

Melabraut 24  
220 Hafnarfirði

Iðavöllum 8  
230 Keflavík

Flugumýri 16  
270 Mosfellsbæ

Sólbakka 8  
310 Borgarnesi

Njarðarnesi 1  
603 Akureyri

Miðási 23  
700 Egilsstöðum

Víkurbraut 4  
780 Höfn

Gagnheiði 13  
800 Selfossi

FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK • FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK • FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK



# ÞESS ÞETTA VEGNA ÞIG SKIPTIR ÞIG

Í störfum okkar á fréttastofum Ríkisútvarpsins leggjum við okkur fram um heiðarlegan og óhlutdrægan frétt aflutning. Okkar trúnaður er við hlustendur og áhorfendur.

Með fagmannlegum vinnubrögðum leitum við allra leiða til að færa áhorfendum og hlustendum staðreyndir mála. Það kostar mikla vinnu og algjört traust viðmælenda okkar og heimildarmanna.

Reglulega er reynt að hafa áhrif á okkur til að kæfa mál eða sveigja frétt aflutning að ákveðnum hagsmunum. Í þessum hópi eru meðal annars stjórnámamenn og starfsmenn stjórnámaflokka, forsvarsmenn fyrirtækja og fulltrúar félagsamtaka.

Við erum ekki hrædd við að verja starf okkar en til þess þurfum við fulltingi heiðarlegra og kröftugra fréttastjóra. Þeir eiga lokaorðið um hvaða fréttir við flytjum og þurfa að hafa sterk bein og mjög mikla reynslu til að láta ekki undan þrýstingi.

Við getum ekki treyst fréttastjóra með afar takmarkaða reynslu af fréttamennsku. Við getum ekki treyst fréttastjóra sem ráðinn er á pólitískum forsendum þrátt fyrir að vera reynslu-minnsti umsækjandinn um starf fréttastjóra. Við getum ekki unnið þar sem fagleg sjónarmið eru að engu höfð. Getur þú treyst þannig fréttastofu?

# MÁLI!

Þessi auglýsing er greidd af Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins með stuðningi Bláamannafélags Íslands



## Ekki sannfærandi byrjun hjá íslenska U-21 árs liðinu: Lofum að spila betur næst

**HANDBOLTI** Það var lítil glæsibragur á leik íslenska U-21 árs liðsins gegn Hollendingum í Laugardalshöllinni í gær. Á venjulegum degi ætti íslenska liðið að sigra það hollenska með 10-15 mörkum en það varð að sætta sig við sex marka sigur í gær, 33-27, eftir að hafa leitt með sjö mörkum í hálfleik, 19-12.

Varnarleikur íslenska liðsins var átakanlega lélegur á köflum og sumir leikmenn virtust einfaldlega ekki tilbúnir í slaginn. Voru ragir, stressaðir og litu út fyrir að hafa ekki spilað handbolta í háa herrans tíð.

Markvarslan var ágæt en köflótt eins og varnarleikurinn. Leikmenn gerðu sig einnig seka

um kæruleysi og það nýtti hollenska liðið sér til fullnustu en þeir minnkuðu muninn í þrjú mörk, 29-26, skömmu fyrir leikslok. Þá tók Ásgeir Örn leikinn í sínar hendur og kláraði dæmið fyrir íslenska liðið.

„Við eigum að pakka þessu liði saman en þetta var okkar fyrsti leikur í langan tíma og menn voru aðeins stressaðir og þurftu tíma til þess að pússa sig saman,“ sagði fyrirliði íslenska liðsins, Ásgeir Örn Hallgrímsson, en hann var í sérklassa á vellinum og íslenska liðið var slakt þegar hann hvíldi. „Nú erum við búnir að hrista af okkur skrekkinn og við lofum að spila betur á morgun,“ sagði Ásgeir Örn. **henry@frettabladid.is**



ARNÓR ATLASON Spilaði ágætlega gegn Hollendingum í gær og skoraði átta mörk.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## KRÓATÍA - ÍSLAND



## ER SÓKN BESTA VÖRNIN?

Í dag **12:45** Intersportdeildin Keflavík - ÍR

Í dag **14:50** HM 2006 England - N-Írland

Í dag **16:50** HM 2006 Króatía - Ísland

Í dag **19:00** US PGA Players Championship

Á morgun **18:00** NBA San Antonio - Houston

Á morgun **20:30** US PGA Players Championship

515 6100 • syn.is • Skifan • Og Vodafone



- besta sætið

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

23 24 25 26 27 28 29

#### Laugardagur

##### LEIKIR

- 13.00 Keflavík og ÍR mætast í Keflavík í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- 13.00 Snæfell og Fjölnir mætast á Stykkishólmi í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- 14.00 Ísland og Úkraína mætast í Laugardalshöll í undankeppni HM 21 árs og yngri í handbolta.
- 16.00 Ísland og Pólland mætast í Laugardalshöll í vináttuleik í handbolta.
- 17.00 Króatía og Íslands mætast í Króatíu í undankeppni HM í fótbolta.

##### SJÓNVARP

- 11.20 Inside the PGA Tour 2005 á Sýn.
- 11.50 US PGA 2005 á Sýn.
- 13.50 Intersportdeildin á Sýn. Bein útsending frá viðureign Keflavíkur og ÍR í úrslitakeppninni.
- 13.50 HM U-21 í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik ungmennalandsliða Íslands og Úkraínu.
- 14.30 Undankeppni HM á Sýn. Farið yfir stöðu mála í riðlunum.
- 14.50 HM 2006 á Sýn. Bein útsending frá leik Englands og N-Írlands í 6. riðli undankeppni HM.
- 16.00 Landsleikur í handbolta á RÚV. Bein útsending frá vináttuleik Íslands og Póllands í handbolta.
- 16.50 HM 2006 á Sýn. Bein útsending frá leik Króatíu og Íslands í 8. riðli undankeppni HM.
- 19.00 US PGA Players Championship á Sýn. Bein útsending frá Flórída þar sem mótið fer fram.
- 23.00 HM 2006 á Sýn. Útsending frá leik Króatíu og Íslands.
- 00.40 Intersportdeildin á Sýn. Útsending frá viðureign Keflavíkur og ÍR.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

24 25 26 27 28 29 30

#### Sunnudagur

##### LEIKIR

- 14.00 Ísland og Úkraína mætast í Laugardalshöll í undankeppni HM 21 árs og yngri í handbolta.
- 16.00 Ísland og Pólland mætast í Laugardalshöll í vináttuleik í handbolta.

##### SJÓNVARP

- 10.15 US PGA Players Championship á Sýn.
- 13.15 Eiður Smári - 200 leikir á Sýn. Ítarlegt viðtal við Eið Smára Guðjohnsen, sem nú hefur leikið 200 leiki fyrir Chelsea.
- 13.45 HM 2006 á Sýn. Útsending frá leik Englands og N-Írlands frá því deginum áður.
- 13.55 HM U-21 í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik ungmennalandsliða Íslands og Úkraínu.
- 15.25 HM 2006 á Sýn. Útsending frá leik Króatíu og Íslands frá því deginum áður.
- 15.30 Landskeppni í karate á RÚV. Sýnt frá landskeppni Íslendinga og Norðmanna frá því í janúar
- 16.00 Landsleikur í handbolta á RÚV. Bein útsending frá vináttuleik Íslands og Póllands í handbolta.
- 17.05 Bandaríska mótariðin í golfi á Sýn.
- 18.00 NBA-deildin á Sýn. Bein útsending frá viðureign San Antonio og Houston.
- 20.30 US PGA Players Championship á Sýn. Bein útsending frá Flórída þar sem mótið fer fram.



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

MARS

25 26 27 **28** 29 30 31

Mánudagur

**SIÓNVARP**

- 14.45 US PGA Players Championship á Sýn.
- 18.30 NBA-deildin á Sýn. Útsending frá viðureign San Antonio og Houston.
- 20.30 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.
- 21.30 Maradona á Sýn. Þáttur þar sem ferill þessa knattspyrnusníllings er rakinn.
- 23.15 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.

**ÚR SPORTINU**

**Sven-Göran Eriksson** segir að Svenska landsliðið í knattspyrnu hafi sýnt miklar framfarir á þeim tíma sem hann hefur verið við stjórnvölinn hjá liðinu. Leikur Engendinga gegn N-Írum í undankeppni HM í dag er sá fimmtugasti sem **Eriksson** stjórnar. „Hópurinn er miklu betri en sá sem við höfðum fyrir fjórum árum síðan,“ segir **Eriksson**.

**Joe Cole** verður í lykilhlutverki með enska landsliðinu í leiknum gegn N-Írum í dag ef eitthvað er að marka orð **Sven-Göran Eriksson**. **Cole** hefur verið í fantaformi með liði **Chelsea** að undanförmu og vakið athygli margra, meðal annars landsliðsþjálfarans sænska.

„Hann virðist vera orðinn allt annar leikmaður en hann var í fyrra og það sést mikill munur á þroska hans sem leikmanns. Hann á framtíðina fyrir sér í boltanum.“

# Verður væntanlega nóg að gera í markinu

Árni Gautur Arason, landsliðsmarkvörður Íslands, býst við annasömum leik í dag. Landsliðsþjálfari Króata óttast vanmat og að völlurinn verði drullusvað eftir miklar rigningar.

**FÓTBOLTI** „Ég á von á því að það verði nóg að gera hjá mér í markinu dag. Ég hef æft eins og vitleysingur í vetur og er í ágætri spilaefingu eftir marga leiki í Skandinavíudeildinni með Vålerenga, þessi deild hefur verið mikil lyftistöng,“ sagði Árni Gautur Arason, landsliðsmarkvörður við Fréttablaðið í Zagreb í gær en Íslendingar mæta Króatíu í undankeppni HM kl. 17 í dag. Króatía hefur 7 stig eftir þrjá leiki en Ísland eitt eftir fjóra leiki.

Árni Gautur hefur varið frábærlega vel á æfingum með landsliðinu í Zagreb. Hann segir góðan anda í íslenska hópnum og landsliðið hafi stíllt saman strengina eftir áfallið að missa landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen vegna meiðsla. Aðrir leikmenn liðsins muni axla ábyrgðina í staðinn.

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari tók í sama streng. „Mér finnst strákarnir hafa þjappað sér vel saman og ætla að láta Króata hafa fyrir hlutunum.“

Athygli vekur að króatíska landsliðið kom saman í Slóveníu fyrir landsleikinn og hefur æft þar undanfarna daga og gerir al-

veg fram að leik þar sem aðstaðan í Slóveníu er betri. Króatísku dagblöðin hafa eftir Zlatko Kranjcar landsliðsþjálfara að hans helsta áhyggjuefni sé að leikmenn sínr sínir taki íslenska landsliðið ekki nóg alvarlega. Það verði hans helsta vandamál að leikmenn sínr vanmeti ekki andstæðingana.

Þá segist Kranjcar órólegur yfir því úrhelli sem var í gær og er spáð fram yfir leik. Hann segir að Maksimir-leikvangurinn, heimavöllur Dinamo Zagreb, geti breyst í drullusvað og Íslendingar hagnist á því.

Helst vildi ég að það yrði bara smá bleyta, það gerir íslenska markverðinum erfitt fyrir því það verður nóg að gera hjá honum,“ sagði Kranjcar. Árni Gautur er ekki sammála þessu en segist njóta þess best að spila fótbolta þegar nóg sé að gera á milli stanganna.

Heiðar Helguson æfði með íslenska liðinu í fyrsta skipti í Zagreb en hann var frá vegna smávægilegra meiðsla. Króatískir fjölmiðlar stilltu íslenska liðinu þannig upp að Hannes Þ. Sigurðsson, sem lék með ungmennalandsliðinu í gær, kæmi inn í byrjunar-



ÁSGEIR SIGURVINSSON Stóð í ströngu við að veita fjölmiðlum í Króatíu viðtöl á æfingu íslenska landsliðsins í gær. Fréttablaðið/Bóddi

lið A-landsliðsins, sem að sjálf-sögðu er út í hött.

Logi Ólafsson landsliðsþjálfari sagði að byrjunarliðið yrði tilkynnt á hádegi en leikaðferðin yrði 4-2-3-1. „Króatar eru með frábært lið og fyrir fram hefði ég talið þetta erfiðasta leik okkar í

riðlinum. Við leggjum upp með agaðan varnarleik og að beita skyndisóknum. Æfingarnar hafa gengið vel og allir vita nákvæmlega hvert hlutverk þeirra er í því leikkerfi sem við stillum upp,“ sagði Logi.

thorsteinn.gunnarsson@365.is

# GRILLAÐU UM PÁSKANA!

**19.900**

**Gasgrill**  
ELEGANT UNION gasgrill, 2 brennarar, pottjárn í steikargrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir og efri grind.

Vnr.50632102

**OPIÐ ANNAN Í PÁSKUM**  
Hringbraut kl. 11-17  
Selfossi: kl. 12-16

**9.900**

Vnr.50632104  
**Gashitari**  
MR HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hattur 40 cm.

**14.900**

**Gasgrill**  
OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborðum, neistakveikju, þrjústjafnara og grillsteinum. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð.

Vnr.50630100

**TRJÁKLIPPINGAR!**  
Kynning í BYKO Breidd laugardag kl. 13-17

Garðyrkjufraeðingurinn góðkunnir Steinn Kárason, höfundur myndbandsins **TRJÁKLIPPINGAR OG UMHIRÐA – TRJÁA OG RUNNA** og bókarinnar **GARÐVERKIN**, verður með kynningu á þessum verkum sínum og leiðbeinir fólki um vorverkin í garðinum.

	Laugard.	Sunnud.
<b>Breiddin-Verslun</b> Sími: 515 4200	10-18	
<b>Timburverslun-Breidd</b> Sími: 515 4100	10-16	
<b>Lagnadeild-Breidd</b> Sími: 515 4040	10-16	
<b>Leigumarkaður BYKO</b> Sími: 515 4020	10-18	
<b>Hringbraut</b> Sími: 562 9400	10-18	
<b>Hafnarfjörður</b> Sími: 555 4411	9-15	



	Laugard.	Sunnud.
<b>Akranes</b> Sími: 433 4100	10-14	
<b>Akureyri, Glerártorg</b> Sími: 460 4800	10-17	
<b>Akureyri, Furuvöllum</b> Sími: 460 4860	10-14	
<b>Reyðarfjörður</b> Sími: 470 4200	10-14	
<b>Suðurnes</b> Sími: 421 7000	9-15	
<b>Selfoss</b> Sími: 480 4600	10-16	

Aðalsímanúmer: 515 4000



## SUNNUDAGSVIÐTALIÐ

## &gt; ÞÓRIR HERGEIRSSON



**ÞÓRIR HERGEIRSSON**  
Handboltþjálfarinn sem  
haldið hefur til í Noregi  
undanfarin tuttugu ár.  
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

# SIGURINN Á EM TOPPURINN Á FERLINUM

**Handboltþjálfarinn Þórir Hergeirsson hefur dvalið í Noregi undanfarin tuttugu ár. Selfyssingurinn, sem ætlaði sér aldrei að ílengjast í Noregi, er nú aðstoðarþjálfari hjá norska kvennalandsliðinu, einu besta landsliði heims undanfarin tuttugu ár.**

Hann hefur aldrei þjálfað á Íslandi og er sennilega ekki þekktasti handboltþjálfari á landinu en hann er gífurlega virtur í Noregi og hefur meðal annars skrifað undir nýjan fjögurra ára samning um að vera áfram aðstoðarþjálfari hjá kvennalandsliðinu. Fréttablaðið ræddi við Þóri á dögum um þjálfaraferilinn, handboltann í Noregi og stöðu íslensks kvennalandsliðs. Fyrsta verkeið var þó að kynna lesendur fyrir manninum.

*Hver er þessi Þórir Hergeirsson?*

„Þórir Hergeirsson er Selfyssingur sem hélt utan til Noregs árið 1986 til að læra íþróttatræði við Íþróttaháskólann í Osló. Hann ætlaði bara að vera þar í tvö ár en svo bætti hann við einu ári. Eftir það fékk hann þjálfarastöðu hjá karlaíði Elverum sem var þá í þriðju deildinni og komst með upp í fyrstu deild á fimm árum. Eftir það réð hann sig til starfa hjá norska handknattleikssambandinu árið 1994 og hefur verið þar síðan, fyrst sem þjálfari yngri landsliða kvenna og síðan sem aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins frá 2001,“ sagði Þórir sem var ein aðalsprautan í handknattleiknum á Selfossi áður en hann fór út tuttugu og tveggja ára gamall.

## Pokkalegur leikmaður en betri þjálfari

„Við vorum nokkrir sem vorum allt í öllu hjá félaginu og ég hafði gengið í öll verk þegar ég fór út, spilað, þjálfað og verið í stjórninni. Ég hætti fljótlega að spila eftir að ég kom út og einbeitti mér að þjálfun en það er ekki laust við að ég sjái eftir því í dag að hafa hætt svona snemma,“ sagði Þórir. Hann telur sig hafa verið þokkalegan leikmann – ekki mikið meira en það – og aðspurður segist hann vera töluvert betri þjálfari.

Þórir hefur verið viðloðandi norsku kvennalandsliðin undanfarin ár og hann sagði tímamót hafa liðið hratt. „Þetta er búið að líða hratt, ég hef verið viðloðandi A-liðið allar götur síðan 1995 því þjálfarar allra landsliðanna vinna þétt saman. Marit Breivik tók við A-liðinu árið 1994 og hefur stýrt því síðan. Ég hef aðstoðað hana undanfarin fjögur ár og það hefur verið frábær tími,“ sagði Þórir, enda í öfundsverðu hlutverki sem þjálfari besta kvennalandsliðs í Evrópu.

Norsku stúlkurnar tryggðu sér Evrópumeistaratilinn í handknattleik í Ungverjalandi í desember og Þórir sagði það tvímælaust stærstu stundina á þjálfaraferlinum. „Við höfðum tapað tveimur úrslitaleikjum á undan, gegn Rússum á HM 2001 og gegn Dönum árið 2002. Núna small hins vegar allt og þetta var alveg frábær tilfinning.“

## Tilbúinn til að taka við norska liðinu

Eins og fram hefur komið skrifaði Þórir undir nýjan fjögurra ára samning við norska sambandið og hann sagði það hæpið að hann væri á leiðinni heim í brád. „Ég er kominn með norska konu og við erum búin að koma okkur vel fyrir hér. Mín biða spennandi verkefni hér, starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og á meðan svo er þá er engin ástæða til að breyta til,“ sagði Þórir, sem neitaði því ekki að draumurinn væri að taka við sem aðalþjálfari norska kvennalandsliðsins. „Ég tel mig vera tilbúinn til þess að taka við þessu liði og myndi ekki skorast undan ef til mín væri leitað. Ég hef þjálfað flestar stelpurnar í liðinu í yngri landsliðinu og þekki þær því mjög vel en ég er ánægður eins og er og ætla ekki að sækjast eftir breytingum.“

## Mikil framför

Þórir sagði að íslenskur kvennahandbolti væri í mikilli framför um þessar mundir og það væri gleðilegt hversu mikil áhersla væri lögð á tækni og leik-

„Ég er kominn með norska konu og við erum búin að koma okkur vel fyrir hér, starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og á meðan svo er þá er engin ástæða til að breyta því.“

skipulag á meðal yngri leikmanna. Íslenskur kvennahandbolti stendur þeim norska töluvert að baki og Þórir sagði hefðina skipta miklu máli í því sambandi.

„Norska kvennalandsliðið hefur verið á meðal fjögurra bestu þjóða heims undanfarin tuttugu ár. Liðið kom upp á hárréttum tíma þar sem öll liðin í Austur-Evrópu voru í niðursveiflu. Það var eytt miklum pening í liðið og það hefur skilað sér. Íslenska kvennalandsliðið getur komist langt en til þess að svo verði þá þurfa íslensku stelpurnar að bæta líkamlegan styrk og það sem er jafnvel enn mikilvægara, þær þurfa að spila leiki gegn bestu þjóðum og félagsliðum heims. Þannig bæta leikmenn sig en það kostar hins vegar peninga og ég veit ekki hversu mikið fjárhagslegt bolmagn HSÍ hefur. Það er rándýrt að vera með landslið í fremstu röð.“

## Hrifinn af Önnu Úrsúlu

Aðspurður um íslenska leikmenn sagði Þórir vera mjög hrifinn af Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur, línnumani Gróttu/KR. „Hún er ung, stór og sterk og hefur alla burði til að verða frábær leikmaður. Ég tel að hún gæti spilað í norsku eða dönsku deildinni en vandamálið fyrir hana er að það er nóg til af línnumönnum hér í Noregi og því leita lið frekar út fyrir landsteinana að skyttum. Ég er hins vegar viss um að hún mun fara út á næstunni því það er nauðsynlegt fyrir hana. Hún verður að spila á móti þeim bestu til að taka framförum og það á auðvitað við um alla leikmenn íslenska landsliðsins,“ sagði Þórir.

oskar@frettabladid.is

## Heilbrigð sál í hraustum líkama

### Áhrif hreyfingar á andlega líðan

### Ráðstefna

7. apríl, kl. 9 -17  
á Hótel Loftleiðum

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Menntamálaráðuneytið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

#### Ráðstefnustjóri:

Héðinn Unnsteinsson, starfsmaður Geðheilbrigðisviðs Evrópuáráðs WHO.

#### Eftirfarandi aðilar verða með fræðsluafni og kynningu á starfsemi sinni:

ÍSí, Lýðheilsustöð - Geðrækt, Landlæknisembættið - þjóð gegn þunglyndi, FÍSP, Geðhjálp, Hugaráfl, Rauði kross Íslands.

Þátttökugjald: 1.500 kr. (ókeypiss fyrir öryrkja og eldri borgara).

## Dagskrá

09:00	Ávarp forseta ÍSí Ávarp menntamálaráðherra Ávarp heilbrigðisráðherra Ávarp félagsmálaráðherra
09:40	Gildi hreyfingar/íþróttaiðkunar fyrir andlega líðan – Dr. Þórólfur Þórlindsson prófessor kynnrir niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar
10:25	<b>Kaffihlé</b>
10:45	Antidepressant Effects of Exercise: Possible Mechanisms – Dr. Rod Dishman, prófessor við University of Georgia í Bandaríkjunum.
11:35	Qi Gong – Gunnar Eyjólfsson
12:00	<b>Hádegishlé</b>
13:00	Íþróttaiðkun og andlegur styrkur – Edda Garðarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu.
13:15	Exercise on Prescription. Models, ideas and results from Denmark – Sune Krarup-Pedersen, Head of section, National Board of Health
14:05	Allt hefur áhrif, einkum við sjálf – Jórlaug Heimisdóttir MPH, verkefnisstjóri, Lýðheilsustöð.
14:20	<b>Kaffihlé</b>
14:35	Sýn læknis á heilbrigða lífshætti – Ingólfur Sveinsson geðlæknir
14:55	Hreyfing er meðferðarform – Héðinn Jónsson sjúkráþjálfari, stjórnandi vinnuhóps Félags íslenskra sjúkráþjálfara um ávisun á hreyfingu.
15:15	Hvernig hafa stjórnmal áhrif á hreyfingu? – Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi
15:35	Hvernig hreyfing hjálpaði mér að ná heilsu á ný – Anna Sigríður Pálsdóttir, læknanemi
16:00	Pallborðsumræður Stjórnandi: Sigmar Guðmundsson, dagskr.g.maður, RÚV Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra Árni Magnússon, félagsmálaráðherra Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir Ellert B. Schram, forseti ÍSí Hulda Finnbogadóttir, Tryggingastofnun ríkisins Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og borgarfulltrúi Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Félagsvísindadeild HÍ
17:00	<b>Ráðstefnulok</b>



Ísland  
á liði  
Hreyfa sig!

Skráning er hjá ÍSí - s: 514 4000, netfang: skraning@isport.is



Íslendingar töpuðu naumlega fyrir Króötum í viðureign ungmennalandsliðanna:

# Sorglegt tap staðreynd

**FÓTBOLTI** „Ég er afar ánægður og stoltur með strákana. Þeir léku frábærlega vel en því miður náðum við ekki að innbyrða stig sem við áttum sannarlega skilið,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U21 árs landsliðs Íslands, við Fréttablaðið í Zagreb í gær eftir að Íslendingar töpuðu fyrir Króatíu, 2-1, í undankeppni HM.

Króatar höfðu unnið alla þrjá leiki sína í riðlakeppninni en Íslendingar tvo og tapað tveimur. Íslenska liðið spilaði feikilega vel skipulagðan varnarleik sem Króatar lentu í vandræðum með. Völlurinn var erfiður yfirferðar, breyttist í hálfgerð drullusvað, en Eyjólfur sagði að það hefði frekar komið niður á sínum mönnum, sem flestir hafa verið að æfa á gervigrasi í vetur.

Sigmundur Kristjánsson skoraði fyrir Ísland á 41. mín. beint úr aukaspyrnu utan af kanti. Tyrkneskur dómari leiksins dæmdi markið af þar sem um óbeina aukaspyrnu var að ræða og sagði að enginn hefði snert boltann á leiðinni í markið. Ólafur Ingi Skúlason fyrirlíði sagði við Fréttablaðið að dómurinn hefði verið fátíðlegur, ekki ætti að dæma óbeina aukaspyrnu fyrir venjulegt leikbrot úti á velli auk þess sem Sölvi Geir Ottesen snerti boltann á leiðinni í markið. Eyjólfur tók undir þetta og sagðist engan veginn átta sig á því hvað dómurinn var að fara.

En tveimur mínútum síðar kom Ingi Rafn Guðmundsson Íslendingum yfir, hann slapp einn í gegn eftir snilldarsendingu Hannesar Þ. Sigurðssonar og lagði boltann snyrtilega í nærhornið. En í upp-bótartíma í fyrri hálfleik náðu Króatar að jafna metin eftir horn-



**GRÍÐARLEG VONBRIGÐI** Vonbrigðin leyndu sér ekki á Eyjólf Sverrisyni og lærisveinum hans í u-21 árs landsliði Íslands er þeir gengu af velli eftir tapið gegn Króatíu í gær.

Fréttablaðið/Böðdi

spyrnu frá bakverðinum Neven Vukman. „Það var gríðarlegt áfall að fá þetta mark á sig. Hugsanlega var þetta vendipunktur í leiknum,“ sagði Ólafur Ingi.

Hannes hóf síðari hálfleikinn á því að þruga boltanum í utanverða stöngina af stuttu færi. Þá skallaði Tryggvi Bjarnason yfir markið úr dauðafæri. En um miðjan hálfleikinn gerðu Króatar breytingar á liðinu sínu og breyttu úr 4-4-2 í 3-5-2. Þetta gerði gæfumuninn því eftir fyrirgjöf af hægri vængnum skoraði varamaðurinn Mladen Bartulovic sigurmarkið 10 mínútum fyrir leikslok. Hannes brenndi af góðu færi á lokamínútu leiksins og Króatar fögnuðu sigri og eru með fullt hús stiga, eða 12.

Besti maður Króata, Eduardo Da Silva, sem er Brasilíumaður og fékk króatískt vegabréf fyrir fjór-um árum, lék ekki með ungmenna-

liði Króatíu. Hann er einnig í A-landsliðshópnum og talið að hann verði jafnvel í byrjunarliðinu í dag. Sölvi Geir Otteson, Tryggvi Bjarnason, Davíð Þór Viðarsson og Hannes Þ. Sigurðsson voru bestu menn íslenska liðsins. Ingi Rafn átti góða spretti en vandamál íslenska liðsins var að of mikið lak í gegnum bakverðina. Engu að síður geta strákarnir borið höfuðið hátt þrátt fyrir tapið.

thorsteinn.gunnarsson@365.is

#### BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS:

**Eyjólfur notaði leikkerfið 4-4-1-1:** Bjarni Þórður Halldórsson; Steinþór Gíslason, Tryggvi Bjarnason, Sölvi Geir Otteson, Gunnar Þór Gunnarsson; Ingi Rafn Guðmundsson, Davíð Þór Viðarsson (Pálmi Rafn Pálmason), Ólafur Ingi Skúlason (Hjálmar Þórarinnsson), Emil Hallfreðsson; Sigmundur Kristjánsson (Viktor B. Arnarsson); Hannes Þ. Sigurðsson.

 **LOKSINS Í BADHÚSINU**  
**ROPE YOGA Í BADHÚSINU** Brautarholti 20  
 Hefst föstudaginn 01.apríl 2005  
  
 LEIÐBEINANDI er Katrín Sigurðardóttir ROPE YOGA kennari  
 Skráning og nánnari upplýsingar í síma 8211399 og 5531064 og á [ida@rmedia.is](mailto:ida@rmedia.is).

## Viðskiptavinir athugið!


Tengi verður lokað laugardaginn **26. mars**

Gleðilega páska



#### Opnunartímar:

Mán. - Fös. kl. 08:00 - 18:00  
 Laugardaga kl. 10:00 - 14:00



Smíðjuvegi 11 • 200 Kópavogur  
 Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • [tengi.is](http://tengi.is)



**PUMA VORLÍNAN ER KOMINN!**  
**FRÁBÆRIR GÖTUSKÓR OG FLOTTUR SPORTFATNAÐUR**



**4.990**

VERÐ ÁÐUR 5.990



**PUMA LOGO HOOD SWEATER** Aðsniðin hettupeysa úr bómull. Litir: Hvít með grænu, svört með bleiku. Stærðir: S-XL. kr. **4.990**

**PUMA L LOGO HOOD SWEATER** Hettupeysa úr bómull. Litir: Svört, blá. Stærðir: S-XL. kr. **4.990**



**4.990**

VERÐ ÁÐUR 5.990

**Tilboðin gilda aðeins í dag!**



**PUMA KART CAT JR** Vinsælustu götuskórnir fyrir börn. Reimaðir: Litir: Bláir, orange. Stærðir: 36-39. Með riflás. Litir: Bláir, rauðir. Stærðir: 28-35 kr. **4.990**



**8.490**

VERÐ ÁÐUR 9.990



**PUMA REPLI CAT LOW** Frábærir götuskórnir úr rúskinni. Margir litir. Stærðir: 36-46 kr. **8.490**



**9.990**



**PUMA CART CAT** Frábærir götuskórnir úr rúskinni. Margir litir. Stærðir: 36-46 kr. **9.990**

**OPIÐ**  
 alla daga

**INTERSPORT®**

Póstverslun  
 VIÐ SENDUM HVERT  
 Á LAND SEM ER





## FISKBÚÐIN HAFBERG

Gleðilega  
páska!



Opið í dag  
10-13

fiskbúð sælkerans! GNOÐARVOGI 44

## STUÐ MILLI STRÍÐA · Enginn er fullkominn

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM FERIL HOLLYWOOD-STJÖRNUNNAR JOHN TRAVOLTA



Það hefur verið gaman að fylgjast með ferli stórleikarans John Travolta undanfarin ár. Sérlega ánægjulegt var það þegar hann reis upp úr öskustónni með frábærum leik sínum í hinni mögnuðu Pulp Fiction eftir Quentin Tarantino fyrir rúmum tíu árum. Ferill hans hafði verið í mikilli lægð og ekki burðug hlutverk sem bárust honum. Tarantino gaf honum þá draumahlutverkið sem opnaði í framhaldinu fyrir honum allar dyr í Hollywood. Travolta leikur nánast alltaf ákveðnar persónur sem láta ekki ganga yfir sig. Hann er góður leik-

ari og maður trúir nánast öllu sem hann er að reyna að koma til skila. Nýlega las ég kynningarbækling fyrir nýjustu mynd hans, Be Cool, þar sem hlaðið var á hann lofi fyrir allt sem hann hefur komið nærri. Það er þó ekki sannleiknum samkvæmt því Travolta, eins og flestir aðrir leikarar, hefur gert allnokkur glappaskot á ferli sínum. Helst ber að nefna Battlefield Earth sem var ofarlega á flestum listum yfir verstu myndir allra tíma. Var hún það vond að eftir aðeins 20 mínútur var ég farinn að hrjóta.

Travolta reif sig þó upp eftir það og virðist vera að gera ágætis hluti þessa dagana. Hann á alltént nógan pening og á meðal annars

tvær þotur sem hann parkerar fyrir utan glæsivillu sína. Hjónaband hans stendur einnig traustum fótum í dag og þakkar Travolta það hjónabandsráðgjöf tvisvar sinnum á ári undanfarin 12 ár. Nýlega sagðist hann líka hafa gengið í háloftaklúbbinn og stundað kynlíf með eiginkonu sinni í annarri af þotum sínum. Já, þetta er magnaður náungi og vonandi heldur hann vinsældum sínum um ókomin ár.

Þrátt fyrir að lifa glæsilegu lífi er hann aftur á móti ekki fullkominn eins og hlutverkaval hans og tíðar ferðir til hjónabandsráðgjafa segja til um. Það er heldur enginn fullkominn eins og allir vita, ekki einu sinni Hollywood-stjörnurnar.

## myndasögur


### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



Stórar íbúðir fyrir  
barnafjölskyldur

10.000 kr.  
afsláttur ef þú bókar strax.  
Tryggðu þér lægsta verðið.



# Salou

## Fjölskylduparadísinn suður af Barcelona

Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, um 100 km sunnan við Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Bærin skartar stórkostlegum ströndum, fjölbreyttri aðstöðu og einstöku veðurfari. Ströndin er breið og aðrunn með finum gylltum sandi og því tilvalin fyrir barnafjölskyldur. Menning, verulanir og lítrik næturlíf taka síðan við þegar sólböðum líkur. Salou er sérstaklega skemmtilegur sumarleyfisstaður fyrir fjölskyldur.

Frábært verð

Kr. 45.595

M.v. Hjón með 2 börn á California íbúðahótel.  
20. maí, 5 dagar.  
Netverð með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 52.995

M.v. Hjón með 2 börn á California íbúðahótel.  
20. maí, 12 dagar.  
Netverð með 10.000 kr. afslætti.

NÝTT

Nú bókar þú beint á  
[www.terranoa.is](http://www.terranoa.is)

- Stærsti skemmtigarður Spánar
- Afþreying og skemmtun
- Úrval veitingastaða
- Stórkostleg strönd
- Frábært að versla



Mundu  
MasterCard  
ferðadæisúminna!

Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík  
Sími: 591 9000 · [www.terranoa.is](http://www.terranoa.is)  
Akureyri Sími: 461 1099

**TERRA  
NOVA**  
-SPENNANDI VALKOSTUR



# Verðstríð *alla daga*

Opið í dag í öllum verslunum BT

Lokað á morgun og mánudag

**Varúð!**  
DVD myndir  
á rugl verði

WILD WILD WEST  
WHAT A GIRL WANTS  
TUXEDO  
TOMB RAIDER  
TOMB RAIDER 2  
THE STING  
THE BLOB  
STARSHIP TROOPERS  
STAKEOUT  
SPIDERMAN  
SLEEPWALKERS  
PLOTS WITH A VIEW  
PITCH BLACK  
OTHERS  
MAD MAX #2  
MAD MAX BEYOND

THUNDERDOME  
HULK'S E.  
HELLRAISER 3  
HAPPY GILMORE  
FRIGHTENERS  
FAST AND THE FURIOUS T.E.  
DEAD MEN DON'T WEAR PLAID  
DARK CITY  
CHICAGO  
BOONDOCK SAINTS  
BEAN  
BEAUTIFUL MIND  
BALLISTIC: ECK'S VS. SEVER  
APOCALYPSE NOW  
ANGER MANAGEMENT  
AMERICAN PIE 2  
2 FAST 2 FURIOUS  
EXCESS BAGGAGE

**899**

Hver mynd

**Rugl  
verð**

**Hafðu það gott um páskana**

**BT**  
Bestu kaupin

**Hátalarakerfi**  
5x50W RMS magnari ásamt 5  
hátölurum og 80 W RMS  
bassahátalara

**Dolby Digital/DTS** þannig getur  
þú notið hljómgæða kvikmynda  
sem eru teknar upp í Dolby Digital  
og DTS til fullnustu!

Fjölkerfa  
DVD spilar  
sem spilar  
DVD diska frá  
öllum  
svæðum.  
Spilar einnig  
SVCD/  
DVD-R/DVD-R  
W/JPEG og  
MP-3

**SONY**  
DAV SB100  
**Heimabíókerfi**

**Dolby Digital**  
**DVD VIDEO**  
**mp3**  
**VIDEO CD**

**Útvarp**  
Hlustaðu á útvarpið í  
brjáluðum gæðum

**Svona virkar heimbió**

Að hafa hljóðið í lagi þegar horft er á bíómynd skiptir öllu máli!  
Með því að hafa DVD spilara, stafrænt útvarp og netta en öflugra hátalara  
með sér bassa er heimabíóstaðan orðin að heildar hljómtæki heimilisins.



1-4. Hátalarar  
5. Miðjuhátalari  
6. Bassahátalari

**SURROUND**

**2.499\*\***

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**29.988**

STADGREITT

Vaxtalaust  
heildarverð:  
kr. 31.883

VISA MasterCard

\*\*Mikinn við jafnar vaxtalaustar greiðslur á Visa eða Mastercard  
skuldabréf. 0,5% stimpilgjöld bætist við samningfjárhæðina og  
greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.







Beck

Queens of the Stone Age

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Beck:** Guero  
**Kings of Leon:** Aha Shake Heartbreak  
**Bloc Party:** Silent Alarm  
**Queens of the Stone Age:** Lullabies to Paralyze  
**Athlete:** Tourist.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Radiohead brettir upp ermarnar

Radiohead er komin aftur í hljóðverið eftir tveggja ára fjarveru til þess að hefja vinnu að sinni sjöundu plötu. Ekkert er þó vitað um hvenær platan kemur út og segjast liðsmenn Radiohead staðráðnir í því að gefa ekkert út fyrr en þeir finni leið til þess að þróa stíl sinn enn lengra inn í undarlegheitin. Söngvarinn Thom Yorke og gítarleikarinn Johnny Greenwood munu svo á mánudag frumflytja klassískt tónverk í London Royal Festival Hall ásamt sinfónusveitinni London Sinfonietta. Verkið var sérsamið fyrir tónleikana og hefur aldrei heyrst áður. Samkvæmt fréttatilkynningu sem gefin var út frá sveitinni verða þar gerðar tilraunir til þess að blanda saman tónlistarstílum.



### > Plata vikunnar ...



**BLOC PARTY:**  
**Silent Alarm**

„Nýjasta eftirlætið frá Bretlandi veður ekki vonbrigðum. Finasta frumraun frá Bloc Party. Angurvært og grípandi rokk með hjartað á réttum stað.“ **BÖS**

### > Popptextinn ...

„The only thing constant in the world is change.“

India Arie réð lífsgátuna í einni setningu í laginu Growth af plötunni Acoustic Soul frá árinu 2002.



## Borðuðu páskaeggjð með góðri samvisku!

**Thermo DynamX - Ný leið til að léttast... hratt!**

**Koffín:** Eykur grunnbrennslu og losun fitufurma  
**Grænt te:** Eykur fitubrennslu og vatnslosun  
**Þeobrómin:** Eykur vellíðan og brennslu  
**Hvitt te:** Óflugt þráavarnarefni  
**Engifer ekstrakt:** Eykur hitastig líkamans  
**Oolong te:** Eykur fitubrennslu og lækkar slæmt kolesteról  
**Rauður pipar:** Dregur úr matarfyst og eykur brennslu

Allar nánari upplýsingar fást á [www.eas.is](http://www.eas.is)

**EAS** **LÍFTO**  
**ÁSKORUN**



## Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518  
 Opnunartími Mörkinni 6  
 mán. – fös. 10 – 18  
 lau. 10 – 16

TOPPHÚSID



**RAVEONETTES**  
 Danska hljómsveitin Raveonettes spilar á Hróarskeldu í ár.

## Skandinavískar á Hróarskeldu

Fimm nýjum hljómsveitum hefur verið bætt á lista þeirra sem spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Eiga þær það allar sameiginlegt að vera frá Norðurlöndunum.

Hljómsveitirnar eru Mew, Outlandish og Raveonettes frá Danmörku og Eskobar og The Haunted frá Svíþjóð. Áður höfðu hljómsveitir á borð við Foo Fighters, Audioslave, Interpol, Black Sabbath, Green Day, The Tears, Brian Wilson og Mugison skráð sig til leiks. ■



**BECK** Tónlistarmaðurinn snjallí rýfur þriggja ára útgáfuþögn eftir helgi þegar nýja platan hans, Guero, kemur út.

## Beck pressa?

Beck rýfur þriggja ára útgáfuþögn eftir helgina. Nýja platan heitir Guero og á henni má heyra Beck færa sig aftur yfir í þann fjölskrúðuga stíl sem hann er þekktastur fyrir.

Ef Beck hefði fæðst tveimur áratugum fyrr hefði hann eflaust endað sem trúbadúr, syngjandi pólitíska söngva í von um að breyta heiminum. Löngu áður en hann varð heimsfrægur hafði hann skapað sér nafn sem sérvitur trúbadúr, bæði í listasenum í New York og í Los Angeles. Hann fór aldrei í framhaldsskóla og ákvað frekar að reyna fyrir sér sem trúbadúr á þeim stað sem hann var hverju sinni.

Hann kemur af miklu listafólki og því er það honum nánast eðlislegt að vera sífellt leitandi í sköpun sinni. Mamma hans, Bibbe Hansen, var hluti af Factory-senu Andy Warhol og kom fram í einni mynd hans, Prison. Afi hans, Al Hansen, var stofnandi Fluxus-hreyfingarinnar sem kom listamönnum á borð við Yoko Ono á kortið. Pabbi hans, David Campbell, útsetur strengi fyrir popptónlist og hefur unnið með listamönnum frá flestum skúmskotum, allt frá Linkin Park til Celine Dion. Hann kemur svo lítillega við sögu á nýrri plötu sonar síns, Guero.

Nafn plötunnar er slanguryrði frá spænskumælandi hverfum Los Angeles, þar sem Beck ólst upp, og þýðir „hvítur strákur“. Nafnið valdi hann vegna þess hversu oft þetta var kallað á eftir honum á leiðinni í og úr strætó sem unglungur.

Alveg frá því að Beck sló í gegn með Loser árið 1994 hefur hann lagt sig fram við að blanda saman stílum. Það lag var til

dæmis vel heppnuð tilraun til þess að blanda hipphoppi við trúbadúrsspil. Síðan þá hefur hann bætt rokki, sambatónlist, teknó, fönki og blús við uppskrift sína, svo eitthvað sé nefnt. Honum virðist þó alltaf takast að hljóma eins og hann sjálfur.

Það eru liðin þrjú löng ár frá því að meistarástykkið dramatíska Sea Change kom út. Öll sú plata var hlaðin lögum sem voru samin eftir að hann skildi við kærustu sína, Leigh Limon, til ný ára. Líf hans hefur tekið töluverðum stakkaskiptum frá þeim tíma og í dag er Beck hamingjusamlega giftur faðir. Eiginkona hans og barnsmóðir er leikkonan Marissa Ribisi. Það var einmitt á þeim ný mánuðum sem það tók Beck að gera nýju plötuna sem líf hans tók þessum stakkaskiptum.

Aðdáendur Beck's verða ánægðir að heyra að á nýju plötunni má heyra Beck færa sig aftur nær þeim fjölskrúðuga stíl sem hann er þekktastur fyrir. Hann vann plötuna með The Dust Brothers, en þeir gerðu einmitt með honum Odelay á sínum tíma. Lögin eru því öll eitursvöl, hlaðin áhugaverðum taktpælingum sem hægt er að dilla sér við.

Beck er orðinn 35 ára gamall og hefur átt blómlegan feril síðustu tíu ár, eða frá því að frumraun hans, Mellow Gold, kom út. Hann var það heitur á sínum tíma að hann náði að tryggja sér einn umtalaðasta plötusamning allra tíma. Hann samdi þannig við Geffen að hann hafði leyfi til þess að gefa út plötur hjá öðrum plötufyrirtækjum líka, en einungis ef plöturnar þættu ekki mjög söluvænar. Hann nýtti sér þetta ítrekað fyrstu tvö árin eða svo, en í dag selst líklegast allt sem hann gerir í bílförum.

Stærsta páskaeggjð í ár er því líklegast þessi nýja plata Beck's sem ætti að skila sér í búðir strax eftir páskahegina.

biggi@frettabladid.is

# Páskar

## í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum



**FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN**  
 Fyrstu 5.000 gestirnir fá Málsháttaregg frá Mónu

**Páskadagur 27. mars**

Barnapáskaguþjónusta klukkan 11:00 í umsjón Séra Bjarna Karlssonar í Laugarneskirkju og Séra Jóns Helga Þórarinnssonar í Langholtskirkju.

**Annar í Páskum 28. mars**

Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson verða með sálmátónleika klukkan 15:00 í Veitingatjaldinu.

Rúningur kl. 13.00 til 15.30 í fjárhúsinu.

Guðmundur Hallgrímsson ráðsmaður á Hvanneyri rýrir.



## 24. til 28. mars

Hringekjan, Fallturninn, Krakkafoos og Cocoa Puffs lestin verða í gangi frá kl. 11.00 til 17.00 ef veður leyfir.

**Leitin að Glúmi garðálfi**  
 Páskaratleikur Mónu fyrir alla fjölskylduna. 4 páskaegg frá Mónu í verðlaun alla dagana.

Hestar teymdir undir börnum frá kl. 14.00 til 14:30

Nýklaktir hænuungar í Smádyrahúsinu.

**Dagur í dalnum**  
 Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Sundlaugarar í Reykjavík og Skautahöllin í Laugardal bjóða 2 fyrir í alla páskahegina. Fjölskyldan borgar fullt verð á einum stað og fær 2 fyrir í á hinum tveimur gegn framvisun kassakvittunar.

[www.mu.is](http://www.mu.is)

Opið frá 10.00 til 17.00



# Hver stórvíðburðurinn rekur annan hjá Sinfóníuhljómsveitinni í apríl.

## Líkt og aðra mánuði ársins.



### ÆVINTÝRALEGIR TÓNLEIKAR Á HÁTÍÐ H.C. ANDERSEN

HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARDAGINN 2. APRÍL KL. 15.00

Tónsprotinn #4

Hljómsveitarstjóri ::: Guðmundur Óli Gunnarsson  
Sögumaður og kynnir ::: Örn Árnason

Árni Björnsson ::: Forleikur að Nýársnóttinni  
Fuzzy / H.C. Andersen ::: Förunauturinn  
Benjamin Britten ::: Hljómsveitin kynnis sig

Tónleikaröð fjölskyldunnar, TÓNSPROTINN, hefur slegið í gegn í vetur. Þessir ævintýrlegu tónleikar eru tileinkaðir H.C. ANDERSEN á 200 ára fæðingarársmæli hans.



### FIÐLUSNILLINGURINN KEMUR!

HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN 7. APRÍL KL. 19.30  
LAUGARDAGINN 9. APRÍL KL. 17.00

Rauð tónleikaröð #5

Einleikari ::: Maxim Vengerov

Hljómsveitarstjóri ::: Benjamín Júsúpov

Modest Mússorskíj ::: Dawn over the Moscow River  
Benjamín Júsúpov ::: Víólukonsert  
Pjotr Tsajkovskíj ::: Sinfónía nr. 6 „Pathétique“

MAXIM VENGEROV er að margra álitum fremsti fiðluleikari heims. En þótt hann sé stoltur eigandi Stradivariusarfiðlu þá hefur hann mikið yndi af því að spila á önnur hljóðfæri. Því mun VENEROV handleika djúpraddaðri systur fiðlunnar, víóluna, á tónleikunum.

### „TÍUNDA SINFÓNÍA BEETHOVENS“

HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN 14. APRÍL KL. 19.30

Gul tónleikaröð #6

Hljómsveitarstjóri ::: Matthias Bamert

Einleikari ::: Daði Kolbeinsson

Páll Pampichler Pálsson ::: Epitaph  
Richard Strauss ::: Óbókonsert  
Johannes Brahms ::: Sinfónía nr. 1

Sinfónía nr. 1 eftir BRAHMS hefur stundum verið kölluð „tíunda sinfónía Beethovens“, en í ljósi þess að hún er löngu búin að vinna sér sess sem eitt af meistaraverkum tónlistarsögunnar er víst óhætt að tala um fyrstu sinfóníu BRAHMS. Einnig er frumflutningur á verki PÁLS PAMPICHLERS og stórbrotinn óbókonsert í höndum einleikara á heismælikvarða.



### FORDÆMING FAUSTS

HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN 28. APRÍL KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba

Einsöngvarar ::: Kristinn Sigmundsson, Beatrice Uria-Monzon, Donald Kaasch og Ólafur Kjartan Sigurðarson

Hector Berlioz ::: Fordæming Fausts

Kaflar úr þessu stórvirki BERLIOZ hafa hljómað stöku sinnum á tónleikum SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS í árána rás, sér í lagi hinn vinsæli Rákóczi-mars. en verkið hefur aldrei áður verið flutt í heild sinni. Það er gleðiefni að í hópi framúrskarandi einsöngvara skuli vera íslenskur heimssöngvari, KRISTINN SIGMUNDSSON, sem ósjaldan hefur glímt við hlutverk hins djöfullega MEFISTÓFELESAR.



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA NÚNA ::: [WWW.SINFONIA.IS](http://WWW.SINFONIA.IS)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | [sinfonia@sinfonia.is](mailto:sinfonia@sinfonia.is) | [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)







Jim Carrey

„Það er auðvitað glæpur að stela og afskaplega mikil ókurteisi. En eins og með flesta ókurteisi er hún afsakanleg við sérstakar aðstæður.“

- Spekin og gullkornin fyrirfinnast nánast á hverri síðu bókarinnar Stóri glugginn sem er þriðja bókin Úr Bálki hrakfalla eftir Lemony Snicket.

# bækur

bækur@frettabladid.is

## Páfinn hjólar í Dan Brown

Vinsældir spennusögunnar *Da Vinci lykillingur* eftir Dan Brown hafa farið fyrir brjóstið á þeim sem ráða ríkjum í Páfagarði og þar á bæ hafa menn nú snúið vörn í sókn. Ítalska kardinálanum Tarcisio Bertone hefur verið falið að hefja meintar lygar og staðreyndarvillur í verki Browns. Bertone er þungavigtarmaður og talinn hugsanlegur eftirmaður Jóhannesar Páls páfa þannig að það má öllum vera ljóst að *Da Vinci lykillingur* er litinn alvarlegur augum í Páfagarði. Bertone segir margt í bókinni minna sig á ómerkileg 19. aldar skrif til höfuðs kaþólsku kirkjunnar. Erkbiskupinn óttast það að útbreiðsla bókarinnar verði til þess að fjöldi lesenda fari að taka skróksögurnar í henni alvarlega. Bertoni hafnar því einnig alfarið að kaþólska kirkjan sé kvenfjand-samleg eins og gefið er í skyn í bók Browns. Útgefandi Browns í Bandaríkjunum hefur brugðist við bægslaganginum í kardinálanum með yfirlýsingu þar sem bent er á að þær hugmyndir sem lagðar eru til grundvallar spennandi söguþræði bókarinnar hafi verið á kreiki öldum saman og Brown hafi einungis gert sig sekan um að vinna úr þeim í skáldverki. Útgefandinn sagðist jafnframt virða kardinálan og Páfagarð fyrir viðleitni sína til að leiðrétta mögulegar staðreyndavillur í bókinni. *Da Vinci lykillingur* hefur þegar komið út innbundin og í kilju á íslensku og selst eins og heitar lummur og í maí er væntanleg sérstök myndskreytt útgáfa bókarinnar.



### > Bók vikunnar ...

**HULDUSLÓÐ** eftir Lizu Marklund

Sænski spennu-sagnahöfundurinn Liza Marklund hefur getið sér gott orð fyrir magnaðar sakamálasögur sínar um blaðakonuna Anniku Bengtsson. *Hulduslóð* er fyrsta bók Lizu og Annika kemur þar ekki við sögu enda um sannsögulegt verk að ræða. Liza segir hér frá sænskri konu sem er ofsótt af barnsföður sínum. Frægasta velferðarkerfi í heimi bregst henni og hún getur enga björg sér veitt. *Hulduslóð* er því sannkölluð spennusaga þó viðfangsefnið sé raunverulegt og gráfalvarlegt. Þetta er átakanleg bók um heimilisofbeldi sem á erindi við okkur öll og er svo spennandi að hún er lesin í einum rykk.



BÆKUR: ERU ENN GJALDGENGAR FERMINGARGJAFIR

## Bók er vegleg og góð gjöf

Bækur hafa frá upphafi þótt við-eigandi fermingargjafir og bók reyndar einn af fylgihlutum fermingarskartsins, sem er sálmbók í hendi. Ekkert lát er á vinsældum bóka til fermingargjafa og þykja þær enn verðugt veganesti þegar barnæskunni sleppir. „Í raun er athyglisvert hve bækur ná að halda sínu, miðað við æ stórtækari fermingargjafir,“ segir Þorgerður E. Sigurðardóttir bókmenntafræðingur og vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum. „Þorri þeirra sem velja bækur til gjafa eru þeir sem þekka fermingarbarnið minnst, því nánustu aðstandendur eyða orðið mun stærri upphæðum í fermingargjafir.“

### Auglýsingar í fermingarpakkana

Þorgerður segir bókgjöf í senn vera viðráðanlega og veglega gjöf, en algengt andvirði bóka í fermingarpakka er fjögur til tíu þúsund krónur.

„Dýrari bækur fara líka og ýmis ritsöfn eins og Íslendingasögurnar. Orðabækur eru sívinsælur og sennilega söluhæstar ef þær væru teknar saman, en úrvalið er svo mikið að einstaka orðabók nær ekki inn á metsölulista. Af söluhæstu bókum til fermingargjafa nú eru Vísindabókin, Íslandssaga A til Ö, Söguatlas, Íslenskur stjörnuatlas og



ÞORGERÐUR E. SIGURÐARDÓTTIR, BÓKMENNTAFRÆÐINGUR Segir Íslendinga aðeins farna að kaupa bækur til fermingargjafa sem nýttast meira aldurs skeiði fermingarbarnsins, þótt sigildar bókmenntir og ekki síst orðabækur hafi enn þá vinninginn.

Orð í tíma töluð, sem geymir fleyg orð og setningar. Þá seljast afmælisdagabækur alltaf í kringum fermingar,“ segir Þorgerður og nefnir einnig erlendar útgáfur orða- og fræðibóka.

„Erlendar bækur eru í æ meira mæli að stimpla sig inn hjá Íslendingum, bæði til gjafa og eigin nota. Þekkt orðabókamerki eins og Oxford þykja ekki síður virðuleg í fermingarpakkana.“

Séu sölulistar orðabóka skoðaðir selst ensk-íslensk mest og þar á eftir íslensk orðabók og dönsk-íslensk. Tölvuorðabækur, sem seldust grimmt til fermingargjafa í fyrra seljast eitthvað minna nú.

„Útgáfurnar hafa ekki auglýst tölvuorðabækur jafn mikið og í fyrra, og slíkt helst stíft í hendur,“ segir Þorgerður. „Þær bækur sem eru auglýstar ná beint til kaupenda meðan aðrar gleymast. Auglýsingar Eddu á afslætti á Íslendingasögum, Söguatlas, Íslenskri orðabók og Ritsafni Snorra Sturlusonar hafa skilað mikilli sölu og sýna að þær bækur tróna eftir á listum fyrir vikið.“

Auglýsingar skila sér því tvímælalaust í pakka fermingarbarna.“

### Nytsamlegar bókgjafir á uppleið

Ritsafn Snorra Sturlusonar er efst á metsölulista skáldverka þessa vikuna. Á eftir koma Íslendingasögurnar.

„Íslensk ungmenni hafa meiri áhuga á Íslendingasögum en áður, kannski sökum þess að þau hafa lesið Hringadróttins sögu og langar að lesa fleiri langar, epískar sögur. Mér finnst sú þróun í góðum farvegi. Margar af þeim bókum sem lenda í fermingarpökkum geymast til ára þegar þroski og aldur er orðinn meiri. Þar nefni ég sigildar bókmenntir og höfuðskáld, eins og Sjálfstætt fólk og Heimsljós Halldórs Laxness, Stórbók Þórbergs Þórðarsonar og Ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar, sem virðist höfða sterkt til fólks á öllum tímum. Steinn Steinarr hefur jafnan farið af stað yfir fermingartímann, en ekki núna. Þá seljast Passíusálmur og Spámaðurinn alltaf vel.“

thordis@frettabladid.is

**vikán**  
ný og fersk í hverri viku  
Stærri og flottara blað - Sama verð 599 kr.  
Aðeins 599 kr.

Hjónin Ruth Reginalds og Fannar Gauti Dagbjartsson

**Stendur með sinni konu!**

Vikan á léttu nótnum  
**Óþrúvisi páskamatur**

Allt sem þú vissir ekki...  
**Rannveig Rist**

**Ertu feimin?**  
Það er hægt að vinna bug á því

Sumarklippingin  
**Flottar línur!**

Skátískan  
Litrik og flott

Goran Micic  
einkabjálfafrj  
**Bjólistar á námskeiðin**

Krúttlegt páska-skraut

Holl ráð fyrir stelpu-motín

Náðu í eintak á næsta sölustað



## Full búð af glæsilegum sumarfatnaði

á stráka og stelpur,  
allt frá 68 - 164.  
Glæsilegur sumarfatnaður  
á börnin!

Opnunartími:  
Þriðjudaga til fimmtudaga 16:00 – 18:00  
Laugardaga 12:00 – 16:00

Erum einnig með eldri  
fatnað á mjög góðum afslætti  
- aðeins 3 verð í gangi.

Verslunin er staðsett á  
Strandgötu 29 í Hafnarfirði.



## Traktor ryður nýliðum braut

Bókaútgáfan Bjartur hefur stofnað nýtt útgáfufyrirtæki sem heitir Traktor og hefur jafnframt ráðið Eirik Örn Nordahl sem útgáfustjóra þess. Í tilkynningu frá Bjarti segir meðal annars: „Traktor er ný útgáfa af foreldri Bjarts sem beitt verður fyrir ferskustu bókmenntalega óknytti og skelmisbrögð íslenskra sem erlendra höfunda, með sérstakri áherslu á nýliða í stéttinni, þar sem plægðir verða akkrar hins ókunna og skemmtilega, hins hlægilega svartsýna og kauðslega fima.“ Höfuðstöðvar Traktors verða á Ísafirði en Eiríkur Örn telur það við hæfi þar sem það megi sjá „á umferðarskiltum víðs vegar um Reykjavíkurborg að þar er traktoramerkið illa séð nær öllum stundum. Á Ísafirði eru traktorir hins vegar auðsýnlegir á malbikinu, allan liðlangan sólarhringinn,“ segir Eiríkur og bætir því við að það liggja beint við að traktorstjórinn sé Ísafirðingur.



EIRÍKUR ÖRN NORDAHL Mun stýra útgáfufyrirtækinu Traktor frá Ísafirði enda kemur vart annað til greina þar sem traktorar eru illa séðir í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu.







# menning

menning@frettabladid.is

## Sópransöngur í Glerárkirkju

Sópransöngkonan Alexandra Chernyshova heldur tónleika í Glerárkirkju á Akureyri í dag ásamt píanóleikaranum Zbigniew Zuchowicz. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir Mozart, Rachmaninoff, Verdi, Tsjaikovski, Sigvalda Kaldalóns og Sigfús Einarsson, bæði ariur úr óperum, óperettum og kantötum ásamt rómantískum lögum.

Alexandra Chernyshova er fædd í Kiev í Úkraínu og var meðal annars fastráðin sem einsöngvari við Óperuna í Kiev áður en hún fluttist til Íslands í október árið 2003.

Zbigniew Zuchowicz er skólastjóri tónlistarskólans á Vopnafirði. Hann er ættaður frá Pólandi en hefur verið búsettur hér á landi undanfarnin ár ásamt fjölskyldu sinni.

Tónleikarnir eru þeir fjórðu sem þau halda í þessum mánuði. Hinir þrjú tónleikarnir voru á Vopnafirði, Bakkafirði og Egilsstöðum. Þeir eru haldnir til styrktar Rauða krossi Íslands og hefjast klukkan 17 í Glerárkirkju.



### EKKI MISSA AF...

... ljósmyndasýningunni **FLORA** sem ljósmyndarinn Jirí Hroník opnar á Thorvaldsen í dag. Ljósmyndirnar eru á striga og vísar Jirí í náttúruna og nálgast víðfangs efnið á sérstæðan hátt.



... tónleikum þeirra **Páls Óskars** og **Moniku Abendroth** hörpuleikara á Hótel Örki í Hveragerði á annan í páskum.

... tónleikum **Gunnars Kvarn** sellóleikara í Salnum í Kópavogi á miðvikudag og sunnudag, þar sem hann flytur allar sex sellósvítur Bachs.

## GLEÐILEGA PÁSKA SJÁUMST Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

### Stóra sviðið kl. 20.00

**MÝRARLJÓS** - Marina Carr

11. sýn. fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4 nokkur sæti laus, lau. 9/4 nokkur sæti laus, fös. 15/4.

**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson

Lau. 2/4 uppselt, sun. 3/4 uppselt, fim. 7/4 uppselt, fös. 8/4 uppselt, lau. 16/4 uppselt, lau. 23/4 örfá sæti laus, lau. 30/4 nokkur sæti laus, lau. 7/5, fim. 12/5 örfá sæti laus.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 3/4 14:00 örfá sæti laus, sun. 10/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 17/4 uppselt, sun. 24/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

### Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**GRJÓTHARDIR** - Hávar Sigurjónsson

Fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4 örfá sæti laus, mið. 6/4 uppselt, lau. 9/4 örfá sæti laus, fim. 14/4 uppselt, fös. 15/4 nokkur sæti laus, fim. 21/4.

Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasalan er lokað til þri. 29/3. Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.

Þjóðleikhúsið sími 551-1200

### MENNINGARHÁTÍÐ

## Gaman í Gilinu

Líklega verður hvergi á landinu meira að gera í menningargeiranum í dag en á Akureyri. Þar verður haldin listahátíðin „Gaman í Gilinu“ sem er hátíð í listum ungs fólks og fer fram í Grófargilinu, öðru nafni Listagilinu, í dag.

Dagskráin hefst klukkan tvö og stendur til miðnættis með fjölmörgum tónlistarviðburðum og myndlistarsýningum.

Upphafið að þessari hátíð má rekja til þess að í febrúar síðastliðnum stofnaði hópur áhugamanna um tónlistarhald á Akureyri félagsskap sem kallar sig Stjarna.g og stóð fyrir þögnleikum í febrúar með hljómsveitunum Vonbrigðum, Ælu og Bacon.

„Meiningin er að standa fyrir mánaðarlegum uppkömum af því tagi yfir allt árið og svo verði þessi hátíð í samvinnu við aðila í Gilfélaginu árlegur viðburður,“ segir Gunnar Jóhannesson, aðalSKIPULEGGJANDI hátíðarinnar.

„Það hefur alltaf verið mikil gróska í tónlistarlífi í Gilinu og hópur af ungu fólki hefur tekið ástfóstri við staði eins og Kaffi Karólínu. Þarna hefur myndast kjarni af ungu fólki sem hefur leitað út fyrir landsteinana og síðan komið heim aftur. Við ætlum að notfæra okkur krafta þeirra og vekja um leið athygli á þessari starfsemi sem fram fer í Gilinu.“

Klukkan tvö verða opnaðar þrjár myndlistarsýningar, en klukkutíma síðar verða tónleikar í Listasafninu á Akureyri þar sem Gunnlaugur Lárússon, fyrrverandi gítarleikari í Brain Police, flytur nýtt orgelverk eftir sig.

Í Ketilhúsinu verða tónleikar klukkan 16 með saxófónakvartettinum Saxófrón, sem er skipaður þeim Vigdísí Klöru Aradóttur á sópransaxófón, Teiti Birgissyni á altsaxófón, Wolfgang Frosta Sahr á tenórsaxófón og Guido Bäumer á baritónsaxófón.



**TENDERFOOT** Tónleikar með hljómsveitunum Leaves og Tenderfoot verða undir lok mikillar listaveislu ungs fólks á Akureyri í dag.

Á sama stað hefjast síðan aðrir tónleikar klukkan 17.30 með alþjóðlega djasstrióinu Tread, sem er skipað Svisslendingnum Matt Cowan á tenór- og baritónsaxófóna, Akureyringnum Róbert Reynissyni á gítar og New York-búanum Sergio Beresovski á trommur.

„Síðan á að slúttu þessu með góðum tónleikum þar sem hljómsveitirnar Leaves og Tenderfoot troða upp.“

Tenderfoot fagnar um þessar mundir útgáfu á sinni fyrstu smáskifu hjá hljómplötufrirtækni One Little Indian, en Leaves undirbýr nú tónleikaferð um Bretlandseyjar. ■

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

### STÓRA SVIÐ

#### DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.  
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20

Síðustu sýningar

#### HÍBYLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar  
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

#### HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau  
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

#### LÍNA LANGSOKKUR

e. Astrid Lindgren  
Lau 2/4 kl 14 - Aukasýning  
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning  
Lokasýningar

#### HOUDINI SNÝR AFTUR

Fjölskyldusýning um páskana.  
Í dag kl 15 - UPPSELT,  
í kvöld kl 20

### LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin  
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins  
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins  
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is  
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

### NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

#### SEGÐU MÉR ALLT

e. Kristínu Ómarsdóttur  
Fö 1/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20

#### AUSA eftir Lee Hall

Í samstarfi við LA.  
Fi 31/3 kl 20, Su 3/4 kl 20  
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

#### AMERICAN DIPLOMACY

eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lífandi leikhús.  
Fö 1/4 kl 20

#### Síðasta sýning

#### ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Fi 31/3 kl 20

Fö 1/4 kl 20 - UPPSELT,

Lau 2/4 kl 20 - UPPSELT,

Su 3/4 kl 20 - AUKASÝNING,

Fi 14/4 kl 20 - UPPSELT,

Fö 15/4 kl 20 - UPPSELT,

Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

#### SVIK

eftir Harold Pinter  
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA  
Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20

#### Síðustu sýningar

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

23 24 25 26 27 28 29

### Laugardagur

#### TONLEIKAR

16.30 Ljóðalög verða sungin og fátónlist flutt í félagsheimilinu Kirkju-

hvoli á Kirkjubæjarklaustri. Höfundur tónlistarinnar er **Guðmundur Óli Sigurgeirsson**, og hefur hann samið hana við ljóð eftir **Finn Torfa Hjörleifsson**.

17.00 Alexandra Chernyshova sópran og Zbigniew Zuchowicz píanóleikari halda tónleika í Glerárkirkju til styrktar RKÍ. Á efnisskrá verða m.a. ariur úr óperum, óperettum og kantötum ásamt rómantískum lögum.

Hljómsveitin **Shadow Parade** heldur tónleika á Hótel Örki í Hveragerði.

#### OPNANIR

14.00 Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Hanna Hlíf og Dögg Stefánsdóttir opna nýtt gallery á Akureyri, Gallerí BOX, að Kaupvangstræti 10. Á fyrstu sýningunni sýnir **Aðalheiður Eysteinsdóttir** myndbandsverk og skúlptúr.

#### SKEMMTANIR

Hljómsveitin **Dans á Rósum** frá Vestmannaeyjum spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.

**Brimkló** leikur á Players í Kópavogi.

Dj **Pröstur 3000** á Sólon.

Hljómsveitin **Papar** skemmtir ásamt **Páli Óskari** á Sjallanum, Akureyri.

Dansleikur með **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** í Klúbbnum við Gullinbrú.

**Atli skemmtanalögga** og **Erpur** sjá um stuðið á Kaffi Akureyri.

Hljómsveitin **Á móti sól** skemmtir í Hvíta húsinu, Selfossi.

Hljómsveitin **SÍN** leikur á Ránni í Keflavík.

#### ÚTIVIST

11.00 Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd efna til léttar gönguferðar. Farið verður frá Straetisvagnaskýlinu í Mjódd.

#### SAMKOMUR

14.00 Listahátíðin **Gaman í Gilinu** verður haldin í Grófargilinu á Akureyri með fjölmörgum tónlistarviðburðum og myndlistarsýningum. Hátíðin stendur til miðnættis.

### GERÐUBERG

GERÐUBERG  
ER LOKAÐ YFIR PÁSKANA.  
GLEÐILEGA HÁTÍÐ

www.gerduberg.is

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

**Sveppi er KALLI Á ÞAKINU**  
Eftir Astríð Lindgren

Fimmtudagur 21. Apríl	FRUMSÝNING	kl. 14.00
Laugardagur 23. Apríl	2. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur 24. Apríl	3. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur 1. Maí	4. sýning	kl. 17.00
Sunnudagur 1. Maí	5. sýning	kl. 14.00
Fimmtudagur 5. Maí	6. sýning	kl. 14.00
Uppstigningardagur		
Laugardagur 8. Maí	7. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur 9. Maí	8. sýning	kl. 14.00

MÍÐASALAN hefst 1. Apríl (ekki Kalla gabb), á www.borgarleikhus.is og í síma 568 8000

Nemendafélag Fjölbrotaskólans í Garðabæ kynnir

## MÚLAN RÚS

í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur

Síðasta sýning  
Þriðjudag 29. mars kl. 20

Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600 frá kl. 9 - 18 virka daga

Miðaverð 1500 kr.  
www.nffg.is/mulanrus

**Ávaxtakarfan**  
LAUSTURBÆ

Sun 3. Apríl kl. 13:30 sæti laus  
Pantanir í síma 551 4700  
miðasala opin 14 - 18 alla daga

www.midi.is  
www.avaxtakarfan.is  
Lifiteia



## TÓNLIST

## Glænýr Parsifal á skjánum

„Við erum vön hjá Wagnerfélaginu að safnast saman um páskana og horfa á óperuna Parsifal af myndbandi,“ segir Selma Guðmundsdóttir hjá Wagnerfélaginu á Íslandi. „Þar sem félagið er að verða tíu ára erum við þó löngu búin að klára að horfa á þessar fimm til sex upptökur sem gefnar hafa verið út í heiminum og farin að horfa á þær í annað sinn eða jafnvel þriðja.“

Vel þar því í veiði þegar félagsmenn fréttu af því að Sjónvarpið ætli að sýna glænýja upptöku af Parsifal á annan í páskum. Byrjað verður klukkan tólf með klukkutíma kynningarþætti og síðan verður óperan sýnd í heild sinni

frá klukkan 13.15, samfleytt í fjóra tíma.

Parsifal er síðasta ópera Wagners, frumflutt í Bayreuth undir leiðsögn hans sjálfs árið 1882. Óperan er jafnframt eitt tor-skildasta eða óræðasta verk tónskáldsins. Engu að síður er ein grunnhugmynd verksins að frelsun mannsins fái aðeins fyrir þjáningu, sjálfsafneitan og fórn.

Þessi sýning er samvinnuverkefni Óperunnar í Baden-Baden í Þýskalandi við ENO í London og óperuna í Chicago og það er hinn víðfrægi leikstjóri Nikolaus Lehnhoff sem leikstýrir henni. Fyrir upptökur valdi Lehnhoff einvalið söngvara, en meðal



ÚR ÓPERUNNI PARSIFAL Wagner-áðdaendur á Íslandi fagna ákaft að ný upptaka af óperunni Parsifal verður sýnd í sjónvarpinu á annan í páskum.

þeirra eru Chris Ventris í titillutverkinu, Thomas Hampson, Matti Salminen, Waltraud Meier, Tom Fox og Íslendingurinn Bjarni Thor Kristinsson. ■

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS

24 25 26 27 28 29 30

Sunnudagur

## TÓNLEIKAR

Mannakorn spila á Græna hattinum á Akureyri.

Pálmi Gunnarsson og Kristján Edelstein spila og syngja á Græna hattinum á Akureyri.

## SKEMMTANIR

Hljómsveitin Dans á Rósum frá Vestmannaeyjum spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.

Dúettinn Acoustics verður á Ara í Ögri.

Dj Svali á Sólun.

Hljómsveitin Quarashi ásamt Gísla Galdri í Sjallanum, Akureyri.

Hljómsveitin Ég spilar á Celtic Cross

Dj Nonni 900 á Pravda.

Atli skemmtanalögga og Erpur sjá um stuðið á Kaffi Akureyri.

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS

25 26 27 28 29 30 31

Laugardagur

## TÓNLEIKAR

14.00 Dagný Þórunn Jónsdóttir sópran, Rósalind Gísladóttir mezzó-sópran og Frank Kristinn Herlufsen

píanóleikari flytja Stabat Mater eftir Pergolesi og ariur úr óratoríum eftir Bach í Grindavíkirkirkju. Aðgangur ókeypis.

17.00 Páll Óskar og Monika Abendroth hörpuleikari halda tónleika á Hótel Örki í Hveragerði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**BROADWAY** www.broadway.is  
Sími: 533-1100

Veislusalir fyrir öll tilefni

**meðallit á hreinu**

Síðustu sýningar

2. apríl og Brimsið  
9. apríl og Hunang  
16. apríl og Hunang  
23. apríl og Hunang

Þjóðin sá myndina - ekki missa af söngleiknum

## KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

**Upplyfting með dansleik í kvöld**

- Fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar
- Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
- Hópamatseðill
- Sérstur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

## DANSLEIKIR um Páskana

Miðvikudaginn 23. mars daginn fyrir skírdag

## HLJÓMSVEITIN BRIMKLÓ

Föstud. 25. & laugardaginn 26. mars  
Athugið: Opnum á miðnætti föstudaginn langa

GEIRMUNDUR & hljómsveit  
VALTÝSSON  
KLÚBBURINN  
við gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á [www.klubburinn.is](http://www.klubburinn.is) eða í síma 567 3100

**40% AFSLÁTTUR**

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

OREGON 3. sæta leðursófi fæst svartur og creme B215 x D90 x H85 kr. 76.980. 2. sæta B116 x D90 x H85 kr. 59.980. 10.000 KR. VIÐBÓTARAFSLÁTTUR EF SETTIÐ ER KEYPT SAMAN 3+2

## SÓFAVEISLA

SETTIÐ 3+2

126.960

verð áður 209.960



3 SÆTA

48.980

VERÐ ÁÐUR 69.980

2 SÆTA

39.980

VERÐ ÁÐUR 59.980

OREGON 3. sæta sófi, úr microfíberáklæði, fæst í camel og antrazit B 215 x D 90 x H 85 kr. 48.980. OREGON 2. sæta sófi, L 160 x D 90 x H 85 kr. 39.980  
10.000 KR. VIÐBÓTARAFSLÁTTUR EF SETTIÐ ER KEYPT SAMAN 3+2



3 SÆTA

49.980

VERÐ ÁÐUR 69.980

2 SÆTA

39.980

VERÐ ÁÐUR 59.980

PORTO 3. sæta sófi, úr hrokknu chenille áklæði, fæst kaki, brúnn og svartur. B 200 x D 80 x H 80 cm kr. 49.980.  
PORTO 2. sæta sófi, B 160 x D 80 x H 80 cm kr. 39.980



**SMÁRA BÍÓ**  
HUGSADU STÓRT

**BeCool**  
Frumnýning Páskamyndin 2005  
Hættulegasta gamanmynd ársins

Sýnd kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ára  
Sýnd í Lúxus kl. 3.30, 6.30 og 9.30

Hann trúir ekki að vinur hennar sé til þar til fólk byrjar að deyja!  
Missið ekki af þessum magnaða spennutrylli með Robert De Niro sem fær hárin til að risa!

\*\*\* S.V. MBL  
\*\*\* K&F X-FM

**FM 957**

**HIDE AND SEEK**  
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

**HITCH**  
2 vikur á toppnum í USA & Íslandi. Yfir 20.000 gestir!

Sýnd kl. 1.30 og 3.30 m/isl. tali

**GRIMAN 2**  
SONUR GRIMUNNAR

Sýnd kl. 8 og 10.20 B.I. 16

**OPIÐ ALLA PÁSKANA**  
Sýningartímar gilda alla páskahelgina!

Dolby JDDJ IEX SÍMI 564 0000

**REGNBOGINN** 400 kr. í bíó!\*

**BeCool**  
Frumnýning Páskamyndin 2005  
Hættulegasta gamanmynd ársins

Sýnd kl. 3, 5.30, 8.30 og 11 B.I. 14 ára

Hann trúir ekki að vinur hennar sé til þar til fólk byrjar að deyja!

Missið ekki af þessum magnaða spennutrylli með Robert De Niro sem fær hárin til að risa!

\*\*\* S.V. MBL  
\*\*\* K&F X-FM

**FM 957**

**HITCH**  
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

**CLOSER**  
Sýnd kl. 8 B.I. 14

**SIDEWAYS**  
Sýnd kl. 10.15 B.I. 14

**GRIMAN 2**  
SONUR GRIMUNNAR

Sýnd kl. 1.50 Síðustu sýningar

**OPIÐ ALLA PÁSKANA**  
Sýningartímar gilda alla páskahelgina!

\*Gildir á allar sýningar merktar með rauðu SÍMI 551 9000

Sími 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

**OPIÐ ALLA PÁSKANA** - Tímar gilda fyrir 24.-28.mars

**Vanité**  
Stjarnan úr Legally Blonde og Sweet Home Alabama í yndislegri mynd.  
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10:30

**Meet the Fockers**  
Sýnd kl. 8 og 10:10

**Sjóræningjar á Saltkráku 3**  
Sýnd kl. 2 m/isl. tali - ATH! 400 kr.

**GRIMAN 2**  
SONUR GRIMUNNAR  
Sýnd kl. 2 og 4 m/isl. tali

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KR!**  
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

# BeCool

Páskamyndin 2005

Hættulegasta gamanmynd ársins ☘ Nú í bíó



**Duni**  
- góð hugmynd fyrir hátíð í bæ

Skemmtileg borðskreyting undirstríkar andrúmsloft borðhaldsins.

Servíettur, kerti og dúkar frá Duni fylla myndina og gefa þann blæ sem þú leitar eftir.

Nýttu þér hugmyndirnar í bæklingi frá Duni.



andrúmsloft • gæði • still • servíettur • kerti • dúkar

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ben Affleck** hefur tekið að sér fyrsta leikstjórnarverkefnið. Hann mun leikstýra mynd sem byggð er á skáldsögunni Gone, Baby, Gone sem er skrifuð af Dennis Lehane en hann skrifaði einnig Mystic River. Í myndinni er fylgst með tveimur einkaspæjum í Massachusetts sem eru ráðnir til þess að leita að fjögurra ára gamallri stúlku sem hefur verið rænt. Affleck mun ekki koma sjálfur fram í myndinni og hefjast tökurl í Boston í haust.



**Penelope Cruz** hefur rætt við kærastann sinn, Matthew McConaughey, um að eignast börn. Párið hittist þegar þau léku saman í myndinni Sahara. „Það væri erfitt að lifa eðlilegu lífi ef barn bættist í hópin því okkur líkar hvorugu við að dvelja á sama stað í langan tíma. En það gæti samt gengið upp,“ sagði Cruz. Penelope mun dvelja í fjóra mánuði í Evrópu við tökurl og kvíðir því að hitta Matthew ekki á meðan. „En þegar ég kem aftur þá væri gaman ef við yrðum saman að eilífu eftir það.“



**Brad Pitt** hefur varað **Ashton Kutcher** við að stríða **George Clooney** í þætti sínum, Punk'd. Pitt tók viðtal við Kutcher fyrir America's Interview Magazine og greip þá tækifærið til þess að vara hann við Clooney sem er þekktur fyrir að hrekkja fólk. „Ég man að fyrir tveimur árum þá varstu að reyna að kleggja á Clooney. En ég vil segja þér sem vinur; Ekki gera það. Ekki láta þér detta það í hug. Hann drepur þig og allt sem þér þykir vænt um. Eg veit að það er freistandi en ekki gera það!“

Sími 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

**OPIÐ ALLA PÁSKANA** - Tímar gilda fyrir 24.-28.mars

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400 KR. -

**GRIMAN 2**  
SONUR GRIMUNNAR  
ATH! SÝND KL. 2

**Sjóræningjar á Saltkráku 3**  
ATH! SÝND KL. 2

www.laugarasbio.is



**OPIÐ ALLA PÁSKANA** www.sambioin.is

 <b>Sandra Bullock</b> Ekki dæma hana eftir útlitinu! <b>miss Congeniality 2</b> <i>Armed and Fabulous</i>	 <b>Hringur óttans</b> hefur náð hámarki.	 <b>Sandra Bullock</b> Ekki dæma hana eftir útlitinu! <b>miss Congeniality 2</b> <i>Armed and Fabulous</i>
 <b>BILL MURRAY</b> <b>THE LIFE AQUATIC</b> with Steve Zissou	 <b>SAMUEL L. JACKSON</b> <b>COACH CARTER</b>	 <b>BILL MURRAY</b> <b>THE LIFE AQUATIC</b> with Steve Zissou
 <b>Bangsímon og Fríllinn</b>	 <b>CONSTANTINE</b>	 <b>CLINT EASTWOOD</b> <b>HILARY SWANK</b> <b>MORGAN FREEMAN</b> <b>MILLION DOLLAR BABY</b>

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
MISS CONGENIALITY 2 KL. 2-4-5.40-8-10.20	MISS CONGENIALITY 2 KL. 6-8-10	MISS CONGENIALITY 2 KL. 3-6-8.15-10.30
MISS CONGENIALITY 2 VIP KL. 2-5.40-8-10.20	THE RING TWO KL. 8-10.15 16 ára	THE RING TWO KL. 6-8.15-10.30 16 ára
THE RING TWO KL. 3-5.40-8-10.20 B.I. 16 ára	ROBOTS KL. 6	COACH CARTER KL. 3-5.30-8-10.30 12 ára
LIFE AQUATIC KL. 3-5.40-8-10.20 B.I. 12 ára	<b>AKUREYRI</b>	BANGSÍMON OG FRÍLLINN KL. 3-4.30
CONSTANTINE KL. 8-10.20 B.I. 16 ára	MISS CONGENIALITY 2 KL. 4-6-8-10	
WHITE NOISE KL. 8.15-10.20 B.I. 16 ára	THE RING TWO KL. 8-10.20 16 ára	
BANGSÍMON OG FRÍLLINN KL. 2-4.10-6.20	COACH CARTER KL. 5.40 12 ára	
LEMONY SNICKETT 'S KL. 2-4-6	BANGSÍMON OG FRÍLLINN KL. 4	

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900    KRINGLAN ☎ 588 0800    AKUREYRI ☎ 461 4666    KEFLAVÍK ☎ 421 1170

STARKSTA VYKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGAÐORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

■ **KVIKMYNDAHÁTÍÐ**

# Spennandi titlar bætast við

Það eru enn að bætast við áhuga-gerðar myndir á Kvikmyndahátíð Íslands, IIFF 2005, sem hefst í byrjun apríl. Dagskrá hátíðarinnar er fyrir löngu orðin svo þétt að það leikur enginn vafi á því að hún er ein glæsilegasta kvikmyndahátíð sem blásið hefur verið til á Íslandi árum saman.

Nú er ljóst að myndirnar Hotel Rwanda, Bomb the System, Darkness, Omagh og What the Bleep Do We Know bætast við þessa glæsilegu dagskrá. Hotel Rwanda er ekki síst beðið með mikilli eftirvæntingum en mörgum kvikmyndunandanum ótti það stórt að myndin skyldi ekki koma í kvikmyndahús á Íslandi fyrir Óskarsverðlaunahátíðina en hún fékk þrjár tilnefningar; fyrir besta leikarann, bestu leikkonu í aukahlutverki og besta frum-samda handrit. Þar fyrir utan hefur myndin hlotið sjö meiriháttar alþjóðleg verðlaun og 16 tilnefningar og komst inn á rúmlega 120 topp tíu lista yfir bestu myndir síðasta árs.



**DON CHEADLE** Þessi frábæri en vanmetni leikari fer á kostum í Hotel Rwanda en hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í myndinni sem greinir frá skelfilegum sannsögulegum atburðum.

Hotel Rwanda er byggð á sönnunum atburðum sem áttu sér stað árið 1994 í þjóðarmorðunum í Rúanda. Þrátt fyrir að ein milljón manns hafi látið lífið á 100 dögum, þá fengu blóðsúthellingarnar ekki mikla athygli annars staðar í heiminum og fréttir af málinu í vestrænum fjölmiðlum voru ekki áberandi. ■

■ **TÓNLIST**



**WHITE STRIPES** Ný plata er væntanleg frá White Stripes í sumar.

## Nýja platan tilbúin

Fimmta plata rokkduettsins White Stripes er tilbúin. Upptökur stóðu yfir í tæpar tvær vikur og tóku þau Jack og Meg White upp að meðaltali eitt lag á dag á heimili Jack í Detroit. Platan, sem hefur enn ekki fengið nafn, er væntanleg í búðir í lok júní.

Síðasta plata White Stripes, Elephant, var einnig tekin upp á skömmum tíma, eða tíu dögum. Fékk hún frábærar viðtökur um heim allan og er eftirvæntingin því mikil eftir nýju plötunni. ■

## Það sama og síðast

[ **TÓNLIST** ]

**UMFJÖLLUN**

Að mínu mati voru vinsældir 50 Cent eftir frumraun hans frekar ýktar. Jú jú, hann er sémilegasti rappari, en ekki mikið meira en það. Það virðist enn löða við hiphop í dag að rapparar séu dæmdir eftir því hversu syndsamleg fortíð þeirra er frekar en gæðum. Og ef þú hefur verið svo heppinn að hafa verið skotinn níu sinnum og lifað það af, ertu kóngurinn. Það skemmdi heldur ekki fyrir að 50 Cent var undir verndarvæng Eminem og Dr. Dre. Skotheld formúla, það hefði nánast ekki skipt neinu máli hvernig platan hljómaði.

Markaðsöfl 50 Cent eru nægilega skynsöm til þess að vita að það sé best að gefa út aðra plötu sem fyrst. Og nú er The Massacre komin í búðir. Nú er ekki haldið jafn fast í höndina á honum og á frumrauninni, og 50 Cent gengur uppréttari en áður.

Ég held að það sé öruggt að þeir sem kunnu að meta fyrri plötuna eigi eftir að hafa gaman að þessari. Hljómur þeirra og yfirbragð er nánast eins. Það er vel passað upp á að grúfin séu grípandi, og 50 Cent virðist hafa gott lag á því að semja smitandi öngla sem festast vel í kinn. Ég held að það sé öruggt mál að 50 Cent nái að festa vinsældir sínar í sessi með þessari plötu. Hér er nægilega mikið af slögurum til þess og óhætt að fullyrða að 50 Cent spili „leikinn“ eftir bókinni og taki litlar sem engar áhættur.

En hvað mig varðar þá hef ég ekki mjög gaman að þessu. Ég næ alveg stundum að koma mér inn í lögin, en þá heyrir ég textann og fæ bara alveg æluna upp í háls. Svo virðist flest allt sem kemur úr smíðju Eminem og Dr. Dre þessa dagana hljóma nákvæmlega eins. Það er komin of mikil mjaltarkonulykt af þessum bitum. Það er a.m.k. verið að mjólka eitthvað. Ég get svo sem alveg dillað



**50 CENT:** THE MASSACRE

**NIBURSTAÐA:** 50 Cent gefur addendum sínum það sem þeir vilja á fylgifiski hinnar geysivinsælu Get Rich or Die Tryin. Þetta er nánast sama kaffið, Nesquick með allt of miklum sykri. Addendum verða sáttir, hinir halda áfram að hrísta hausinn.

mér við þessa tónlist á góðum klúbba á laugardagsmorgni, en oftast nýtir maður tækifærið bara til þess að fara á barinn eða á klósettíð. Iss, piss og pelamál. Skritíð að svona ungur listamaður sé byrjaður að hljóma svona gamall?

Birgir Örn Steinarsson

**OPIÐ YFIR PÁSKANA!**

Opið alla páskana til kl. 23 á McDonald's Smáratorgi og Suðurlandsbraut




**269 kr.**

**i'm lovin' it**      **McShake miðstærð**

**KRINGLAN SAMBÍÓIN**

**3 BÍÓ UM PÁSKANA - 400 kr.**

 <b>Sandra Bullock</b> Ekki dæma hana eftir útlitinu! <b>miss Congeniality 2</b> <i>Armed and Fabulous</i>	<b>Sýnd kl. 3</b> <b>23.-28. mars</b>
 <b>SAMUEL L. JACKSON</b> <b>COACH CARTER</b>	<b>Sýnd kl. 3</b> <b>23.-28. mars</b>
 <b>Bangsímon og Fríllinn</b>	<b>Sýnd kl. 3</b> <b>23.-28. mars</b>

**PÁSKABÍÓ**      400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 3 um Páskana í SAMBÍÓUNUM Kringlunni



## Sunnudagur 27. mars páskadagur



▶ 19.30

Fræðsla í Austurdal. Heimildarmynd

um Austurdal í Skagafirði, mannlíf og menningu í einni af náttúruperlum landsins.

## SJÓNVARPIÐ

